BRYNDÍS SVEINBJÖRNSDÓTTIR
*Saumar litríka og hressilega kjóla*
• tíska • heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




HEILSA OG ÚTIVIST
*Siglingar, fjallgöngur, mataræði og slökun*
Sérblað um heilsu og útivist
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. apríl 2009 — 102. tölublað — 9. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 512 5000



**FIMMTUDAGUR**



**Virðing fyrir náttúrunni**
Náttúra.is hlýtur styrk frá menntamálaráðuneytinu til að dreifa Náttúruspilum í grunnskóla landsins.
TÍMAMÓT 26

**Úr fótboltanum í rappið**
Daníel Hjaltason þreytir frumraun sína á sviði
FÓLK 46



**Með flottasta barminn**
Scarlett Johansson þykir bera af öðrum konum í Hollywood.
FÓLK 37

**Valur jafnaði metin**
Valur vann í gær sigur á Haukum í framlengdum leik í úrslitakeppninni í handbolta.
ÍÞRÓTTIR 42




**VEÐRIÐ Í DAG**




**VÆTA** Í dag verður víðast hæg breytileg átt. Rigning eða skúrir en þurrt norðaustanlands. Úrkomulítið vestan til síðdegis. Hiti 3-14 stig, hlýjast fyrir norðan.

VEÐUR 4

# Námu fimmtán ára stúlku á brott og börðu í Heiðmörk

**Systir stúlkunnar segir ótrúlegt að hún sé á lífi. Misskilningur á MSN leiddi til þess að hópur stúlkna fór með hana upp í Heiðmörk og lamdi hana hrottalega. Rannsókn málsins er á frumstigi hjá lögreglu.**

**LÖGREGLUMÁL** Fimmtán ára stúlka var göbbuð upp í bíl við heimili sitt í gær undir þeim formerkjum að hún væri að fara að sættast við stúlku sem hún hafði átt í útistöðum við. Fljótlega komu fimm aðrar stúlkur upp í bílinn, en þar voru tvær fyrir, og óku með hana upp í Heiðmörk. Þar gengu tvær þeirra í skrokk á henni svo stórsér á henni.

„Þetta byrjaði á einhverjum misskilningi á netinu. Hún hélt að hún væri að ræða við aðra stúlku á MSN og síðan var hún sökuð um að ljúga upp á einhverja stúlku. Sú þekkir þennan stelpnahóp,“ segir Hrönn Óskarsdóttir, systir fórnarlambsins.

Stúlkurnar, sem eru úr Hafnarfirði og litlu eldri en fórnarlambið, hittu stúlkuna fyrir nokkrum dögum á matsölustað og réðust þar á hana, en voru stöðvaðar fljótlega. Í gær hringdu þær síðan í hana, þóttust vilja biðja afsökunar og sættast við hana. Í staðinn færðu þær hana upp í Heiðmörk þar sem tvær þeirra höfu að lemja hana. Hún var lamin ítrekað í andlitið.

Stúlkan segir að hinar stúlkurnar hafi staðið hjá, nema ein sem hljóp að bíl sem var þar hjá. Drengur sem sat í þeim bíl, og virtist tengdur stúlkunum, kom og skakkaði leikinn. Stúlkunni var síðan ekið til Hafnarfjarðar, en hún býr í Reykjavík. Alla leiðina héldu stúlkurnar tvær áfram að lemja hana. Hún var skilin eftir í Hafnarfirði og hótað lífláti kjaftaði hún frá. Að skilnaði kröfðust stúlkurnar 150 þúsund króna, annars yrði hún drepin.

Stúlkan er óbrotin en mjög bólgin í andliti. Tekin var sneiðmynd af henni í gær og Hrönn segir að læknar hafi sagt að hurð hafi skollið nærri hælum. Hún hafi verið svo bólgin að eitt högg á ákveðinn stað hefði getað kostað hana lífið. „Það er í raun ótrúleg heppni að hún sé á lífi. Það hefur einhver vakað yfir henni,“ segir Hrönn.

Lögreglan staðfesti að stúlkan og fjölskylda hennar hefðu rætt við lögreglumenn og lýst málsatvikum með þessum hætti. Rannsókn væri á frumstigi og stúlknahópsins væri leitað. Hrönn segir systur sína hafa verið svo ringlaða á lögreglustöðinni að hún hafi verið send heim til að jafna sig áður en formlegri skýrslutöku yrði lokið. „Hún er alveg í sjokki og vill helst flytja af landi brott.“ - kóp



**ÓTTAST FLENSU** Íbúar í Mexíkóborg eru áhyggjufullir vegna svínaflensunnar. Flestir farþegarnir í neðanjarðarlestum borgarinnar voru með grímu fyrir vitum í gær. Óttast er að 159 hafi látist af völdum flensunnar í Mexíkó. NORDICPHOTOS/GETTY

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hækkar hættustig vegna svínaflensu í fimmta stig:

## Breytir ekki áherslum hér á landi

**HEILBRIGÐISMÁL** Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hækkaði í gær viðbúnaðarstig vegna svínaflensunnar í fimmta stig af sex. Sérfræðingar stofnunarinnar telja því að heimsfaraldur gæti verið yfirvofandi.

„Í heimsfaraldri er mannkynið allt í hættu,“ segir Margaret Chan, framkvæmdastjóri WHO.

Tilkynnt hafði verið um 2.500 tilfelli í Mexíkó í gær, og vírusinn hafði dreift sér til að minnsta kosti tíu ríkja Bandaríkjanna.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir þessa breytingu hjá WHO koma til þar sem veiran sé farin að smitast manna á milli utan Mexíkó og Bandaríkjanna. Slík tilfelli hafi þegar greinst á Spáni. Hann segir hækkað viðbúnaðarstig ekki breyta áherslum hér á landi.

„Við erum með öðruvísi kerfi en Alþjóðaheilbrigðisstofnunin.

Við erum á því sem við köllum hættustig, sem tekur til bæði stigs fjögur og fimm hjá stofnuninni, svo áhættumatið breytist ekki,“ segir Haraldur.

Staðan verður metin aftur í dag, en engar vísbendingar eru um að flensan sé komin hingað til lands, segir Haraldur. - bj / sjá síðu 6

David Lynch væntanlegur:

## Kemur Íslandi til hjálpar

**FÓLK** Bandaríski kvikmyndaleikstjórinn David Lynch kemur til landsins á föstudag. Hann heldur fyrirlestur um innhverfa íhugun og telur að þar gæti lykillinn að uppsveiflu í íslensku samfélagi legið. „Samkvæmt formúlunni þarf aðeins eitt prósent þjóðar að tileinka sér þessa hugleiðslutækni og þar sem Íslendingar eru tiltölulega fámenn þjóð þarf frekar fáa til. Þeir þurfa bara að íhuga þrisvar á dag og þá mun kraftur þjóðarinnar leysast úr læðingi af miklu afli,“ segir Lynch í samtali við Fréttablaðið. Hann upplýsir jafnframt að hann hafi verið á leiðinni til Íslands í tuttugu ár en aldrei gefist tími til. „Ég hlakka mikið til að koma.“ -fgg / sjá síðu 46



DAVID LYNCH










## SPURNING DAGSINS



*Tryggvi, verður minna um hártoganir á þingi nú?*

„Stjórnmálin eru list hins mögulega, þannig að við náum sennilega bara taki hver á öðrum á einhvern annan hátt.“

Sköllóttir hafa aldrei verið fleiri á Alþingi, eða sjö talsins. Tryggvi Þór Herbertsson, nýkjörinn þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er einn þeirra.

Starfsmenn CCP fá greitt í evrum en Marel hætti að greiða í evrum:

# Allir vilja launin í evrum

**EFNAHAGSMÁL** Allir starfsmenn CCP á Íslandi fá nú greitt í evrum. „Við tilkynntum í október síðastliðnum að starfsmönnum stæði þetta til boða frá og með 1. janúar,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP. „Þá ákváðu flestir að nýta sér það og nú í apríl er þannig komið að við greiðum öllum í evrum en lítill hluti hefur valið að fá helming launa sinna í krónum.“

Launnunum er umbreytt á genginu 124 og segir hann þetta þýða að samkvæmt þessu samkomulagi fái starfsmennirnir nú meira en ef greitt væri í krónum. „Við erum með marga sérfræðinga í vinnu, bæði innlenda og erlenda og við lítum svo á að það sé ekki réttlætanlegt annað en borga þeim laun sem eru samkeppnishæf á alþjóðavísu,“ segir Hilmar.



**HILMAR VEIGAR PÉTURSSON** Allir starfsmenn CCP hafa valið að fá laun sín í evrum þótt einhverjir hafi valið að fá helminginn í íslenskum krónum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Snorri Þorkelsson, fjármálastjóri Marels. Hann segir að samkomulag fyrirtækisins við sína starfsmenn um að fá 40 prósent launanna greitt í evrum hafi verið til reynslu frá febrúar 2008. „Það voru mjög fáir sem nýttu sér þetta í upphafi en svo kom nokkur holskefla þegar allt fór á annan endann,“ segir Snorri.

Miðað var við gengið fyrsta dag mánaðar þegar samkomulagið tók gildi og þar sem margir gerðu það þegar krónan var lágt skráð urðu margir fyrir tapi þegar hún styrktist á ný. „Það var því ákveðið að hætta þessu nú í febrúar,“ segir Snorri. **- jse**

Hagnaður skreppur saman:

# VÍS hagnast um 242 milljónir

**VIÐSKIPTI** VÍS skilaði 242 milljóna króna hagnaði eftir skatta á árinu 2008. Eiginfjárhlutfall félagsins í árslok var 30 prósent og haldbært fé tæplega níu milljarðar króna. Þetta kemur fram í tilkynningu um afkomu VÍS.

Hagnaður VÍS er þó aðeins brot af hagnaði ársins 2007, sem voru tæpir 11 milljarðar króna.

Í lok árs 2008 átti VÍS ríkistryggð verðbréf og bankainnistæður sem námu um 20 milljörðum króna, en vátryggingaskuld félagsins var um 21 milljarður. Heildareignir félagsins námu um 32 milljörðum króna, samkvæmt tilkynningu frá félaginu. **- bj**

Dæmdur á skilorð í 60 daga:

# Ók ölvaður og slasaði fernt

**DÓMSMÁL** Ríflega þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að valda alvarlegu bílslysi undir áhrifum áfengis í febrúar 2007.

Maðurinn ók mjög ölvaður um Breiðholt og lenti í árekstri við tvo bíla. Fyrst ók hann utan í bíl, sem var á fullri ferð, og síðan tvívegis á annan bíl sem valt við það út af veginum.

Ökumaður og farþegar í þeim bíl slösuðust talsvert. Kona á fertugsaldri hálsbrotnaði, önnur sköflungsbrotnaði og tveir farþegar til viðbótar hlutu minni meiðsl. Maðurinn er sviptur ökurétti í tvö ár. **- sh**



**FÆKKAR** Lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu var fjölgað tímabundið um 20 manns í janúar. Ekki hefur fengist fjárveiting til að endurráða lögreglumennina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stefnir í að lögreglumönnum fækki í maí

**Fáist ekki auknar fjárveitingar munu 20 lögreglumenn láta af störfum um miðjan maí. Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins heldur í vonina um að fé fáist til að endurráða hópinn. Verður skoðað um mánaðamót segir dómsmálaráðherra.**

**KJARAMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur tilkynnt 20 lögreglumönnum sem ráðnir voru tímabundið í janúar síðastliðnum að samningar þeirra verði að óbreyttu ekki endurnýjaðir þann 15. maí.

Lögreglumennirnir voru ráðnir með sérstakri fjárveitingu í janúar, þegar svokölluð búsáhaldabylting stóð sem hæst. Ráðningarsamningar lögreglumannanna hafa verið endurnýjaðir tvisvar síðan.

Fáist ekki aukin fjárveiting fækkar starfandi lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu því um 20 um miðjan maí. Í dag eru um 300 lögreglumenn starfandi hjá embættinu, þar af um 100 sem ganga vaktir.

„Við höfum gert ráðuneytinu grein fyrir stöðunni, eins og við höfum gert frá áramótum,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. Hann segir að til þessa hafi engin viðbrögð komið frá ráðuneytinu, en segir ráðherra hafa skilning á þörf embættisins fyrir þessa starfsmenn.

Það segir sig sjálft að óheppilegt er að fækka lögreglumönnum, og að brotthvarf svo margra mun auka byrðar annarra lögreglumanna, segir Stefán.

Málið er nú til skoðunar innan dómsmálaráðuneytisins, segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra í tölvubréfi til Fréttablaðsins. Hún segir lögreglumennina 20 hafa sent sér erindi vegna málsins, auk þess sem lögreglustjórinn hafi tekið málið upp.

Ragna segir að tekin verði ákvörðun í þessu máli í kjölfar fundar með lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins í kringum mánaðamót. Þar verði farið yfir fjármál embættisins í heild sinni.

„Við höldum í vonina að það finnist einhverjir peningar,“ segir Arinbjörn Snorrason, formaður Lögreglufélags Reykjavíkur.

Það mun breyta miklu fyrir aðra lögreglumenn hverfi 20 félagar þeirra frá störfum, segir Arinbjörn. Álagið muni þá dreifast á færri herðar. Þá sé óvissan auðvitað erfið fyrir lögreglumennina sem nú stefnir í að missi vinnuna.

„Við munum vinna í því að það fáist fjármagn til þess að halda þeim áfram inni. Það er auðvitað ólíðandi fyrir þetta fólk að búa við þetta óvissuástand,“ segir Arinbjörn.

Stefán Eiríksson segir aðspurður að engir sumarafleysingamenn verða ráðnir hjá Lögreglu höfuðborgarsvæðisins í ár, ekki frekar en síðasta sumar.

brjann@frettabladid.is

Barnaverndarmálum fjölgar:

# Vísbending um áhrif kreppu

**FÉLAGSMÁL Tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur hefur fjölgað um 40 prósent á fyrstu þremur mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Fjölgunin er vísbending um að barnaverndarmálum kunni að fjölga í kreppunni.**

**Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. Þar segir að á fyrstu þremur mánuðum ársins hafi 1.107 tilkynningar borist, en 775 á fyrstu þremur mánuðum síðasta árs.**

**Hluta fjölgunarinnar megi rekja til aukinnar vitundar íbúa og starfsmanna, en erfiðar efnahagsaðstæður birtist einnig í hegðunarvandamálum barna. - bj**

Ferðaþjónustan á varðbergi:

# Áhyggjur af áhrifum flensu

**FERÐAÞJÓNUSTA Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustu, SAF, segir að aðilar innan ferðaþjónustu hafi áhyggjur af svínaflensunni í heiminum og hugsanlegum áhrifum hennar á íslenska ferðaþjónustu. Allir séu á varðbergi og fylgist vel með þróuninni.**



ERNA HAUKSDÓTTIR

**„Svona faraldur er eitt af því sem maður óttast auðvitað alltaf í ferðaþjónustu en ekki hefur komið í ljós hver framgangurinn verður. Við fylgjumst með hvað heilbrigðisstjórnvöld gera og gefa út. Annað getum við ekki gert. En auðvitað hafa allir áhyggjur af svona faraldri.“ - ghs**

40 sóttu um á Langanesi:

# Staða sveitarstjóra eftirsótt

**STJÓRNSÝSLA** Rúmlega fjörutíu umsóknir bárust um stöðu sveitarstjóra í Langanesbyggð. „Þetta er ástandið, það eru fjölmargir hæfir einstaklingar á lausu núna,“ segir Björn Guðmundur Björnsson, staðgengill sveitarstjóra, spurður um þennan fjölda.

Björn Ingimarsson, fráfarandi sveitarstjóri, sagði stöðu sinni lausri í mars þar sem hann tók þriðja sæti á prófkjörslista Sjálfstæðisflokks í Norðausturkjördæmi. **- jse**

## ÁRBORG

### Mynda holræsi eftir skjálfta

Meta á ástand holræsakerfisins í Árborg og umfang skemmda af völdum stóra jarðskjálftans 29. maí 2008 með því að mynda frárennslislagnir í sveitarfélaginu. Vinnan hefst í maí og segja bæjaryfirvöld að reikna megi með smávægilegum umferðartruflunum af þessum sökum.






Ólíklegt að lending náist í stjórnamyndun fyrr en eftir helgi:

# Góður gangur í viðræðum

**STJÓRNMÁL** Góður gangur er í stjórnarmyndunarviðræðum á milli Samfylkingar og Vinstri grænna. Tveir nýir viðræðuhópar hafa verið skipaðir og mun annar fjalla um atvinnumál en hinn efnahagsmál. Fyrir voru starfandi hópar um stjórnsýslu.

Hóparnir funduðu í gær og í eftirmiðdaginn hittust formenn og varaformenn og þeir Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson, sem sitja í hópnum um Evrópumál. Að því loknu funduðu þingflokkar og skipuðu í nýju hópana.

Steingrímur J. Sigfússon segir að mikilvægt hafi verið að breikka viðræðurnar og takast á við fleiri mál. „Ég, sitjandi í fjármálaráðuneytinu, hef nú verið að minna menn á að þar er mikil glíma framundan og eins gott að takast á við hana. Þá er mikilvægt að kynna stöðuna fyrir hinum nýju þingflokkum.“

Spurður um Evrópumál segir Steingrímur viðræður halda áfram þar. Heimildir Fréttablaðsins herma að Evrópuhópurinn hafi skoðað allar mögulegar leiðir. Vinstri græn leggja áherslu á tvöfalda atkvæðagreiðslu en Samfylkingin sættir sig ekki við það. Aðrar leiðir eru skoðaðar, svo sem að láta þingið taka málið fyrir. Því fylgja hins vegar flækjur, enda verður þá að treysta á afstöðu þingmanna í öllum flokkum. Mikill vilji sé til að ná saman og sé skipan nýju hópanna til merkis um það. **- kóp**



**SAMNINGAR** Forysta flokkanna hefur fundað í Norræna húsinu til að fara yfir ganginn í viðræðuhópum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



ENNEMM / SÍA / NM37752
GERÐU GLIMRANDI GÓÐ KAUP
Vorútsalan er hafin í Smáralind og allar verslanir fullar af góðum tilboðsvörum. Það er um að gera að nota tækifærið og kanna úrvalið. Þú finnur örugglega eitt og annað sem þig vantar á góðu verði. Láttu sjá þig í sumarskapi í Smáralind!
VORÚTSALA
30. APRÍL - 10. MAÍ
OPIÐ Í DAG 11-19
SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000
Smáralind

## GENGIÐ 29.04.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,91 | 128,53 |
| Sterlingspund | 188,91 | 189,83 |
| Evra | 169,38 | 170,32 |
| Dönsk króna | 22,736 | 22,870 |
| Norsk króna | 19,359 | 19,473 |
| Sænsk króna | 15,766 | 15,858 |
| Japanskt jen | 1,3192 | 1,3270 |
| SDR | 191,55 | 192,69 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,3528

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fulltrúar Rússa og Atlantshafsbandalagsins hittast eftir átta mánaða hlé:

# Deila enn hart um Georgíu

**BELGÍA, AP** Margvísleg deilumál voru efst á baugi fundar fulltrúa Rússa með sendiherrum Atlantshafsbandalagsríkjanna í Brussel í gær. Hlé varð á fundarhöldum þessum eftir Georgíustríðið síðasta sumar.

Eitt helsta hitamálið er enn Georgía. Rússar eru mjög á móti því að Georgía gangi í NATO og sætta sig illa við heræfingar NATO, sem halda á í Georgíu á næstunni.

„Samstarfsráð Rússlands og NATO er enginn góðveðursklúbbur,“ sagði Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO. „Við erum ekkert alltaf sammála um alla hluti.“

Engu að síður reyndu fulltrúar beggja að koma sér saman um málefni, sem byggja má frekara samstarf á. Rússar hafa til dæmis heimilað NATO að flytja birgðir og hergögn til Afganistans í gegnum Rússland. Einnig hefur samstarf verið hafið gegn sjóræningjum í Sómalíu.



**ANNAR FUNDUR Í MOSKVU** Meðan fulltrúi Rússa hitti sendiherra NATO í Brussel hittu varnarmálaráðherrar Shanghai-bandalagsins Rússlandsforseta í Moskvu. NORDICPHOTOS/AFP

Í Moskvu var haldinn annar fundur, þar sem hittust varnarmálaráðherrar Shanghai-bandalagsins, sem er varnarbandalag nokkurra Asíuríkja, þar á meðal bæði Rússlands og Kína.

Rússar og Kínverjar skýrðu í vikunni frá áformum sínum um nánara varnarsamstarf. **- gb**

Breskur fréttaskýrandi:

# Ísland í erfiðri samningsstöðu

**BRETLAND** Ísland yrði í erfiðri samningsstöðu, ef sótt væri um aðild að Evrópusambandinu núna, segir Bronwen Maddox, fréttaskýrandi hjá breska dagblaðinu The Times.

„Veikleiki Íslands er sá, að hafa tekið af skarið um leið og Evrópusambandið hefur lokað dyrunum,“ segir hún og fullyrðir að frekari stækkun ESB sé ekki möguleg fyrr en Írar hafa samþykkt Lissabon-sáttmálann í þjóðaratkvæðagreiðslu síðar á árinu, auk þess sem Króatía og Slóvenía þurfi sennilega að leysa úr landhelgisdeilum sínum áður en af stækkun geti orðið. **- gb**



**KANNABISPLÖNTUR** Maðurinn hafði um nokkurt skeið ræktað kannabisplöntur.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Kannabisræktandi dæmdur

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri af erlendum uppruna hefur verið dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir vörslu fíkniefna, sem hann er talinn hafa ætlað til sölu. Maðurinn var einnig dæmdur fyrir ræktun á kannabisplöntum.

Fíkniefnin og plönturnar geymdi maðurinn í bílskúr í Stelkshólum 4 í Reykjavík. Um var að ræða tæp 700 grömm af kannabislaufum og 83 kannabisplöntur. Hafði hann ræktað plönturnar um nokkurt skeið.

Maðurinn játaði sök. Auk fíkniefnanna var gerður upptækur hjá honum ýmis konar búnaður til ræktunarinnar. **- jss**

## LEIÐRÉTTING

Unglingalandsliðið í fimleikum náði þriðja sæti á Norðurlandamótinu sem fram fór í Svíþjóð á dögunum en ekki lið Ármanns eins og fram kom í Fréttablaðinu. Þá hafnaði Embla Jóhannesdóttir úr Gróttu í þriðja sæti í fjölþraut.

Í grein á bls. 16 í blaði gærdagsins var sagt að Lothar Matthaus væri höfundur ummælanna: „Fótbolti er einfaldur leikur. Tuttugu og tveir menn hlaupa um í 90 mínútur og svo vinna Þjóðverjar.“ Hið rétta er að það var auðvitað enski markahrókurinn Gary Lineker sem lét þessi orð falla um sögu viðureigna þjóðanna á fótboltavellinum.

# Ný kolategund sögð ógna bleikjustofnum

**Áhugamenn um stangveiði tengja minnkandi veiði á sjóbleikju við landnám flundru; kolategundar sem numið hefur hér land. Rannsókna á flundrunni er þörf en sérfræðingar telja hlýnandi veður líklegri orsök minni fiskgengdar.**

**UMHVERFISMÁL** Áhugamenn um stangveiði tengja minnkandi veiði á sjóbleikju á Íslandi við strandhögg nýrrar flatfisktegundar hér við land. Flundra, einnig kölluð ósakoli, fannst fyrst hér á landi árið 1999. Hún er byrjuð að hrygna hér við land og rannsóknir sýna að hún keppir við bleikjuna um vistsvæði.

Gunnar Bender, ritstjóri Stangveiðiblaðsins, hefur farið til veiða um allt land á undanförnum árum. Hann segir að samhliða landnámi flundrunnar hafi stangveiðimenn víða um land séð hversu mjög hefur dregið úr veiði á sjóbleikju, bæði í ám og vötnum þar sem útrennsli er til sjávar. „Það er alveg greinilegt hvernig þessi flatfiskur sækir á sömu svæði og sjóbleikjan. Í ám þar sem ég þekki vel til á Vesturlandi má kalla sjóbleikju horfin en á sama tíma hef ég séð torfur af flundru í ósum ánna.“ Gunnar segir að í sínum huga, og fjölmargra annarra veiðiáhugamanna, sé samband á milli landnáms flundrunnar og minnkandi fiskgengdar sjóbleikju og veiði.

Flundran hefur breiðst hratt út í vistkerfinu á undanförnum áratug. Þessi nýliði í íslenskri náttúru fannst í fyrsta skipti í ósum Ölfusár árið 1999. Síðla árs í fyrra barust síðan fregnir frá Miklavatni í Borgarsveit um flundru sem veiddist þar í net; en það er fyrsta staðfesta tilfellið frá Norðurlandi.

Sigurður Guðjónsson, formaður Veiðimálastofnunar, vék að rannsóknum á landnámi flundrunnar í Hlíðarvatni í Selvogi á formannafundi Landssambands stangveiðifélaga í mars. Sagði hann ljóst að fiskurinn æti hrogn bleikjunnar á hrygningartíma og bleikjuseiði væru einnig áberandi í fæðuvali í vatninu. En stendur bleikjunni ógn af þessari fisktegund?

„Sjóbleikjan okkar hefur vissulega gefið töluvert eftir, sérstaklega sunnan lands og vestan. En það tengi ég helst við hlýindi síðustu ára,“ segir Sigurður. „Sjóbleikjan er hánorræn tegund og Ísland má kalla suðurmörkin á útbreiðslusvæði hennar. Hins vegar breiðist þessi kolategund hratt út og mun væntanlega verða kominn allan hringinn innan fárra ára. Flundran nýtir sömu svæði og bleikjan og því er komin upp samkeppni um æti og pláss og eflaust er afrán í báðar áttir.“ Sigurður segir að fljótlega verði kannað hvort veiði á þessari nýju fisktegund sé möguleg. Flundran er eftirsóttur matfiskur í Evrópu.

**svavar@frettabladid.is**

## Útbreiðsla flundru frá 1999 - 2008






**FLUNDRA** Flatfiskur af kolaætt. Getur náð 60 sentimetra lengd. Lifir við botn frá fjöruborði niður á 100 metra dýpi. MYND/VMST

Styður Mikaíl Kodorkovskí:

# Kasparov reifst við saksóknara

**MOSKVA, AP Skákmeistarinn Garry Kasparov, einn af leiðtogum stjórnarandstöðunnar í Rússlandi, lét sjá sig við réttarhöldin yfir auðkýfingnum fyrrverandi Mikaíl Kodorkovskí í Moskvu í gær. Í hléi lenti hann í snörpu orðaskaki við einn saksóknaranna í málinu. Kasparov sagði það borgaralega skyldu sína að mæta við réttarhöldin og sýna Kodorkovskí stuðning.**



**MIKAÍL KODORKOVSKÍ**

**Saksóknarinn sagðist virða Kasparov en að hann ætti kannski frekar að einbeita sér að skákinni. Kasparov svaraði því til að verið væri að reyna að skipta út valdi laganna fyrir lög valdsins. - sh**

Auglýsing Samtaka iðnaðarins:

# Beðist afsökunar á birtingu

**FJÖLMIÐLAR** Samtök iðnaðarins viðurkenndu, í tilkynningu sem frá þeim barst í gær, að þeim hafi orðið á mistök með birtingu auglýsingar í blöðum á miðvikudag og biðja þá sem telja sér misboðið afsökunar, sérstaklega heilbrigðisstéttir og konur. Var ákveðið að hætta birtingu auglýsingarinnar.

Áður en SI viðurkenndu að birting auglýsingarinnar hafi verið mistök hafði Félag fæðinga- og kvensjúkdómalækna krafist þess að auglýsingin yrði fjarlægð, auk þess sem konur og læknar yrðu beðin afsökunar. Þá fordæmdi Femínistafélag Íslands að SI skuli nýta sér neyð kvenna í auglýsingum. **- ss**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**ÞURRAST NORÐAUSTAN TIL**
Kortin eru heldur blaut svona almennt séð. Í dag verður víða einhver væta, einkum fyrri partinn en þó verður úrkomulítið á Norðausturlandi. Svipað veður er á morgun og um helgina nema að um helgina verður úrkomulítið austanlands og raunar bjart þar á sunnudag.



Á MORGUN 5-13 m/s

LAUGARDAGUR 5-13 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Amsterdam | 17° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 20° |
| Eindhoven | 19° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 15° |
| New York | 17° |
| Orlando | 30° |
| Osló | 18° |
| París | 17° |
| Róm | 20° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# TILBOÐSVERÐ TIL APRÍLLOKA

# ELDHÚSDAGAR í ORMSSON

*... þú færð það aðeins* ***betra*** *hjá* HTH



**20% afsláttur** af öllum ***HTH*** innréttingum!

## ELDHÚSIÐ ER HJARTA HEIMILISINS

HTH er metnaðarfullt danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu innréttinga í eldhús og baðherbergi auk fataskápa.

HTH er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun og handverk eftirsótt og mikils metið um heim allan.

Komdu og upplifðu af eigin raun þá snilld þegar saman fer listræn sýn hönnuða, nákvæmar og framúrstefnulegar lausnir og framleiðsla sem stenst fyllilega allan samanburð og uppfyllir ströngustu gæða- og umhverfisstaðla.

Velkomin í **ORMSSON LÁGMÚLA 8** og kynnist því nýjasta og flottasta í eldhúsinnréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum. Við vinnum með þér tillögur að nýja drauma-eldhúsinu án skuldbindinga og gerum þér ***frábært verðtilboð***.

**20%** afsláttur af hágæða AEG eldhústækjum*

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

* með kaupum á HTH eldhúsinnréttingum

ORMSSON

KVIKA

**LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800**

## KJÖRKASSINN



*Óttast þú að svínaflensan berist til Íslands?*

| | |
|---|---|
| Já | 66,1% |
| Nei | 33,9% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Kaupir þú vatn í flöskum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Nýr þingheimur státar af fjölbreyttri menntun en lögfræðingar eru enn fjölmennir:

# Lögfræðingum fækkaði í þingliðinu

**STJÓRNMÁL** Þingmennirnir 63 sem landsmenn kusu á laugardag eiga fjölbreytta menntun að baki. Flestir þeirra, níu, lærðu lögfræði en lögfræðingum á þingi fækkaði frá síðasta kjörtímabili. Þá voru þeir þrettán.

Fimm lögfræðinganna eru í Sjálfstæðisflokknum, tveir í Framsóknarflokknum og einn í Samfylkingunni og VG.

Sjö þingmenn hafa kennaramenntun og jafn margir hagfræðimenntun.

Sex eru stjórnmálafræðingar, þrír viðskiptafræðingar og tveir líffræðingar. Þá eru nokkrir ýmist sagnfræðingar eða með próf í heimspeki. Auk þessa eru í þingliðinu hjúkrunarfræðingur, sjúkraþjálfari, búfræðingur, dýralæknir, stærðfræðingur, íslenskufræðingur og bókmenntafræðingur.

Tveir skipstjórar eru á þingi, einn bóndi og fjórir rithöfundar. Mun fleiri hafa þó skrifað bækur af einhverju tagi. Nokkrir þingmenn hafa ekki lokið langskólanámi.

Löngum hefur leið manna legið úr sveitarstjórnarpólitíkinni á þing. Það á einnig við núna. Tveir sveitarstjórar náðu kjöri auk nokkurra sveitarstjórnarmanna.

- bþs

**LÖGFRÆÐINGARNIR NÍU**

- Atli Gíslason
- Árni Páll Árnason
- Birgir Ármannsson
- Bjarni Benediktsson
- Höskuldur Þór Þórhallsson
- Ólöf Nordal
- Unnur Brá Konráðsdóttir
- Vigdís Hauksdóttir
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Finnski herinn:

# Kaupa norskt loftvarnakerfi

**FINNLAND Finnar kaupa loftvarnakerfi af Norðmönnum. Loftvarnakerfið kostar um 340 milljónir evra og á að koma í staðinn fyrir rússneskt kerfi sem finnska varnarmálaráðuneytið notar nú. Kerfið verður sett upp á árunum 2009-2014.**

**Norska loftvarnakerfið heitir NASAMS og er þegar notað í Noregi, Spáni og verður fljótlega tekið í notkun í Hollandi. Þá er þetta kerfi notað í kringum Washington, að sögn finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet.**

**Þá ætla Finnar að endurnýja radarkerfi sitt fyrir 175 milljónir evra.**

- ghs


**Námskeið í maí og júní** tónheimar



"Markmið mitt er að gefa sem flestum tækifæri til að stunda tónlistarnám því tónlist er stór hluti af lífi okkar allra og veitir ómælda ánægju og gleði.

Nú gefst þér tækifæri til þess að stunda skemmtilegt tónlistarnám og sem fyrr eru allir velkomnir, byrjendur sem lengra komnir, ungir sem aldnir."

Ástvaldur Traustason
skólastjóri Tónheima

- **Djasspíanó I og II** – Kennari: Ástvaldur Traustason
- **Sláðu í gegn! - Slagverksnámskeið** – Kennari : Steingrímur Guðmundsson (Millarnir)
- **Í gegnum tíðina - íslensk dægurlög** – Fyrirlesari: Pálmi Sigurhjartarson (Sniglabandið)
- **Spilað eftir eyranu** – Kennari: Ástvaldur Traustason
- **Harmónikka I og II** – Kennari: Ástvaldur Traustason
- **Lagasmíðar** – Kennari: Guðmundur Jónsson (Sálin)
- **Nótnaskrift í Sibelius** – Kennari : Pavel Smid (tónlist við Stóra planið)
- **Raf- og kassagítar** – Kennarar: Birkir Freyr (Andrúm) og Guðmundur Jónsson (Sálin)
- **Tónlistar- og tónmenntakennarar** – Kennari: Ástvaldur Traustason

**Skráning hafin á haustönn!** Frístundakort

**Uppl. og skráning á tonheimar.is og í síma 846 8888**







# Enginn smitaður af svínaflensu á Íslandi

**Fimm einstaklingar sem sýni voru tekin úr vegna einkenna er gátu passað við svínaflensuna illræmdu reyndust ekki vera smitaðir af henni. Heilbrigðisyfirvöld starfa samkvæmt hættustigi vegna flensunnar, sem herjar víða um lönd.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sýni sem tekin hafa verið úr fimm einstaklingum vegna gruns um að þeir gætu verið með svínaflensu reyndust neikvæð þegar niðurstöður lágu fyrir í gær, að sögn Haraldar Briem sóttvarnalæknis.

Síðdegis í gær voru engar vísbendingar um að flensan væri komin hingað. Enginn hafði leitað til inflúensumóttökunnar, sem komið hefur verið upp í Leifsstöð, um miðjan dag í gær, að sögn sóttvarnalæknis. Þá höfðu engar fregnir borist af því að fólk hefði leitað til lækna í gærdag vegna flensueinkenna.

Heilbrigðisyfirvöld og almannavarnir Ríkislögreglustjóra starfa nú samkvæmt hættustigi vegna svínaflensunnar sem nú herjar víða um lönd.

Í gær var komið upp inflúensumóttöku í Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli sem er mönnuð heilbrigðisstarfsmönnum frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Ferðamenn geta leitað þangað hafi þeir inflúensulík einkenni.

„Það er mjög mikilvægt að móttakan sé til staðar og að fólk viti af henni,“ segir sóttvarnalæknir.

Ekki verður gripið til innkomuskimunar í flugstöðinni, þar sem fullvíst er talið að slík aðgerð þjóni engum tilgangi.

Upplýsingum hefur verið miðlað til heilbrigðisþjónustu og viðbragðsaðila. Heilbrigðisstarfsmenn hafa verið hvattir til þess að senda sýni frá sjúklingum með inflúensulík einkenni til greiningar og hefur leiðbeiningum um notkun veirulyfja verið dreift.

Stöðug vöktun er vegna flensunnar.

Óhjákvæmilegt er að margir farþegar sem koma til landsins frá Bandaríkjunum og Mexíkó muni leita læknis vegna ýmissa einkenna. Grunsamleg tilfelli byggjast á skoðun læknis og það er síðan staðfest með því að sýna fram á sýkingu á rannsóknarstofu. Mikið ósamræmi er í sjúkdómsmynd svínainflúensunnar í Mexíkó miðað við önnur ríki, að sögn sóttvarnalæknis.

jss@frettabladid.is



**GRIMMARI Í MEXÍKÓ** Svínaflensan virðist vera mun grimmari í Mexíkó en öðrum löndum. Um tíma í gær var talið að barn í Texas hefði látist úr henni. Barnið reyndist hins vegar hafa komið þangað frá fyrrnefnda landinu, þar sem allmargir hafa látist af völdum flensunnar.

## Viðbúnaðarstig heilbrigðisyfirvalda

**Viðbúnaðarstig heilbrigðisyfirvalda og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra**

**■ Óvissustig**
Nýr undirflokkur inflúensuveiru greinist í mönnum en sýking milli manna er ekki þekkt nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband.

**Hættustig**
Enginn staðfest sýking hérlendis. Hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar.

**Neyðarstig**
Stofn inflúensuveirunnar hefur fundist í einum eða fleiri einstaklingum hérlendis eða heimsfaraldri hefur verið lýst yfir. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna.

**STAÐFEST TILFELLI**

| Land | Fjöldi tilfella |
|---|---|
| Spánn | 2 |
| Bretland | 2 |
| Kanada | 13 |
| Costa Rica | 1 |
| Ísrael | 2 |
| Mexíkó | 33 |
| Nýja Sjáland | 11 |
| Bandaríkin | 64 |

Viðbrögð við svínaflensu eru með ýmsu móti í ríkjum heims:

# Svínum slátrað í Egyptalandi

**EGYPTALAND, AP** Viðbrögðin við svínaflensu eru ekki á sama veg í öllum ríkjum heims. Í Egyptalandi tóku stjórnvöld þá ákvörðun að slátra skyldi öllum svínum í landinu, en þau eru samtals 300 þúsund.

Bændur í Egyptalandi reyndust þó engan veginn sáttir við þessa ákvörðun og hafa reynt að hindra framkvæmd hennar eftir bestu getu.

Asíuríki hafa hins vegar brugðist öðruvísi við. Þau telja sig hafa lært ýmislegt af tveimur faröldrum sem þar hafa geisað undanfarinn áratug. Annars vegar er þar átt við fuglaflensuna, hins vegar HABL-faraldurinn svonefnda, en sú skammstöfun stendur fyrir heilkenni alvarlegrar bráðalungnabólgu. „Ef eitthvað gott hefur komið út úr HABL-faraldrinum og fuglaflensunni er það að við erum betur undirbúin í Kína og einnig annars staðar í heiminum,“ segir Hans Troedsson, yfirmaður Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í Peking.

„Það sem mestu skiptir er að almenningur skilji ástandið,“ segir hann. „Besta leiðin til þess er að veita upplýsingar. Það er lexían sem við lærðum í Víetnam og víðar.“

HABL-faraldurinn varð nærri 800 manns að bana árið 2003, en fuglaflensan hefur kostað samtals meira en 250 manns lífið undanfarin ár.

- gb



**BÆNDUR KOMA Í VEG FYRIR SLÁTRUN** Bændur í Egyptalandi stöðvuðu fulltrúa stjórnvalda sem ætluðu að slátra öllum svínum í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




## Frábærar nýjungar frá Dior í vor

- Næturkrem og töfradropar í R60/80XP, húðin yngist á meðan þú sefur.
- Eau Svelte grenningarkrem, brýtur niður appelsínuhúð, sléttir og þéttir, sýnilegur munur.
- Dior Addict. 20 nýjir varalitir, falleg litaþekja, léttir og þægilegir.
- Spennandi nýjungar í Capture Totale línunni.

### Dior kynning í Hagkaup 30. apríl - 6. maí

Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Holtagörðum og á Akureyri.
Vertu velkomin og kynntu þér það nýjasta frá Dior.
Sérfræðingar verða á staðnum og veita þér ráðgjöf.
Gjöf fylgir kaupum þegar keyptir eru 2 hlutir* eða fleiri frá Dior.

* Gildir ekki ef keyptir eru 2 blýantar

KAUPAUKI*

- Capture Totale krem 15 ml
- Diorskin Forever farði 10 ml
- Rouge Dior varalitur
- Diorshow Iconic maskari
- Jadore ilmvatn 5 ml
- Taska

* Meðan birgðir endast



OPIÐ
Á MORGUN
1. MAÍ

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heita Bakkavararbræður?*
2. *Hvað heitir fráfarandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi?*
3. *Hvað eru margir alþingismenn sköllóttir?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Börnin fengu áfallahjálp:

## Fúi í burðarvirki var orsök svalahruns

**SLYS** Fúi í burðarvirki er talinn orsök þess að svalir Ölvers, sumarbúða KFUM og K, sem á stóðu tuttugu börn úr Grundarskóla á Akranesi, gáfu sig í fyrrakvöld. Sú er bráðabirgðaniðurstaða eftir úttekt lögreglunnar í Borgarnesi, Vinnueftirlitsins og byggingarfulltrúa.

Aðkomu lögreglunnar að málinu er lokið í bili en rannsókn hinna aðilanna heldur áfram. Börnum og foreldrum, sem voru í skólaferðalagi í húsi sumarbúðanna, var veitt áfallahjálp eftir slysið.

„Við hörmum þetta mjög og erum afar þakklát fyrir að enginn slasaðist alvarlega,“ segir Guðni Már Harðarson, gjaldkeri stjórnar Ölvers. - kg

# Guðlaugur og Árni falla niður um sæti á framboðslistum

**Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokks féllu um sæti vegna útstrikana í kosningunum. Steinunn Valdís segir að ekki hafi öll kurl komið til grafar um styrki. Árni Johnsen telur of auðvelt að fella þingmenn um sæti.**

**STJÓRNMÁL** Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokks féllu niður um sæti vegna útstrikana í alþingiskosningum laugardags.

Guðlaugur Þór Þórðarson, efsti frambjóðandi í Reykjavíkurkjördæmi suður, fellur niður í annað sætið. Árni Johnsen í Suðurkjördæmi fellur úr öðru sæti í það þriðja. Þeir komast þó báðir á þing.

Aðrar útstrikanir höfðu ekki áhrif á stöðu þingmanna.

Mikið hafði verið rætt um stöðu Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, frambjóðanda Samfylkingar, en hún féll ekki niður um sæti, þrátt fyrir margar útstrikanir.

„Fréttirnar af þessum útstrikunum hjá mér voru kannski dramatískari en raunveruleikinn,“ segir hún. „Ég held að kjósendur hafi uppgötvað þessa leið og beitt henni og það er hið besta mál. Ég fæ þessar útstrikanir líklega út af styrkjaumræðunni, hvort sem það er að ósekju eða ekki. Ég læt aðra um að dæma það, en ég held að ekki hafi öll kurl komið til grafar í því máli,“ segir Steinunn. Enn sé óupplýst um styrki til annarra frambjóðenda í öllum flokkum, frá öðrum fyrirtækjum en FL Group og Baugi.

Hún telur útstrikanirnar ekki veikja stöðu sína innan flokksins, enda hafi fleiri fengið að kenna á þeim en hún. „En ég tók á mig ákveðinn skell fyrir flokkinn. Það var flokksleg ákvörðun að halda prófkjör og þau kosta háar upphæðir.“ Steinunn vill nú byggja upp traust kjósenda að nýju.

> ...ég tók á mig ákveðinn skell fyrir flokkinn. Það var flokksleg ákvörðun að halda prófkjör og þau kosta háar upphæðir
>
> **STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**
> ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokks, telur að þröskuldur útstrikana sé of lágur, auðvelt sé fyrir litla hópa að breyta röð á lista.

„Mér þykja þessar útstrikanir svolítið langsóttar aðferðir eftir velheppnuð prófkjör. Það geta alltaf verið ástæður fyrir útstrikunum, og við því er ekkert að segja, en mér finnst ekki mikið lýðræði í því að fimmtán prósent kjósenda geti ráðið meiru en hin 85 prósentin,“ segir Árni. Hann vill ekki tjá sig um hvort aðrir frambjóðendur Sjálfstæðisflokks hafi unnið gegn honum í kjördæminu.

Kolbrún Halldórsdóttir segist hafa spurt sig strax í prófkjörinu hvort grænar áherslur væru á undanhaldi í flokknum, þegar hún lenti þar í þriðja sæti. Hún segist enn vilja gegna starfi umhverfisráðherra, en missi ekki svefn yfir því. „Ég hef alltaf verið umdeild innan flokks og utan, og hef alltaf getað lifað með því. Það er líf eftir pólitík.“

Ekki náðist í Guðlaug Þór Þórðarson, en hann var gagnrýndur í kosningabaráttunni fyrir að þiggja háa styrki frá FL Group og Baugi og fyrir að hafa haft milligöngu um styrki til Sjálfstæðisflokksins.

klemens@frettabladid.is

## MESTAR ÚTSTRIKANIR EFTIR KJÖRDÆMUM:

### LANDSBYGGÐIN

**Norðvesturkjördæmi:**
1. Einar Kristinn Guðfinnsson D: 248
2. Ásmundur Einar Daðason V: 160
3. Lilja Rafney Magnúsdóttir V: 159

**Norðausturkjördæmi:***
1. Kristján Þór Júlíusson D: Á þriðja hundrað
2. Birkir J. Jónsson B: Á þriðja hundrað
3. Kristján L. Möller S: Á annað hundrað

**Suðurkjördæmi:**
1. Árni Johnsen D: 1.355**
2. Björgvin Guðni Sigurðsson S: 600
3. Ragnheiður Elín Árnadóttir D: 149

* Tölvuforrit brást í Norðausturkjördæmi og nákvæmari tölur eru ekki komnar.
** Fellur niður um sæti

### SUÐVESTURHORNIÐ

**Suðvesturkjördæmi:**
1. Þórunn Sveinbjarnardóttir S: 1.168
2. Þorgerður K. Gunnarsdóttir D: 909
3. Siv Friðleifsdóttir B: 359

**Reykjavíkurkjördæmi suður:**
1. Kolbrún Halldórsdóttir V: 1.990*
2. Guðlaugur Þór Þórðarson D: 1.933**
3. Össur Skarphéðinsson S: 1.284

**Reykjavíkurkjördæmi norður:**
1. Steinunn V. Óskarsdóttir S: 1.443
2. Helgi Hjörvar S: 657
3. Mörður Árnason S: 656

* Útstrikun Kolbrúnar hefur ekki áhrif á þingflokk VG, því hún náði hvort eð er ekki kjöri.
** Fellur niður um sæti.


GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON


STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR


ÁRNI JOHNSEN


KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR







Fallegt fjölskylduhótel með bæði herbergi og íbúðir. Allt innifalið til kl. 23 á kvöldin; máltíðir, innlendir drykkir með mat, drykkir að degi eða kvöldi og skemmtidagskrá.

VERÐDÆMI
**104.280 kr.**
á mann miðað við 2 með 2 börn í viku með öllu inniföldu.
2 fullorðnir í viku, allt innifalið, verð 122.440

Allt innifalið!

## Við greiðum þér leið í sólina

Það er afskaplega auðvelt að komast í gott frí á sólarströnd með fjölskylduna með því að skipta kostnaðinum í fjórar jafnar vaxtalausar greiðslur á greiðslukort. Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar ljúft og þægilegt frí á frábærum kjörum. Marmaris í Tyrklandi og Albufeira í Portúgal hafa laðað Íslendinga til sín sumar eftir sumar. „...og nú allir af stað með Úrval-Útsýn“.

ÚRVAL·ÚTSÝN
www.urvalutsyn.is

Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.




Í DAG ER

# OFURDAGUR

BENSÍNORKUNNAR

# -5 kr.

af eldsneytíslítranum á öllum stöðvum fyrir **handhafa Orkulykla**

**Fáðu þér lykil að sparnaði**

**Alltaf 2 kr. afsláttur**

Pantaðu nýja Orkulykilinn á **www.orkan.is** eða í síma **533 5123** og við sendum þér lykilinn þér að kostnaðarlausu. Við fyrstu notkun og á Ofurdögum Bensínorkunnar færðu **5 króna afslátt** af eldsneytislítranum en annars færðu alltaf **2 króna afslátt**.

Sæktu um Orkulykil á **www.orkan.is**

ORKAN BENSÍN

**Ódýrara eldsneyti**



**SETTI UPP GRÍMUBROS** Þessi ungi maður í Mexíkóborg hafði teiknað breitt bros á grímuna sem hann setti síðan upp til að verjast svínaflensu-smiti. NORDICPHOTOS/AFP

Talsmaður neytenda telur brotið á lánþegum og vill að gerðardómur ákvarði niðurfellingu skulda:

# Vill eignarnám og niðurfærslu lána

**EFNAHAGSMÁL** Talsmaður neytenda telur að ríkið ætti að taka öll lán, önnur en lán Íbúðalánasjóðs, eignarnámi og niðurfæra síðan hluta þeirra í samræmi við mat sérstaks gerðardóms. Þetta kemur fram í ítarlegum tillögum sem Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, hefur sent Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra.

Gísli leggur til að húsnæðislán annarra stofnana en Íbúðalánasjóðs verði færð til ríkisins og kröfuhöfum bætt tjónið eftir almennum reglum. Síðan verði gerðardómur skipaður fulltrúum bæði skuldara og kröfuhafa og hann fái það lögbundna hlutverk að taka bindandi ákvörðun um hvaða íbúðalán skuli færð niður, hve mikið og hvernig það skuli gert. Það geti verið misjafnt eftir tegund og stöðu láns eða aðstæðum lántakenda. Niðurfellingin skuli ekki vera skattskyld.

Gísli segir kjarna málsins vera þann að neytendur – einkum skuldarar íbúðalána – muni að óbreyttu einir bera skellinn af efnahagskreppunni í stað þess að deila byrðinni með kröfuhöfum. Ábyrgð lánveitenda sé hins vegar meiri en svo að hægt sé að réttlæta þá niðurstöðu.

Gísli telur forsendur fyrir lánasamningum að mestu brostnar.



**TALAR MÁLI NEYTENDA** Gísli Tryggvason hefur sent forsætisráðherra ítarlegar tillögur sínar til lausnar vanda heimilanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Neytendur hafi verið blekktir við gerð lánasamninga, enda hafi þeir ekki haft forsendur til að meta ástandið í efnahagsmálum – ólíkt lánveitendum. Einkum sé hæpið að samningar um gengis- og verðtryggð lán standist, enda hafi ekki mátt gera ráð fyrir kerfishruni eins og því sem hér varð og áhrifum þess á verðbólgu og gengi.

Enn fremur telur Gísli hugsanlegt að lánveitendur og ríkið hafi bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart lánþegum með því að bregðast ekki af nægum krafti við aðstæðum og blekkja jafnvel almenning með því að halda upplýsingum leyndum. Þá kunni eigendur lánafyrirtækja að vera skaðabótaskyldir hafi þeir unnið gegn gengi íslensku krónunnar. **- sh**






**NÝR HEILBRIGÐISRÁÐHERRA** Obama skýrði frá því í gær að Kathleen Sebelius yrði heilbrigðisráðherra í stjórn sinni, sem nú er loks fullskipuð, hundrað dögum eftir að hún tók til starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Byrjaður að dusta rykið

**Fyrstu hundrað dagar Baracks Obama í starfi forseta Bandaríkjanna þykja vel heppnaðir. Mannréttindasamtök segja þó hægt miða í mannréttindamálum.**

**BANDARÍKIN, AP** „Ég er sáttur við árangurinn sem við höfum náð, en þó ekki ánægður,“ sagði Barack Obama um fyrstu hundrað daga sína í starfi.

Í gær voru liðnir hundrað dagar frá því hann tók við embætti forseta Bandaríkjanna við hátíðlega athöfn í Washington. Obama hefur ekki setið verkefnalaus þessa fyrstu daga, heldur þurft að glíma við erfiða efnahagskreppu og umdeilda arfleifð forvera síns á alþjóðavettvangi.

„Við erum byrjuð að byggja okkur upp og dusta af okkur rykið,“ sagði Obama í gær í St. Louis, þar sem hann kom fram á fjölmennum fundi. „Við eigum margt eftir ógert,“ bætti hann þó við.

Mannréttindasamtökin Amnesty International segja að Obama hafi ekki enn tekist að hrista af Bandaríkjunum slyðruorð fyrri stjórnar í mannréttindamálum. Stefna nýja forsetans einkennist fremur af loforðum um breytingar en raunverulegum aðgerðum.

Þótt hann hafi til dæmis lofað lokun Guantanamo-búðanna og sagst hafa stöðvað notkun pyntinga hafi enn lítið gerst í málefnum fanganna á Kúbu.

„Frá sjónarhóli fanganna hafa stjórnarskiptin nánast enga þýðingu haft,“ segir Rob Feer, einn af höfundum skýrslunnar. „Sumir þeirra hafa verið í haldi í sjö ár og þurfa hraða úrlausn sinna mála.“

Bandaríkjaforseti notaði hundrað daga áfangann meðal annars til að fagna öldungadeildarþingmanninum Arlen Specter, sem á þriðjudag skýrði frá því að hann væri genginn úr Repúblikanaflokknum og til liðs við demókrata.

Demókratar eru þar með komnir með 59 þingsæti í öldungadeildinni, þar sem hundrað þingmenn eiga sæti. Þeir vonast enn fremur til þess að fá sextugasta sætið þegar loks fæst úr því skorið hver vann sigur í þingkosningunum í Minnesota í nóvember síðastliðnum. Þar er endurtalningu atkvæða enn ekki endanlega lokið.

Daginn áður hafði öldungadeildin gefið samþykki sitt fyrir því að Kathleen Sebelius, ríkisstjóri í Kansas, yrði heilbrigðismálaráðherra í ríkisstjórn Obamas. Þar með er ríkisstjórnin loks fullskipuð, hundrað dögum frá því hún tók til starfa. **- gb**

*Vortónleikar*
Fóstbræðra
í Langholtskirkju 28., 29. og 30. apríl kl. 20 og 2. maí kl. 16



Einsöngur: Þóra Einarsdóttir sópran
Hjálmur Gunnarsson bassi
Þorsteinn Guðnason tenór
Píanó: Steinunn Birna Ragnarsdóttir
Stjórnandi: Árni Harðarson

*Fjölbreytt og spennandi efnisskrá.*
*Miðasala við innganginn.*

Karlakórinn Fóstbræður

Skattrannsóknarstjóri segir ekkert þokast í bönkunum í Lúxemborg:

# Verði kært til ríkislögreglustjóra

**EFNAHAGSMÁL** Skattrannsóknarstjóri rannsakar nú hugsanleg skattabrot félags og býst við að kæra málið til ríkislögreglustjóra. Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri segir þetta mál vera hluta af stærra máli.

Það teygi anga sína til Lúxemborgar, eins og mörg önnur mál sem tengjast bankahruninu. Lengra komist rannsókn slíkra mála ekki, vegna bankaleyndar þar ytra.

„Það dúkka upp fleiri og fleiri svona mál sem tengjast Lúxemborg þannig að það er alveg klárlega mín skoðun að þau gögn sem þar liggja eru lykilgögn til að ná utan um starfsemi bankanna,“ segir hún.

Í desember 2008 fór þáverandi bankamálaráðherra fram á að stjórnvöld í Lúxemborg afléttu bankaleynd gagnvart íslenskum rannsakendum. Sigrún segir að ekki hafi verið opnað fyrir aðgang að þessum gögnum. Alþjóðleg þróun, þrýstingur annarra landa, þoki þessu þó í rétta átt. Afar þýðingarmikið væri að fá þessari leynd aflétt, fyrir íslensk yfirvöld.

Ekki náðist í Gylfa Magnússon, núverandi bankamálaráðherra. - kóþ



**BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR** Skattrannsóknarstjóri segir að miklu máli myndi skipta fyrir íslenska rannsakendur að fá bankaleynd aflétt.






**VÍNBÚÐIRNAR** Konan hélt sig aðallega við sterkari tegundirnar.

Tæplega fertug kona:

## Stal koníaki, viskí og vodka

**DÓMSTÓLAR** Tæplega fertug kona hefur verið dæmd í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnaði.

Konan stal í allmörg skipti áfengi úr vínbúðum ÁTVR. Hún valdi tegundir af sterkari gerðinni svo sem koníak, viskí og vodka. Að auki stal hún fötum og snakki úr Hagkaupum, svo og fimm DVD-myndum úr Krónunni.

Auk ofangreindrar refsingar var konunni gert að greiða skaðabætur upp á tæplega níu þúsund krónur til Hagkaupa og skaðabætur til ÁTVR að upphæð rúmlega 24 þúsund krónur. - jss

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki:

## Eigið fé 110 milljarðar 2007

**SJÁVARÚTVEGUR Eigið fé íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í árslok 2007 var 110 milljarðar, eða 25,3 prósent. Þetta kemur fram í ritinu Hagur fiskveiða og fiskvinnslu árið 2007 sem Hagstofa Íslands hefur gefið út. Niðurstöður efnahagsreiknings sýna að heildareignir sjávarútvegsins voru 435 milljarðar króna en heildarskuldir 325 milljarðar.**

**Afkoma sjávarútvegsins á árinu 2007 var almennt viðunandi þrátt fyrir erfið ytri skilyrði. Tekjur fiskveiða námu 85,4 milljörðum króna og heildargjöld námu 67,1 milljarði króna. Tekjur fiskvinnslu námu 94,3 milljörðum króna og rekstrarkostnaður nam 87,7 milljörðum króna.** - shá

Dæmdur fyrir stórfelld svik:

## Skattsvikari sektaður um 120 milljónir

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri, Sverrir Pétur Pétursson, hefur verið dæmdur í ellefu mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, fyrir að skjóta 60 milljónum króna undan skatti á tveggja ára tímabili. Honum er gert að greiða 120 milljóna sekt í ríkissjóð.

Sverrir, sem er málarameistari, bar að hann hefði skilað öllum virðisaukaskattskýrslum eftir að rannsókn málsins hófst, en gögn málsins bera það hins vegar ekki með sér, að því er segir í dómi. Sverrir hefur ekki áður gerst sekur um lögbrot. - sh



Kynntu þér úrræðin

Starfsfólk Kaupþings aðstoðar þig við allt sem tengist fjármálum heimilisins og breyttum aðstæðum og leitar hentugra úrræða fyrir þig.

- Stöðumat
- Ráðgjöf
- Heimilisbókhald
- Lífeyris- og tryggingamál
- Netdreifing/útgjaldadreifing
- Sparnaðarleiðir
- Úrræði í greiðsluerfiðleikum
- Greiðslujöfnun
- Breyting á lánaskilmálum
- Lenging lánstíma
- Tímabundin frestun afborgana

Kynntu þér málin á www.kaupthing.is, hafðu samband í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi Kaupþings.

KAUPÞING

**Stangaveiði**



Stangveiði á vatnasvæði Elliðavatns hefst **1. maí.**
**Veiðileyfi eru seld á Kríunesi og Elliðavatni.**
Á sömu stöðum geta félagar úr Sjálfsbjörg, unglingar (innan 16 ára aldurs) og ellilífeyrisþegar í Reykjavík og Kópavogi fengið afhent veiðileyfi án greiðslu.

**Veiðifélag Elliðavatns**




SINDRI
BYGGINGADEILD | KLETTAGÖRÐUM 12 | SÍMI : 575 0000 | WWW.SINDRI.IS




MÁLEFNI INNFLYTJENDA
-NÁM Á MEISTARASTIGI
Umsóknarfrestur til 11. maí

Nýtt nám á Íslandi
Fræðileg og hagnýt þekking
Staðnám og fjarnám – hentar með vinnu
Metið til eininga í Lýðheilsuvísindum HÍ

Nánari upplýsingar í síma 525 4444 og á endurmenntun.is

GLÆNÝ STÓRLÚÐA
GLÆNÝ BLEIKJUFLÖK FRÁ HOFI ÖRÆFUM
ÓBARINN STEINBÍTUR OG ÝSA FRÁ ÍSAFIRÐI.

ATH. ÞAÐ ER LÖNG HELGI FRAMUNDANOG UM AÐ GERA AÐ BYRGJA SIG UPP. OPNUM AFTUR MÁNUDAG KL 8.00. ÞÁ VERÐUR KOMIN SIGIN GRÁSLEPPA AÐ NORÐAN!!!
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

**FRÉTTASKÝRING:** Fiskveiðistefna ESB



**SJÓMAÐUR Í FRAKKLANDI** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins veltir því nú fyrir sér að taka að hluta til mið af íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu. NORDICPHOTOS/AFP

# Ábyrgð útgerða aukin

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt fram áfangaskýrslu að endurskoðun sameiginlegrar fiskveiðistefnu ESB, svonefnda grænbók. Í henni er að finna tillögur sem taka visst mið af íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu, einkum hvað það varðar að auka beina hagsmuni útgerðarmanna sjálfra af ábyrgri umgengni við fiskistofnana.**

Þegar Joe Borg, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn ESB, kynnti grænbókina í Brussel í síðustu viku tók hann fram að með henni væri verið „að spyrja spurninga jafnvel um grundvallarþætti stefnunnar; ekkert á að vera undanskilið. Við erum ekki á höttunum eftir einhverri venjulegri endurskoðun. Það er kominn tími til að hanna nútímalegt, einfalt og sjálfbært kerfi til að stýra fiskveiðum í ESB, sem er fært um að lifa langt inn í 21. öldina.“

## Greining og gagnrýni

Í skýrslunni er annars vegar að finna greiningu á hinum margvíslegu hliðum sameiginlegu fiskveiðistefnunnar eins og hún er nú. Einkum er reynt að skýra hvers vegna enn er við ýmis alvarleg vandamál að stríða við framkvæmd stefnunnar, þrátt fyrir þá grundvallarendurskoðun sem tók gildi árið 2002. Hins vegar er velt upp hugmyndum að breytingum, sem ætlaðar eru sem grunnur að almennri umræðu um endurskoðun stefnunnar. Ljúka á því stigi endurskoðunarferlisins í árslok 2010. Á grunni niðurstöðunnar úr umræðunni á grundvelli grænbókarinnar ætlar framkæmdastjórnin síðan að semja tillögu að heildarendurskoðun sameiginlegu fiskveiðistefnunnar, sem lögð yrði fyrir Evrópuþingið og ráðherraráðið fyrir mitt ár 2011, með það fyrir augum að svigrúm gefist til að láta málið hafa sinn gang í gegnum lagasetningarferli sambandsins fram á árið 2012, þannig að hin endurskoðaða stefna geti tekið gildi í ársbyrjun 2013.

Ofveiði er höfuðvandinn

Eitt höfuðvandamálið er ofveiði: 88 prósent fiskistofna í fiskveiðilögsögu ESB-ríkja sæta meira en sjálfbæru veiðiálagi. Heil 30 prósent fiskistofnanna eru svo illa ofveiddir – ekki sízt vegna veiða á undirmálsfiski og vegna brottkasts – að hætta þykir á hruni þeirra. „En þrátt fyrir það höldum við áfram að veiða tvöfalt, þrefalt það sem ákveðnir stofnar standa undir,“ segir Borg.

Þetta helgast fyrst og fremst af of stórum fiskiskipaflota með allt of mikla veiðigetu. Rakið er í grænbókinni hvernig slík umframveiðigeta er í raun efnahagslega skaðleg, því hún minnkar ekki aðeins fiskistofna niður fyrir sjálfbært mark heldur minnkar hún stöðugt arðsemi útgerðarinnar. „Finna verður lausnir til að endurreisa þá stofna sem eru verst útleiknir og tryggja um leið að útgerð verði áfram áreiðanleg, arðbær atvinnugrein,“ segir Borg.

## Of mikil miðstýring

Auk of mikillar veiðigetu er bent á fjóra aðra aðalvankanta á sameiginlegu fiskveiðistefnunni eins og hún er nú:

- Skortur á skýrum stefnumiðum, sérstaklega hvað varðar vistfræðilega ábyrgð og tengsl við heildarstefnu í málefnum sjávar;
- ákvarðanataka er of miðstýrð og of skammtímamiðuð, sem oftar en ekki grefur undan sjálfbærni til lengri tíma;
- of lítil ábyrgð á framkvæmd stefnunnar er lögð á herðar útgerðanna sjálfra;
- of lítill pólitískur vilji hefur reynst fyrir hendi í aðildarríkjunum til að sjá til þess að farið sé eftir settum veiðitakmörkunum.

## Allt sé uppi á borðinu

Til að bregðast við þessum vanköntum stefnunnar er í grænbókinni lagt til að allt sé uppi á borðinu, þar á meðal það sem hingað til hefur verið talið til grundvallarreglna á borð við meginregluna um hlutfallslegan stöðugleika.

Önnur atriði sem lagt er til að verði endurskoðuð eru niðurgreiðslur til sjávarútvegsfyrirtækja, samningar um fiskveiðimál við lönd utan ESB, fyrirkomulag ákvarðanatöku um fiskveiðimál í ESB, auk þess sem lagt er til að útgerðir axli meiri ábyrgð sjálfar á að sjá til þess að fiskistofnar séu ekki ofveiddir.

Spurningamerkið sem í grænbókinni er sett við regluna um hlutfallslegan stöðugleika er til þess að rekja, að hin fasta hlutdeild hvers útgerðarríkis í sambandinu í heildarkvóta úr sameiginlegum fiskistofnum (svo sem í Norðursjó) valdi því, að öll reyni þau að hámarka þennan kvóta og þetta fyrirkomulag hvetji til ofveiði og skammtímahagnaðarhugsunar.

Framkvæmdastjórnin hefur kannað hug aðildarríkjanna 27 til þess að þessi meginregla sameiginlegu fiskveiðistefnunnar yrði endurskoðuð. Einungis eitt ríki – Holland – lýsti sig reiðubúið til þess. Hvað sem líður þessum vangaveltum í grænbók framkvæmdastjórnarinnar liggur því nú þegar fyrir að ekki verður hróflað við reglunni.

Önnur hugmynd, sem líka miðar að því að láta útgerðarmenn axla meiri ábyrgð á að markmið um sjálfbæra nýtingu fiskistofnanna séu virt, tekur mið af kerfi framseljanlegra aflaheimilda líkt og við lýði er á Íslandi og í Noregi. „Notkun markaðstækja eins og framseljanlegra veiðiréttinda gæti verið hagkvæmari og ódýrari leið til að draga úr offjárfestingu og leið sem sjávarútvegurinn sjálfur þyrfti að taka meiri ábyrgð á,“ segir í grænbókinni. Rétturinn til nýtingar og ábyrgðin á góðri umgengni þurfi að fara saman.

## Eftirspurn eftir íslenzkri þekkingu

Önnur sönnun þess, að framkvæmdastjórnin vill líta til þess hvernig Íslendingar haga málum við stjórn fiskveiða, er að hún óskaði eftir því að íslenzka sjávarútvegsráðuneytið tilnefndi fulltrúa í nefnd sérfræðiráðgjafa, sem fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar vinnur að endurskoðun sameiginlegu fiskveiðistefnunnar. Sá fulltrúi er Stefán Ásmundsson, sem þegar er tekinn til starfa í Brussel.

Í ljósi þess hve framkvæmdastjórnin virðist að þessu sinni einörð í að vilja ná fram alvöru umbótum á stjórn fiskveiða í Evrópusambandinu er vert að benda á að verði af því að Íslendingar hefji fljótlega viðræður um aðild að ESB, nógu fljótlega til að endurskoðunarferli sameiginlegu fiskveiðistefnunnar væri enn í gangi þegar aðildarsamningur lægi fyrir, gæfist Íslendingum væntanlega færi á að hafa enn meiri bein áhrif á mótun stefnunnar.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

HB Grandi í Belgíu:

## Kynnir afurðir sínar sjálft

**SJÁVARÚTVEGUR** HB Grandi tók þátt í tveimur sjávarútvegssýningum í Brussel í Belgíu í vikunni. Um er að ræða European Seafood Exposition (ESE) og Seafood Processing Europe (SPE). Þátttakan er liður í starfi félagsins við að taka markaðssetningu sinna afurða í eigin hendur.

Sýningarnar voru í sviðsljósi fjölmiðla í þrjá daga en talið er að gestir frá yfir 150 þjóðlöndum sæki þær. Sýningarnar eru jafnan vettvangur alls hins besta sem sjávarútvegsfyrirtæki og fyrirtæki sem þjónusta sjávarútveginn hafa upp á að bjóða. Rúmlega 900 fyrirtæki taka þátt þeim. - shá



**ÁRTÚNSBREKKA** Tæplega 390 milljónir fara í viðhald og rekstur þjóðvega í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ríkið semur við borgina:

## 400 milljónir í viðhald vega

**SAMGÖNGUMÁL** Vegagerðin og Reykjavíkurborg hafa endurnýjað samning sinn um viðhald og rekstur þjóðvega innan borgarmarkanna. Samningurinn felur í sér að Framkvæmda- og eignasvið borgarinnar annast yfirlagnir malbiks, fræsun gatna, vetrarþjónustu, gatnamerkingar, umferðarljós, umferðarmerki, gatnahreinsun, gatnalýsingu og skiltabrýr er tengjast þjóðvegum í Reykjavík. Sambærilegir samningar eru við önnur sveitarfélög í nágrenni höfuðborgarinnar.

Samningsupphæðin er 390 milljónir króna. - shá

**HOLLAND**

### Hafnar kröfum Karadzic

Stríðsglæpadómstóll í Haag hefur hafnað kröfum sakborningsins Radovan Karadzic, sem taldi dómstólinn ekki hafa heimild til að rétta yfir sér. Dómstóllinn ætlar að halda áfram réttarhöldum yfir Karadzic vegna stríðsglæpa í tengslum við Bosníustríðið.

**BRETLAND**

### Sýknaðir en í fangelsi

Tveir bresku sakborninganna þriggja, sem á þriðjudag voru sýknaðir af ákærum um að hafa aðstoðað fjóra hryðjuverkamenn sem sprengdu sig í loft upp í London í júlí 2005, voru í gær dæmdir til sjö ára fangavistar fyrir aðrar sakir tengdar dvöl þeirra í þjálfunarbúðum fyrir hryðjuverkamenn.




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA






Grasfræ
*1 kg*
**1.499**

## Mosaeyðing

Svona gerum við gegn mosa.

**Notum mosaeyði eða:**

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni.
2. Berum grasáburð á grasflötina.
3. Berum garðakalk á grasflötina.
4. Sáum grasfræi í sárin.
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er.
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur.




Garð-
áburður
*5 kg*
**999**

# STRÍÐ GEGN MOSA

## Nú er rétti tíminn




Úrvals
gróðurmold
12 ltr
**399**kr

Mosaeyðir
*5 kg*
**2.999**







Garðakalk
*5 kg*
**899**





Eplatré
*Jonagold og Elstar*
**2.990**kr



Rhododendron
Lyngrós
*Bengal og Abendrot*
**999**kr

Ræktunarpakki
**1499**kr
Inniheldur:
**Kryddjurtafræ** / 3 pk
**Sáðmold** / 12 ltr
Allgrow **lífrænn áburður** / 1 ltr
**Plastpottar** / 3 stk / 10 sm



**Útsæði**
*Helga, Premier, Gullauga og Rauðar*
**799**
*5 kg*

# Allt fyrir vorverkin og matjurtagarðinn

**Sérfræðingar Blómavals veita þér ráðgjöf**



# RÆKTUNARÁTAK
## Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI



7,4 fm **79.000**



7 fm **49.000**

## Gróðurhús og vermireitir



**11.990**

Allt um matjurtarræktun í Sælureit bls. 157-158



**Ruslavagn**
Claber
5081642
**4.999**



**Hjólbörur**
Ravendo, 80 ltr
5080038
**3.995**



**Plöntuskófla**
5084677
**249**



**Malarhrífa**
5084290
**1.499**



**Laufhrífa**
5084335
**999**

**25% AFSLÁTTUR af öllum HiPoint greina- og hekkklippum**



**Hekkklippur**
HiPoint
5084672
**1.699**



**Greinaklippur**
HiPoint
5084663
**1.274**

**ÓDÝRT**



**Greinaklippur**
HiPoint, 55 sm
5084669
**1.499**

HÚSASMIÐJAN x blómaval

Frábær saman

## „ORÐRÉTT“

### Eðli málsins samkvæmt

**„Þeir sköllóttu eru ekki eins uppteknir af geltúpunni eins og allir þessir litlu pabba-drengir.“**

KARL BERNDSEN TÍSKULÖGGA UM FJÖLDA SKÖLLÓTTRA ÞINGMANNA.
**Fréttablaðið, 29. apríl.**

### Vistkistur

**„Jú, við erum nýju útrásar-víkingarnir, en þó með jákvæðum formerkjum.“**

STEFÁN H. MATTHÍASSON LÍKKISTU-SMIÐUR SEM HUGAR AÐ ÚTFLUTN-INGI Á VISTVÆNUM LÍKKISTUM.
**Morgunblaðið, 29. apríl.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI

## Ætlar í stórafmælisgöngu á Ítalíu



„Við erum að jafna okkur og höfum það nokkuð gott eftir hremmingar vetrarins,“ segir Anna Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Hrafnagilsskóla í Eyjafirði. „Vorið er komið og við erum að fylgjast með farfuglunum og erum að smíða fuglaskoðunarhús til að geta skoðað þá enn betur.“

Að sögn Önnu er verið að undirbúa starfið í Hrafnagilsskóla næsta vetur. „Við þurfum að minnsta kosti ekki að auglýsa eftir kennurum því við þurftum að segja upp fólki og það var náttúrlega mjög sárt. Það eru allar línur að skýrast og við vonum að við þurfum ekki að tálga meira út af starfinu. Þetta ætti að skýrast á næstu tveimur vikum,“ segir Anna sem kveður kreppuna hafa lagst misjafnlega í skólabörnin.

„Sum virðast ekkert hafa tekið eftir þessu en maður finnur það á öðrum að þau eru misjafnlega áhyggjufull. Það er misjafnt hvað er mikið talað um þetta heima hjá þeim og hvað þau hlusta mikið á fréttir sjálf og hvernig þau túlka þær,“ segir Anna sem neitar að beygur sé í skólafólki í Hrafnagili. „Það þýðir ekkert heldur annað en að leita lausna og gera sitt besta.“

Af sjálfri sér segir Anna að hún ætli að ganga um fjöll á Ítalíu í sumar. „Ég ætla að halda upp á að ég næ góðum aldri og hef hugsað mér að fara í skemmtilega ferð um Dólómíta-alpana. Og ég ætla að njóta þess að vera úti og skoða landið og vera með fjölskyldunni.“

### FRÓÐLEIKUR
#### FLENSUFARALDRAR

Mannskæðir flensufaraldrar hafa gengið yfir heiminn á nokkurra áratuga fresti. Síðast var það Hong Kong-flensan, sem varð nærri milljón manns að bana á árunum 1968-69, eða fyrir um fjörutíu árum. Tíu árum þar á undan var það Asíuflensan, sem lagði eina til eina og hálfa milljón manns að velli á árunum 1957-58. Þá höfðu liðið nærri fjörutíu ár frá Spænsku veikinni, sem kostaði fjörutíu milljónir manna lífið á árunum 1918-20. Næsti faraldur þar á undan var svo rússneska Asíuflensan, sem dró milljón manns til dauða á árunum 1889-90.


Miele

Þú sparar kr. 9.210



vilborga@centrum.is

Sparaðu með Miele

Nýja S2120 ryksugan frá Miele er lágvær, létt, kraftmikil og með stórum poka. Hún fæst í rauðu og bláu. Parketbursti að andvirði kr. 9.210 fylgir frítt með.

best brands 2008 das deutsche markenranking

MOST TRUSTED BRAND 2008

TILBOÐ Kr. 22.994*

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

*tilboð gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is




**ALLT AÐ VERÐA TIL** Hermann heldur á plötunni enda er hann látinn taka til hendinni þegar hann lítur við á Laugavegi þar sem Valdimar er að keppast við að allt verði til þegar fyrstu kúnnarnir koma eftir mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vonandi verða kojurnar frá Kína komnar í tíma

**Eftir rétt rúman mánuð verður Reykjavíkbackpackers, farfuglaheimili af óvenjulegra taginu, opnað að Laugavegi 28. Þar munu hundrað manns geta gist og slegist í hóp ferðalanga sem fara að sjá náttúru Íslands eða mikilvægar vörður sem marka næturlífið í Reykjavík.**

Þegar komið er inn í húsið að Laugavegi 28 er erfitt að trúa því að erlendir ferðamenn séu þegar búnir að bóka sig í gistingu þar hinn 1. júní næstkomandi. Timbur, verkfæri, sag, vírar og kaplar liggja um gólf og langt virðist í að aðstaðan verði ferðamönnum bjóðandi.

Þeir Hermann Fannar Valgarðsson og Valdimar Geir Halldórsson voru með áform um að reka gistiheimili í hluta hússins en þegar ferðafrömuðirnir Torfi Yngvason og Jón Heiðar Andrésson bættust í hópinn var ákveðið að tefla djarfar. En eru þeir vissir að húsið verði komið í stand fyrir fyrsta hópinn? „Valdi er á fullu að undirbúa en ég er í annarri vinnu svo ég get ekkert annað gert en bara stressað mig yfir því,“ segir Hermann. „Þannig að ég er svolítið stressaður, jú.“ Valdimar, sem er í óðaönn með iðnaðarmönnum, er hins vegar sallarólegur. „Það er ekki svo mikið eftir, þið hefðuð átt að sjá þetta fyrir tveimur vikum,“ segir hann. „Svo er bara að vona að Kínverjarnir klúðri ekki kojunum,“ bætir hann við en blaðamaður vill frekari útskýringar. „Já, við eigum von á kojunum og lyklakerfinu frá Kína 20. maí, það er vonandi að þeir nái að keyra þetta yfir Síberíu svo að engar tafir verði á.“

Þeir segja hugmyndina vera að höfða til ungs fólks sem ekki vilji eyða miklu í þægindi. „Allir verða jú að gista einhvers staðar og það þarf ekki að tjalda miklu til svo að það verði gaman á staðnum þar sem fólk hallar höfði og það er stefnan að svo verði hér,“ segir Hermann. „En þó gilda hér reglur eins og á gistiheimilum svo að fólk fái frið til að hvílast. Þetta má heldur ekki vera ókristilegt gaman,“ segir hann kankvís þar sem hann stendur á svölunum og bendir á Biskupsstofu sem er hinum megin við götuna.

Auk þess að bjóða upp á gistingu verður boðið upp á margvíslegar ferðir; allt frá flúðasiglingu niður Hvítá til skoðunarferða um undur næturlífs Reykjavíkur. Að sjálfsögðu verður afsláttur á morgunverði á kaffihúsinu og barnum Nýlenduvöruverzlun Hemma og Valda, en það eru þeir sömu og reka farfuglaheimilið.

jse@frettabladid.is

Starfshópur kynnir drög að endurnýjun og styrktri stöðu Miklatúns:

# Garður fyrir alla borgarbúa

„Við lítum á Miklatún sem garð fyrir alla borgarbúa en ekki eingöngu sem hverfisgarð. Þess vegna hvetjum við alla Reykvíkinga til að mæta á fundinn, segja sínar skoðanir og koma með ábendingar,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi, sem situr í starfshóp um endurnýjun Miklatúns. Næsta miðvikudag, hinn 6. maí, verður samráðsfundur Reykjavíkurborgar og borgarbúa um endurnýjun túnsins haldinn á Kjarvalsstöðum.

Að sögn Þorbjargar hefur starfshópurinn verið við störf í nokkurn tíma. Í samstarfi við Ragnar Vilhjálmsson landslagsarkitekt hafa verið unnin drög að breytingum og bótum á Miklatúni, og verða þau drög til sýnis fyrir almenning á fundinum á Kjarvalsstöðum. „Til dæmis er þar að finna hugmyndir um rósagarð, hlaupahring, buslutjörn og betri tengingu milli Kjarvalsstaða og garðsins. Það yrði gaman ef fólk gæti setið á Kjarvalsstöðum og fylgst með yngstu börnunum leika sér skammt frá,“ segir Þorbjörg.



**MIKLATÚN** Í endurnýjunardrögunum felast meðal annars hugmyndir um rósagarð, hlaupahring og buslutjörn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Spurð hvort til greina komi að færa nafn túnsins aftur til fyrra horfs og kalla það Klambratún segist Þorbjörg viss um að slíkar ábendingar komi fram á fundinum. „Það eru alltaf skiptar skoðanir á þessu. Mögulegt væri að hluti túnsins yrði endurnefndur Klambratún eða eitthvað slíkt.“

Mánudaginn 4. maí verður borgarbúum boðið upp á fræðslugöngu um Miklatún, þar sem saga túnsins og nágrennis verður rakin. - kg


visir.is
„...ég sá það á vísi“



X-MEN ORIGINS
WOLVERINE
Fáanlegur á allar gerðir leikjatölva
VAR AÐ LENDA
Wolverine er stórbrotinn hasar- og ævintýraleikur þar sem leikmenn bregða sér í hlutverk Wolverine,en leikurinn inniheldur söguþráð myndarinnar og gott betur, þar sem farið er lengra inní söguna.
PLAYSTATION 3
PSP PC XBOX Wii
PlayStation 2
4.999 PS2 verð
5.999 PC verð
8.999 PS3 verð
X-MEN ORIGINS WOLVERINE
UNCAGED EDITION
ACTIVISION
Buzz! Brain of the world
Nú er nýjasti Buzz! leikurinn í PlayStation 3 mættur í pakka með fjórum þráðlausum "buzzerum". Fleiri þúsund spurningar um allt milli himins og jarðar.
9.999
Þráðlausir Singstar hljóðnemar
singstar Mics
Wireless SingStar Microphones
Fáanlegt fyrir ps2 og ps3
8.999
Fartölva
acer
Acer Extensa 5230
• 2.0Ghz Intel Celeron M 575 Centrino með 1MB flýtiminni
• 1GB DDR2 667MHz 200pin
• 160GB SATA hljóðlátur 5400RPM
• 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW
• Innbyggt þráðlaust 802.11bgn netkort með loftneti í skjá
• 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite með 1280x800
• Windows Vista Home Basic
69.999
Rugl verð
Fartölva
TOSHIBA
Toshiba Satellite P300-1DA
• Intel Pentium Dual-Core T3200 2.0GHz
• 3 GB DDR 800 MHz
• 250GB SATA 5400rpm diskur
• 17" WXGA TRUBRITE 8ms Skjár
• 256MB ATI HD3470 Skjákort HDMI
• 1.3 MP vefmyndavél sem greinir andlit
• Windows Vista Home Premium
10.000 kr. lækkun
139.999
BT
Betra verð í BT
BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444

> Kílóverð á eplum




Heimild: Hagstofa Íslands.

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** LÓA ALDÍSARDÓTTIR, FRÉTTAMAÐUR Á STÖÐ 2

## *Of stórir skór voru verstu kaupin en lítið hús á stórri lóð þau bestu*



„Sem verstu kaup detta mér helst í hug „Doktor Martens"-skór sem ég keypti og notaði nánast öll menntaskólaárin," segir Lóa Aldísardóttir, fréttamaður á Stöð 2.

„Þetta var á þeim árum sem maður átti ekki pening og fleygði ekki peningum að óþörfu í skó þó að skórnir manns pössuðu engan veginn. Ég keypti sumsé skó sem voru tveimur númerum of stórir og gekk á þeim í tvö eða þrjú ár og var alla tíð með þykka bómull í tánni svo ég gengi ekki upp úr þeim. Þetta voru risastórir og þykkir klossar og það voru allir í þessu þegar ég var í menntó," segir hún.

„Ég held ég verði að segja að bestu kaup mín í lífinu séu lóðin sem húsið mitt stendur á. Það að hafa keypt lítið hús á stórri lóð í þeirri von að geta fengið að byggja á helmingi lóðarinnar og að hafa komist yfir allir hindranir sem voru í veginum hjá skipulagi og annars staðar og náð að flytja inn í draumahús á draumastað. Það eru bestu kaup lífs míns," segir Lóa Aldísardóttir að lokum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### RÁÐ GEGN TREGÐULÖGMÁLINU

■ *Fyrir tilstuðlan Jóns Kr. Ólafssonar, söngvara frá Bíldudal, hefur mikill menningararfur varðveist. Hann kann ráð við doðanum sem veldur glötun verðmæta.*



„Það hefur alla vega reynst mér afskaplega vel að framkvæma hlutina stuttu eftir að ég er farinn að tala um þá. Það er nefnilega hvimleiður vani, sem þó hrjáir einn og annan, að sitja við eldhúsborðið og tala endalaust um allan fjárann en hreyfa svo ekki litla fingur. Þetta er tregðulögmálið, sem ég kalla svo. Eins er það afskaplega heillavænlegt að leyfa ekki tölvum og öllu þessu fjölmiðlagumsi að soga frá mönnum allan tíma og mátt."

■ **Tannheilsa**

## Minnt á ókeypis eftirlit tannlækna

Neytendasamtökin minna á, á heimasíðu sinni, að börn sem eru þriggja, sex og tólf ára gömul eiga rétt á ókeypis eftirliti hjá tannlæknum. Nær þetta til þeirra tannlækna sem vinna í umboði Sjúkratrygginga Íslands og er hægt að finna yfirlit yfir þá tannlækna á heimasíðu Neytendasamtakanna, ns.is.

Undir ókeypis eftirlit fellur skoðun, hreinsun tanna og flúormeðferð auk röntgenmyndar fyrir tólf ára börn, en ekki tannviðgerðir. Til að hægt sé að nýta sér þetta ókeypis eftirlit þurfa þriggja ára börn að fara í skoðun áður en þau verða fjögurra ára, sex ára börn geta farið áður en þau verða sjö ára og tólf ára börn þurfa að fara í skoðun áður en þau ná þrettán ára aldri.

■ **Neytendur**

## Ráð við greiðsluvandræðum á netinu

Víða á netinu er hægt að finna hvernig aðstoð er hægt að finna við greiðsluerfiðleikum. Meðal annars er hægt að finna hvaða aðstoð er í boði á vefgáttinni island.is, þar sem eru leiðbeiningar um þær lausnir sem bankarnir bjóða. Neytendasamtökin hafa jafnframt tekið saman hvaða lausnir eru í boði á heimasíðu sinni, ns.is.

Þá er hægt að finna á heimasíðum bankanna og heimasíðu Ráðgjafarstofu heimilanna, handhæg excel-skjöl þar sem hægt er að reikna út greiðslugetu heimilanna út frá því hversu mikið fer mánaðarlega í ýmis útgjöld, svo sem mat, tryggingar, lán, símakostnað og fleira það sem fellur til. Bæði er hægt að finna einföld skjöl þar sem einungis eru settar inn þær upphæðir sem raunverulega er eytt, sem og skjöl þar sem hægt er að miða við þá áætlun sem heimilin setja sér. Þá er hægt að bera saman hver ætlunin var að eyða og hverju raunverulega var eytt. Með því er hægt að sjá hvar sé mögulega hægt að skera niður í fjárútlátum heimilisins.

**MATUR & NÆRING** ÓLÖF GUÐNÝ GEIRSDÓTTIR NÆRINGARFRÆÐINGUR

## Næringarríkt fæði dregur úr hættu á vöðvarýrnun



Heilsufarsleg vandamál, sem tengjast lifnaðarháttum fólks á öllum aldri, hafa aukist á undanförnum árum. Of lítil hreyfing er vandamál allra aldurshópa en hjá eldra fólki getur hún, ásamt lélegu fæðuvali, valdið óeðlilegu vöðvatapi.

Fjöldi þeirra sem eru 65 ára og eldri hefur aukist hratt frá miðri síðustu öld og mun halda áfram að aukast. Samkvæmt spá Hagstofu Íslands er talið að yfir 35.000 manns verði 65 ára og eldri árið 2010, og að sú tala muni verða um 50.000 manns árið 2020. Á sama tíma mun þeim fjölga sem eru 80 ára og eldri. Því er mikilvægt fyrir komandi kynslóðir að fyrirbyggja lífsstílssjúkdóma og auka lífsgæði þessa sístækkandi hóps eldri borgara.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni hefur vöðvamassi fólks um fimmtugt rýrnað nokkuð en vöðvamassi þeirra sem eru um sjötugt hefur rýrnað um 40% að meðaltali og er vöðvarýrnun algengari hjá konum en körlum.

Sé tekið tillit til þeirrar staðreyndar að öldruðum fer fjölgandi má segja að óeðlilegt tap á vöðvamassa sé heilsufarsvandi næstu kynslóða og því mikilvægt að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða.

Með aldrinum verða breytingar á hlutfalli fitu og vöðva í líkamanum, þar sem hlutur fitu eykst en hlutur vöðva minnkar. Vöðvarýrnun er algengur fylgikvilli aldurs og einkennist af tapi á vöðvamassa og vöðvastyrk. Hún er helsta orsök hreyfihömlunar og eykur fallhættu en það er algengt ástand meðal eldra fólks og dregur verulega úr lífsgæðum þeirra.

Vöðvarýrnun er langvinnur sjúkdómur sem leggst ekki einungis á vannærða eða sjúklinga heldur einnig á fólk með fulla starfsorku og því mikilvægt að draga úr líkum á vöðvarýrnun. Rannsóknir hjá Lýðheilsustöð hafa sýnt að eldra fólk á Íslandi borðar oft lítið og á það sérstaklega við um konur. Hægt er að vinna gegn vöðvarýrnun með næringarríku og staðgóðu fæði þar sem kjöt, fiskur, mjólk, grænmeti og ávextir eru í fyrirrúmi. Öll hreyfing er einnig af hinu góða og styrktaræfingar vernda bæði bein og vöðva.

**mni.is**



# Hjólaðu í vinnuna

**Það er hvergi slegið af gæðunum í Jamis hjólum**
Öll hönnun Jamis hjóla hefur öryggi og þægindi í fyrirrúmi. Í Jamis hjól eru aðeins notuð bestu fáanlegu efni og aukahlutir. Og svo spillir ekki fyrir hvað hjólin eru flott.

Hjóladeildin er í Holtagörðum.



## Götuhjól



**Explorer 1.0**
*Álstell 6061 TIG, SRAM 3.0 sjö gíra og Tektro V-bremsur. Hjólið hentar vel innanbæjar og á malarvegum. Upprétt setstaða ásamt dempara í sætispósti auka enn á þægindin.*

**Verð: 49.990 kr.**



**Explorer 2.0**
*Álstell 6061 TIG, Shimano Acera 21 gíra, Tektro V-bremsur og 60 mm framdempari. Hjólið hentar vel innanbæjar og á malarvegum. Upprétt setstaða ásamt dempara í sætispósti auka enn á þægindin.*

**Verð: 59.990 kr.**



**Citizen 1**
*7005 álstell, SRAM MRX-204 21 gíra, V-bremsur, 65 mm dempari og 28" dekk. Frábært borgarhjól. Hjólið hentar vel innanbæjar og dempari í sætispósti eykur enn á þægindin.*

**Verð: 57.990 kr.**



**Commuter 1**
*7005 álstell, SRAM MRX-204 sjö gíra, V-bremsur og 28" dekk. Frábært borgarhjól. Hjólið hentar vel innanbæjar og dempari í sætispósti eykur enn á þægindin.*

**Verð: 49.990 kr.**

## Fjallahjól



**Trail X 1.0**
*Enduro II 7005 álstell, Shimano Acera 21 gíra, V-bremsur og 60 mm dempari. Vandað alhliða fjallahjól í skemmri eða lengri ferðir.*

**Verð: 49.990 kr.**



**Trail X 3.0**
*Enduro II 7005 álstell, Shimano Acera 24 gíra, Tektro diskabremsur og RST Gilla T8 80 mm dempari. Frábært fjallahjól í alvöru fjallaferðir.*

**Verð: 74.990 kr.**



**Kromo** Dirt Jump
*4130 Kromo Dirt Jump stálstell, Hayes Stroker Ryde glussa diskabremsur og SR Duro Dirt Jump100 mm dempari. Flottasta Dirt Jump hjólið.*

**Verð: 149.990 kr.**



**Ventura Sport** Racer
*Kinesis 7005 álstell, Shimano 2200 Dual Control STI 16 gíra, Tektro V-bremsur og 28" dekk. Frábær Racer í trimmið og keppnina!*

**Verð: 99.990 kr.**



**Trail X 2.0**
*Enduro II 7005 álstell, Shimano Acera 24 gíra, V-bremsur og 50 mm dempari. Vandað alhliða fjallahjól í skemmri eða lengri ferðir. Setstaða hentar vel til þolþjálfunar.*

**Verð: 59.990 kr.**



**Durango 1.0**
*7005 álstell, Shimano Acera 24 gíra, Tektro diskabremsur og RST Gilla Pro-100 mm stillanlegur dempari Frábært fjallahjól í alvöru fjallaferðir.*

**Verð: 99.990 kr.**



**Durango 3.0**
*7005 álstell, Shimano Deore Rapid Fire 27 gíra, Tektro Auriga Comp glussa diskabremsur og Marzocchi 22 100 mm stillanlegur dempari. Frábært fjallahjól í alvöru fjallaferðir. Þau gerast ekki öllu betri á þessu verði!*

**Verð: 149.990 kr.**



**Komodo 1** Dirt Jump/Freeride
*7005 álstell, SRAM SX-4 16 gíra, TEktra lo diskabremsur og RST Launch T9 130 mm dempari. Komodo er hannað af atvinnumönnum fyrir atvinnumenn!*

**Verð: 99.990 kr.**

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 45933 04/09


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
998
N.F SJÓBLEIKJUFLÖK BEINLAUS M/ROÐI
998 kr./kg.
1298
N.F TERYAKI KRYDDUÐ SJÓBLEIKJA
1298 kr./kg.
2998
TVÆR FROSNAR UNGNAUTA T-BONE STEIKUR
2 X 450g 2998 kr. FRÁ HOLLANDI
4998
FJÓRAR FROSNAR KÁLFA T-BONE STEIKUR
4 X 300g 4998 kr. FRÁ HOLLANDI
398
FLÚÐAMOLD 20 LTR. 398 kr.
398
GLÆÐIR
GLÆÐIR
BLÓMAÁBURÐUR
1 LTR 398 kr.
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
FYRIR GRÓÐURINN OG GRASIÐ Í GARÐINUM
KALKÞÖRUNGAR GRASBÆTIR
EYÐIR MOSA
5 kg 1298 kr.
10 kg FATA 1998 kr.
1998
18
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
498
WC PAPPÍR 18 RÚLLUR 498 kr.
ELDHÚSRÚLLUR 6 RÚLLUR 498 kr.
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
SNAKK
Beikon
Hringir
Skrúfur
219
BÓNUS SNAKK 160G 219 kr.
AÐEINS 20-25g AF FITU. ENGIN HERT FITA
HEIMILIS BRAUÐ
179
MYLLU HEIMILISBRAUÐ
770G 179 kr.
Coca-Cola light
98
COKE LIGHT
1 LTR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára BÓNUS 1989 - 2009
1359
KS HRYGGUR Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
1798
KS FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.
698
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR 698 kr./kg.
1359
KS LÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1498 kr./kg.
498
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL 498 kr./kg.
1198
HOLLENSKAR FROSNAR GRÍSALUNDIR 1198 kr./kg.
INNIHALD NAUTA/GRÍSAKJÖT
TILBOÐ
398
FERSKIR GRILLBORGARAR 4 STK MEÐ BRAUÐI 398 kr.
NÝ BAKAÐ
ALLTAF NÝBAKAÐ Í BÓNUS
KORNKUBBAR 4 STK 198 kr.
MJÚKAR KRINGLUR 4 STK 198 kr.
KLEINUHRINGIR 2 STK 198 kr.
KARAMELLU OG SÚKKULAÐI.
Coca-Cola
98
COKE 1 LTR.
FRISSI FRÍSKI
79
FRISSI FRÍSKI 1 LTR 79 kr.
1. maí
LOKAÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM BÓNUS Á MORGUN 1.MAÍ Á FRÍDEGI VERKAFÓLKS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: xxx — Velta: x.xxx milljónir

| OMX ÍSLAND 15 | | OMX ÍSLAND 6 | |
|---|---|---|---|
| 220 | +0,84% | 664 | +1,37% |

**MESTA HÆKKUN**

| | |
|---|---|
| MAREL FOOD S. | +5,12% |
| ÖSSUR | +4,11% |
| CENTURY AL. | +1,07% |

**MESTA LÆKKUN**

| | |
|---|---|
| FØROYA BANKI | -1,67% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 173,50 +0,00% ... Atlantic Petroleum 251,00 +0,00% ... Bakkavör 1,15 +0,00% ... Eik Banki 90,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 118,00 -1,67% ... Icelandair Group 5,00 +0,00% ... Marel Food Systems 47,25 +5,12% ... Össur 93,80 +4,11%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Slitastjórn komin yfir gamla LÍ

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur að ósk skilanefndar gamla Landsbankans skipað slitastjórn yfir hana í samræmi við breytingar á lögum um slitameðferð fjármálafyrirtækja, sem samþykkt voru á Alþingi á síðustu dögum þingsins fyrir hálfum mánuði.

Skilanefnd Landsbankans mun ekki taka breytingum en sólarlagsákvæðið svokallaða, sem kvað á um að nefndirnar hættu störfum hálfu ári eftir að slitastjórnir væru settar yfir þær, var fellt úr frumvarpinu áður en það varð að lögum.

Með skipan slitastjórnar geta kröfuhafar lýst kröfum í bú gamla bankans innan þess kröfulýsingarfrests sem slitastjórn ákveður. Hún mun taka afstöðu til krafna, gera skrá um þær og halda kröfuhafafund. Slitastjórn hefur einnig það hlutverk að beina ágreiningi sem kann að rísa um lýstar kröfur til úrlausnar dómstóla.



LANDSBANKINN

Lárus Finnbogason, formaður skilanefndar gamla Landsbankans, segir í tilkynningu skipunina jákvætt skref.

Skilanefnd gamla Kaupþings hefur ekki óskað eftir því að slitastjórn verði sett yfir hana. Ekki náðist í fulltrúa skilanefndar Glitnis vegna málsins. - jab

# Afskráningu DeCode frestað

**Afskráning hlutabréfa DeCode, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, af bandaríska Nasdaq-verðbréfamarkaðnum frestast á meðan endurskipulagning fyrirtækisins stendur.**

**Þetta kom fram í bréfi frá endurskoðunarnefnd Nasdaq-markaðarins til stjórnar DeCode í fyrrakvöld.**

**Hlutabréfin voru færð af aðallista Nasdaq í byrjun febrúar þar sem þau stóðust ekki skilyrði um skráningu þar og hafa síðan þá verið skráð á Nasdaq Capital Market-listanum. Til stóð að félagið yrði tekið úr viðskiptum í dag.** - jab

# Krónan styrkist um 1,33 prósent

Gengi krónunnar styrktist um 1,33 prósent í gær og endaði gengisvísitalan í 222 stigum. Krónan hefur ekki verið sterkari í rúma viku.

Ekki eru mikil viðskipti á bak við styrkinguna, samkvæmt upplýsingum frá gjaldeyrisborði Íslandsbanka.

Nokkuð hefur dregið saman á milli gengisvísitölu krónunnar hér og á erlendum mörkuðum en þar hefur krónan styrkst. Hér kostaði ein evra tæpar 169,4 krónur í gær en 210 á erlendum mörkuðum. Fátt liggur fyrir um ástæðu styrkingarinnar en Greining Íslandsbanka telur líkur á að ummæli Sveins Haralds Øygard seðlabankastjóra frá síðustu helgi um hugsanlegt afnám gjaldeyrishafta um mitt ár kunni að hafa haft áhrif. - jab

# Verðbólga ekki minni í ár

**Verðbólga mælist nú 11,9 prósent og hefur hún ekki verið minni síðan í apríl í fyrra. Verðbólgan gæti náð verðbólgumarkmiðum Seðlabankans um áramót, að mati sérfræðings IFS Greiningar.**

„Þetta er lítillega yfir væntingum," segir Snorri Jakobsson, sérfræðingur hjá IFS Greiningu, um verðbólguna í þessum mánuði.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,45 prósent á milli mánaða í apríl og fór verðbólgan við það úr 15,2 prósentum í 11,9 prósent, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar. Spá IFS Greiningar gerði ráð fyrir hækkun upp á 0,1 prósent og 11,5 prósenta verðbólgu.



SNORRI JAKOBSSON

Snorri segir að frávikið frá spá IFS skýrist af meiri hækkun fasteignaverðs.

Hann segir í raun tvenns konar fasteignaverð í gangi; eitt sem Fasteignaskrá ríkisins taki saman og annað hjá Hagstofunni, sem leiðrétti vegna makaskiptasamninga. Snorri bendir á að íbúðaverð í makaskiptasamningum sé oftast töluvert hærra en raunverulegt fasteignaverð, þar sem það borgi sig fyrir báða aðila að verðið sé sem hæst. Það geti skekkt verðbólgutölurnar og dregið úr hjöðnun verðbólgu ef ekki sé leiðrétt fyrir makaskiptum.

Snorri bendir á að krónan vegi þó þyngra. „Ef hún verður til friðs og helst stöðug fellur verðbólgan hratt," segir hann.

Spá IFS Greiningar gerir ráð fyrir að mjög hratt dragi úr verðbólgu allt fram til loka næsta árs eftir snarpt verðbólguskot í ársbyrjun. Gangi spáin eftir verður verðbólga komin niður að 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði Seðlabankans, en verðbólga hefur ekki verið minni en það síðan í mars 2004. jonab@markadurinn.is

**Verðbólguspá**




Heimild: IFS Greining

# Bouton kveður risabankann

Daniel Bouton, fyrrverandi forstjóri og núverandi stjórnarformaður franska risabankans Societe Generale, hefur sagt starfi sínu lausu frá og með næsta mánuði.

Ástæðurnar segir hann vægðarlausa gagnrýni á störf sín.

Bouton sat í bankastjórastólnum þegar mál verðbréfamiðlarans Jerome Kerviels komst upp en það er það bíræfnasta í sögu verðbréfabrota innan bankageirans ef frá er talin svikamylla Bernie Madoffs. Verðbréfaviðskipti Kerviels voru langt út yfir heimildir. Grunur hefur leikið á að stjórn bankans hafi verið kunnugt um brotin en lokað augunum fyrir þeim þegar bankinn hagnaðist á þeim. Á endanum tapaði bankinn 4,9 milljörðum evra vegna þessa, tæpum 500 milljörðum íslenskra króna á þeim tíma þegar málið komst upp í janúar í fyrra.

Bankinn hefur síðan þá glímt við verulega fjárhagserfiðleika og varð að leita til franskra stjórnvalda eftir 1,7 milljarða evra láni.

Bouton stóð upp úr forstjórastólnum vegna málsins fyrir ári og tók við stjórnarformennsku. Hann fær engar starfslokagreiðslur, að sögn breska ríkisútvarpsins.

Kerviel sat í fangelsi í tæpa tvo mánuði í fyrravor. Hann gengur nú laus því enn er verið að rannsaka mál hans. - jab

# Bjartsýni innan ESB

Íbúar aðildarríkja Evrópusambandsins hafa ekki verið bjartsýnni um horfur í efnahagslífinu í tæp tvö ár, samkvæmt niðurstöðum könnunar á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) sem birtar voru í gær.

Væntingavísitala íbúa ESB-landanna fór úr 60,4 stigum í 63,9 stig, sem jafngildir 5,8 prósenta hækkun. Í evrulöndunum jukust væntingar um tæp 3,9 prósent. Væntingavísitalan hefur ekki hækkað síðan í maí í hittiðfyrra.

Niðurstaðan er talsvert betri en hagfræðingar gerðu ráð fyrir og þykir bera þess merki að neytendur telji vera að draga úr niðursveiflu efnahagslífsins.

Howard Archer, hagfræðingur hjá IHS Global Insight, segir í samtali við AFP-fréttastofuna niðurstöðuna vísa á gott „Þetta eru vísbendingar um að neytendur telja efnahagshvata og björgunaraðgerðir geta snúið þróuninni við," segir hann og bætir við að hjöðnun verðbólgu innan Efnahagsbandalagsins eigi hlut að máli. Á móti dragi mikið atvinnuleysi innan ESB úr þeim, að hans mati. - jab



**FÁNI ESB VIÐ HÖFUÐSTÖÐVARNAR** Fólk í aðildarríkjum ESB-ríkjanna hefur ekki verið jafn bjartsýnt á efnahagshorfur síðan í maí í hittiðfyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


**Framtíð Íslands** í samfélagi þjóðanna

Sjöundi fundur í fundaröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands **í dag, fimmtudaginn 30. apríl frá kl. 12.00-13.30 í stofu 132 í Öskju**



**Þarf að sækja strax um aðild að Evrópusambandinu?**

**Hvers vegna ESB er ekki góður kostur – Sjónarmið sjávarútvegsins**
Friðrik Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ)

**Iðnaður og ESB: Mikilvægustu hagsmunirnir**
Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins



Friðrik J. Arngrímsson — Bjarni Már Gylfason

**Fulltrúar stjórnmálaflokka í pallborði:**



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Framsóknarflokki — Illugi Gunnarsson, Sjálfstæðisflokki — Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Vinstri grænum — Árni Páll Árnason, Samfylkingu — Lilja Skaftadóttir, Borgarahreyfingu — **Fundarstjóri:** Ólafur Þ. Harðarson

Framtíð Íslands í samfélagi þjóðanna er samstarfsverkefni allra háskóla landsins og utanríkisráðuneytisins. Boðið verður upp á fundaraðir og einstaka viðburði í háskólunum um alþjóðamál sem lýkur með sameiginlegri ráðstefnu í Reykjavík 14. maí.

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI

Nánari upplýsingar um fundaröðina má finna á heimasíðu stofnunarinnar: **http://www.hi.is/ams**

# FERMINGAGJAFIR

## ALLTAF BETRA VERÐ



acer
**FARTÖLVA 15.6"**



### Toshiba Satellite A300-1SR

2.0GHz Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi • 4GB DDR2 800MHz minni • 320GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 3650 skjákort • Öflugir Harman Kardon hátalarar • Þráðlaust 300Mbps 802.11a/g/n netkort og Bluetooth 2.0 • 1.3MP vefmyndavél í skjá • 4xUSB 2.0, FireWire, HDMI, eSATA, ExpressCard Slot ofl. • Windows Vista Home Premium

TOSHIBA

15.4"

**169.990**

### Acer Aspire 5738Z-424G32MN

2.0GHz Intel Core Duo T4200 - Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA harðdiskur • 15.6" WideScreen WXGA LED CrystalBrite skjár með 1366x768 punkta upplausn • Intel Graphics Media Accelerator skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél í skjá • 4xUSB2, ExpressCard/54, HDMI(HDCP), VGA, SPDIF o.fl. • Windows Vista Home Premium

**149.990**



**LEIKJAMOTTA**

STEELSERIES QCK

Alvöru músarmotta fyrir leikina. Stærð 320 x 270 mm.

**2.490**



Sarotech

**HARÐDISKHÝSING**

Sarotech Abigs 3.5 FHD354

SATA harðdiskhýsing í vönduðum ál kassa með USB 2.0 og öflugum afritunarhugbúnaði. Windows, Linux og Mac.

**5.990**



CREATIVE

**EYRNATAPPAR**

Creative Zen Aurvana

Hágæða heyrnartól með AuraSeal tækni sem útilokar umhverfishljóð. 20Hz. 115dB.

**6.990**



**LASERMÚS**

Logitech

Logitech V550

Þráðlaus fartölvumús með Nano sendi. Festing fyrir músina á fartölvur fylgir.

**9.990**




Acer V193W **LCD SKJÁR**

19" breiðtjaldsskjár með 1440x900 upplausn, 1000:1 skerpu og 5ms viðbragðstíma.

**24.990**



WD 1 TB

**HARÐDISK FLAKKARI**

WD Elements - 1 Terabyte

1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

**19.990**



**USB-DVI SKJÁKORT**

Manhattan USB í DVI skjákort

USB skjákort sem tengir tölvur í DVI skjái. Styður allt að 1600 x 1200 punkta upplausn. USB 2.0.

**16.990**



EPSON

**FJÖLNOTATÆKI**

Epson Stylus SX100

Prentari, skanni og ljósritunarvél. Prentar A4 í 5760 x 1440p, skannar í 600 x 1200 p. Prentar 26 bls á mín. USB. Windows og Mac.

**10.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Það sem ræða má eftir kosningar:

# Á hverjum bitnar niðurskurðurinn?

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Að loknum kosningum kemur oft tímabil pólitískrar eyðu, svokallaðir hveitibrauðsdagar, þar sem stjórnvöld hafa meira rými til að koma stefnumálum í framkvæmd en ella án þess að verða fyrir mikilli gagnrýni. Ef núverandi ríkisstjórn heldur áfram er ljóst að slíkir frídagar verða ekki í boði, bæði vegna þess að þetta er framhald núverandi stjórnar og vegna þess að á óvissutímum sem þessum er ekki hægt að bjóða upp á leyfi frá pólitíkinni og lausnum. Flokkarnir ætla að taka sér þann tíma sem þeir þurfa, sem er vel ef þeir ætla að komast að góðri niðurstöðu um stjórnarsáttmálann. Hins vegar getur þjóðin ekki beðið í margar vikur með hálfstarfandi ríkisstjórn undir þessum kringumstæðum.

Helsta verkefni hins opinbera nú er að bregðast við efnahagskreppunni; finna leiðir til að kreppan verði sem styst, eða að minnsta kosti draga hana ekki á langinn. Hið opinbera nær bæði til ríkisins og sveitarfélaganna. Sveitarfélögin hafa lagt línurnar hvar þau vilja skera niður og vonandi mun ríkið ekki fylgja í þeirra fótspor. Það sem sveitarfélögin hafa lagt til er niðurskurður hjá kvennastéttum sem kemur niður á börnum.

Annars vegar stefnir Akureyrarbær til dæmis að því að leikskólum verði lokað klukkan fjögur á daginn í stað fimm og þeir spara þannig sem svarar til fimm klukkutíma á viku. Starfsfólk leikskóla er að megninu til konur, en þær munu væntanlega þurfa að þola launaskerðingu sem samsvarar þessum klukkutíma á dag. Önnur leið sem sveitarfélögin eru að skoða varðar styttingu skólaársins í grunnskólum, til að lækka laun kennara tímabundið. Um áttatíu prósent starfsfólks grunnskóla, við kennslu, eru konur. Stóri niðurskurðurinn og sparnaðurinn hjá sveitarfélögunum virðist því stefna að því að lækka laun stórra kvennastétta. Að auki er það svo að ábyrgð á börnum leggst frekar á herðar mæðra en feðra. Líklegra er því að það verði mæðurnar sem þurfi að fara fyrr heim úr vinnu til að gæta barna sem ekki geta verið lengur á leikskólanum. Það verður einnig algengara að mæður, frekar en feður, muni huga að börnum sínum í lengri sumar- og vetrarfríum. Líklegt verður að teljast að í launakönnunum næsta árs muni þess sjást merki með auknum launamun kynjanna.

Niðurskurðurinn mun einnig bitna á börnum. Reykjavíkurborg sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem fram kom að tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkurborgar hefði fjölgað á fyrstu þremur mánuðum ársins. Alþjóðleg reynsla segir okkur að slíkt sé ekki einsdæmi, heldur algengur fylgikvilli á þrengingatímum. Fyrir þau börn sem þurfa á aðstoð Barnaverndar að halda er það öryggisnet að hægt sé að fylgjast með þeirra andlegu og líkamlegu heilsu í leikskólum og grunnskólum. Minni viðvera í skólum getur þýtt að kennarar og annað opinbert starfsfólk taki síður eftir því að eitthvað ami að.

Nauðsynlegt er að skera niður, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Nú þegar kosningum er lokið geta stjórnmálamenn vonandi farið heiðarlega af stað í því að ræða hvar eigi að skera niður og á hverjum niðurskurðurinn á að bitna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kynlegar auglýsingar

Auglýsingamenn hafa skriplað nokkuð á skötu upp á síðkastið. Nýlega var deilt um auglýsingar á vegum Lýðheilsustöðvar þar sem brýnt var fyrir stúlkum að þær ættu síður á hættu að vera nauðgað ef þær væru ekki undir áhrifum áfengis. Það þótti mörgum ósmekklegt þar sem ábyrgð glæpsins væri færð frá gerandanum yfir á þolandann. Í gær birtust miður geðslegar auglýsingar frá Samtökum iðnaðarins með mynd af óhugnanlegum manni í hvítum slopp að undirbúa það sem virðist vera ólögleg fóstureyðing. Boðskapurinn er sá að maður eigi ekki að leita til fúskara. Formaður SI baðst afsökunar á auglýsingunni.



### Dýrt að drepa

Þá hafa Umferðarstofa og Vínbúðirnar ráðist í auglýsingaherferð þar sem ökumenn eru varaðir við því að leggja fjárhaginn í rúst: það að valda öðrum líkamstjóni eða dauða með glæfralegum akstri geti kostað mann margar milljónir í miskabætur. Því sé best að keyra ekki óvarlega eða undir áhrifum – það er svo dýrt að drepa.

### Kunnuglegar tillögur

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, hefur sent forsætisráðherra tillögur um að öll neytendalán með veði í íbúðarhúsnæði skuli tekin eignarnámi og gerðardómi falið að leggja til niðurfærslu þeirra. Tillögur Gísla eru ítarlegar; sér til fulltingis vísar hann meðal annars í hugmyndir um uppboð skulda sem Björn Þorri Viktorsson hæstaréttarlögmaður hefur nefnt opinberlega. Ekki þarf að koma á óvart að tillögur talsmanns neytenda ríma ágætlega við hugmyndir Framsóknarflokksins um niðurfellingu skulda. Gísli er jú flokksbundinn framsóknarmaður og sat ásamt áðurnefndum Birni Þorra í svokölluðu herráði Framsóknarflokksins, sem hittist daglega og lagði línurnar fyrir kosningar.



bergsteinn@frettabladid.is

# Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Enn um gjaldeyrismál

Efnahagsáætlun stjórnvalda með stuðningi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins virðist vera í réttum farvegi, þótt miklir erfiðleikar steðji enn að mörgum heimilum og fyrirtækjum af völdum bankahrunsins. Þegar sendinefnd sjóðsins var hér um daginn í reglubundinni eftirlitsferð, sá hún ekki ástæðu til að endurskoða bjartsýnt stöðumat sitt frá í nóvember 2008. Eina umtalsverða frávikið enn sem komið er frá matinu þá er nokkru meiri aukning atvinnuleysis síðustu mánuði en sjóðurinn gerði ráð fyrir, en aukningin er þó í samræmi við mat Seðlabankans. Þegar endurmat á eignum gömlu bankanna verður kunngert, kemur í ljós, hvort bjartsýni sjóðsins stenzt nánari skoðun. Vonir standa til, að stöðumatið þurfi ekki að breytast á verri veg. Fari svo, verður efnahagslífið að mati sjóðsins aftur komið á fulla ferð 2011 og áfram, og gjaldeyrishöftin verða úr sögunni, enda áttu þau að vera tímabundin.

Höftin mega ekki verða varanleg líkt og sumar aðrar bráðabirgðaráðstafanir stjórnvalda á fyrri tíð urðu smám saman samgrónar innlendum sérhagsmunum, svo sem búvöruinnflutningsbannið í kreppunni og verðtryggingin. Til að losna undan höftunum kemur helzt til greina annaðhvort að leyfa krónunni að falla til botns og taka þá áhættu, að krónan festist við botninn og verði lengi að losna líkt og getur gerzt í gjaldeyriskreppum, eða sækja án frekari tafar um inngöngu í Evrópusambandið og taka upp evruna eins fljótt og hægt er með fulltingi sambandsins. Ríkisstjórnin hefur hafnað fyrri kostinum, að leyfa krónunni að falla til botns, en hún á þó eftir að fallast á, að þeirri niðurstöðu fylgir í reyndinni ákvörðun um að ganga í ESB og taka upp evruna. Gjaldeyrishöft koma ekki til greina sem framtíðarskipan, enda samrýmast þau ekki til langframa veru Íslands á Evrópska efnahagssvæðinu.

Sumir líta svo á, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn stjórni nú efnahagsmálum Íslands, en svo er þó ekki. Sjóðurinn er hér í boði ríkisstjórnarinnar, þar eð hún telur sig þurfa á ráðum hans og lánsfé að halda. Efnahagsáætlunin, sem unnið er eftir, er áætlun ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans í sameiningu. Sjóðurinn gegnir tæknilegu, ópólitísku ráðgjafarhlutverki. Ef honum sýnist, að nýjar ráðstafanir stjórnvalda vinni gegn markmiðum áætlunar þeirra sjálfra (annað eins hefur gerzt á fyrri tíð), áskilur hann sér rétt til að draga sig í hlé og hætta lánveitingum. Lán sjóðsins til Íslands er óvenjulega stórt miðað við landsframleiðslu. Sjóðurinn tekur áhættu með lánveitingunni og þarf að fylgjast vel með framvindunni frá degi til dags. Aðstoð sjóðsins er liður í samstilltu átaki til að endurheimta tapað lánstraust Íslendinga í útlöndum. Þetta er þrautreynt fyrirkomulag marga áratugi aftur í tímann. Eins og sakir standa er aðkoma sjóðsins að efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans beinlínis forsenda þess, að Íslendingar eigi yfirhöfuð aðgang að erlendu lánsfé. Ekki hefur enn orðið vart við ágreining milli stjórnvalda og sjóðsins um hagstjórnina. Þvert á móti virðist vera einhugur um að vinna áfram í sameiningu að framgangi áætlunarinnar. Að vísu hefur ríkisstjórnin ekki enn kunngert, með hvaða ráðum hún hyggst ná endum saman í fjármálum ríkisins innan tilskilinna tímamarka, en þögnin um það mál er skiljanleg eins og sakir standa á vettvangi stjórnmálanna.

Lundúnablaðið Financial Times skýrði fyrir skömmu frá trúnaðarskýrslu frá sjóðnum, þar sem lagt er að ESB að slaka á skilyrðum fyrir upptöku evrunnar í nokkrum ESB-löndum í Mið- og Austur-Evrópu. Vandi þessara landa er meðal annars sá, að erlend skuldabyrði þeirra getur þyngzt til muna líkt og hér heima, ef gengið fellur. Sjóðurinn verst fregna af skýrslunni. ESB lætur sjóðinn ekki segja sér fyrir verkum. En sjóðurinn áskilur sér samt rétt til að reyna í trúnaði að þoka ESB í einstökum málum á verksviði sjóðsins. Hagstjórn er öðrum þræði þrotlaust nudd. Sjóðurinn skiptir sér ekki af því, hvort einstök Evrópulönd, sem hann veitir ráð og lánar fé, ganga í ESB og taka upp evru eða ekki. Það er öðrum þræði pólitískt viðfangsefni, hversu brýn sem efnahagsleg nauðsyn aðildar og nýs gjaldmiðils kann að þykja í neyðarástandi. Sama máli gegnir um góða seðlabanka. Seðlabankar, sem eru sjálfstæðir að lögum innan stjórnkerfisins, taka ekki sem slíkir afstöðu til pólitískra álitamála svo sem upptöku nýs gjaldmiðils nema í neyð. Lýðkjörin stjórnvöld smíða reglurnar. Fjármálastofnanir eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og seðlabankar semja sig að þeim reglum, og hlusta. Hvorki sjóðurinn né sjálfstæðir seðlabankar mega þó láta aðra segja sér fyrir verkum á sínu sviði.

# Er umræðunni lokið?

**UMRÆÐAN**

Skúli Magnússon skrifar um stjórnarskrárbreytingar



SKÚLI MAGNÚSSON

Sú staðreynd að ekki skyldi takast að ná fram skyndilegum, og um margt róttækum stjórnarskrárbreytingum í ólgu atburða síðustu missera, er ekki sjúkleikamerki eða vitnisburður um lýðræðishalla íslenskrar stjórnskipunar. Miklu frekar er hér um að ræða eðlilega niðurstöðu stjórnskipulegs lýðræðis og festu. Íslendingar njóta nú góðs af því að skýrar og stöðugar reglur gilda um skiptingu og meðferð ríkisvaldsins. Ofan á efnahagskreppu landsins mun því ekki bætast stjórnlagaóvissa með kostnaði og lausung í ákvarðanatöku. Orka samfélagsins getur farið óspillt í að takast á við aðkallandi málefni.

Með þessu er hins vegar ekki sagt að lýðveldisstjórnarskráin sé hafin yfir gagnrýni og endurskoðun. Fullyrða má að veruleg samstaða ríki um að ákveðnar umbætur þurfi að gera á núgildandi stjórnarskrá. Hér má nefna tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslur sem og heimild til framsals ríkisvaldsvalds til alþjóðlegra stofnana á afmörkuðum sviðum. Auk þess hlýtur núverandi kjördæmaskipun að vekja spurningar um endurskoðun. Á enn öðrum sviðum kynni nánari umræða og skoðun að leiða í ljós að æskilegt sé að styrkja sum atriði stjórnarskrárinnar, t.d. varðandi sjálfstæði dómstóla og skipun dómara, úrlausn um stjórnskipulegt gildi laga, vernd umhverfis og ýmislegt sem lýtur að starfsemi og áhrifum Alþingis. Hér ber þó sem fyrr að minnast þess að ýmis mikilvæg atriði, sem kenna má við „stjórnskipun“, má ráða til lykta með almennum lögum og enn önnur með breyttri framkvæmd innan ramma gildandi laga (t.d. að því er varðar störf Alþingis).

Miðað við þann mikla almenna og pólitíska áhuga sem var á grundvallaratriðum stjórnskipunarinnar fyrir síðustu kosningar verður að gera ráð fyrir því að ný ríkisstjórn setji almenna endurskoðun á stjórnarskránni nú á dagskrá, e.t.v. þannig að m.a. verði búinn til einhvers konar samráðsvettvangur eða þjóðfundur í þessu skyni. Þótt íslensk stjórnskipun sé langt frá því að vera „handónýt“, er yfirvegað og opið ferli til endurskoðunar, sem fram færi samkvæmt grunnreglum og í anda stjórnarskrárinnar sjálfrar, fagnaðarefni. Umræðunni um stjórnarskrána ætti ekki að vera lokið – hún ætti að vera rétt að byrja.

*Höfundur er lögfræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**MICHAEL KORS** er tískuhönnuður sem margir þekkja sem dómara úr þáttunum Project Runway. Hann opnaði nýlega nýja verslun á Bond Street í London með klæðnaði úr sinni fatalínu.


;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447




Bryndís Sveinbjörnsdóttir fatahönnuður hefur gaman af því að blanda saman flíkum úr öllum áttum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Klæðist kjól eftir sjálfa sig

**Bryndís Sveinbjörnsdóttir saumar litríka og hressilega kjóla úr dýrindisefnum og býr til eyrnalokka úr kassettubandi og antíktölum úr gleri. Hönnun hennar fæst meðal annars í Nakta apanum í Bankastræti.**

„Ég er í kjól sem er hluti af nýrri línu sem ég hef verið að hanna fyrir Nakta apann,“ segir fatahönnuðurinn Bryndís Sveinbjörnsdóttir. Kjóllinn er samansettur úr afgöngum úr damaski og bómull og í kringum hálsmálið er nokkurs konar bútasaumsstykki. Bryndís segist hafa gaman af því að nýta efni sem hún á til. Þannig notist hún við fráklippur úr öðrum sniðum og ýmis skemmtileg efni sem hún hefur sankað að sér. Hún láti sjaldan flóamarkaði í útlöndum framhjá sér fara, enda finni hún oft gersemar þar til að taka með sér heim.



Við kjólinn klæðist Bryndís sokkabuxum frá H&M og stígvélum eftir franska hönnuðinn Isabel Marant. Kúrekahálsmenið fékk hún í hillbilly-búðinni Happy Hill Horsery í smábænum Accident í Marylandríki í Bandaríkjunum. Eyrnalokkana hannaði hún sjálf en þeir eru úr kassettubandi og antíktölum úr gleri. „Þessi samsetning lýsir vel mínum stíl. Ég tíni venjulega saman það sem mér finnst fallegt héðan og þaðan. Ég hef reyndar alltaf verið rokkari í mér og líður vel í gallabuxum, stuttermabol og litlum leðurjakka. En upp á síðkastið hef ég verið að uppgötva hvað það er æðislegt að vera í víðum þægilegum kjól og sokkabuxum.“

Bryndís útskrifaðist sem fatahönnuður úr Listaháskólanum fyrir tveimur árum og hefur síðan framfleytt sér með hönnun sinni. Hana er sem fyrr segir að finna í Nakta apanum en einnig í versluninni Lykkjufalli á Laugaveginum. *holmfridur@frettabladid.is*


PHILIPS

Hleðslutæki með innbyggðri rafhlöðu





Hleður síma, iPod og myndavélar

- Rafhlaðan endist í allt að 15 tíma. Hentar vel í útileguna, sumarbústaðinn og í ferðalagið. Þú stingur símanum eða iPod í samband við Power2Charge og hleður af rafhlöðunni
- 6 millistykki fyrir t.d. síma, iPod, myndavélar og önnur 5V tæki
- Snúran er í litlu handhægu kefli
- Millistykki geymd í gúmmíbandi
- Ferðapoki

Merki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

ERT ÞÚ Á SKRÁ?

vinna.is
sími: 511 1144
www.vinna.is



**VORIÐ ER KOMIÐ** og þar með ættu vetrarflíkur að hengjast inn í skáp. Þó má finna leiðir til að nota slíkar flíkur áfram. Ein leið er að fá sér litsterkt og líflegt veski, þannig verður hvaða gráa dragt sem er sumarleg.

# Þematískt karnival

**Herdís Jóna Birgisdóttir er útskriftarnemi í fatahönnun við Listaháskóla Íslands. Hún sýnir hönnun sína ásamt öðrum útskriftarnemum á sýningu í Listasafni Íslands, Kjarvalsstöðum sem stendur til 3. maí.**

Herdís Jóna Birgisdóttir er að ljúka námi frá hönnunardeild Listaháskóla Íslands, en í ár útskrifast níu nemendur úr þeirri deild. Herdís Jóna var ekki nema fimm ára gömul þegar hún fór að reyna fyrir sér sem fatahönnuður ef svo má segja. „Ég sat á gólfinu heima þegar það var saumaklúbbur hjá mömmu og klippti gardínuefni og lét eins og ég væri að sauma kjól,“ rifjar hún upp.

Herdís sýnir um þessar mundir ásamt öðrum útskriftarnemum Listaháskóla Íslands afrakstur hönnunar sinnar í Listasafni Íslands, Kjarvalsstöðum. Þar er hægt að skoða tvenna kjóla eftir Herdísi Jónu auk tveggja jakka, pils og eina útgáfu af léttum bol.

„Í náminu er mikið um hugmyndavinnu,“ svarar Herdís Jóna þegar hún er spurð út í námið og nefnir að í skólanum hafi hún „lært að skapa flíkur“ eins og hún orðar það. „Flíkurnar sem ég sýni á Kjarvalsstöðum hannaði ég út frá þematísku karnivali,“ útskýrir hún.

Nemendur í fatahönnunardeildinni eru til dæmis þjálfaðir í að finna ljósmyndir eða teikningar af skemmtilegum hlutum eða atburðum sem þeir vinna síðan með. Þannig læra þeir að byggja upp hugmyndir út frá ákveðnu þema sem þeir útfæra á sinn hátt. Myndin í huga Herdíar Jónu tengdist skýrt tignarlegum grímum og glæsilegum búningum sem hægt er að tengja við þá karnivalísku stemningu sem ríkti á gullaldarárum Feneyja á Ítalíu.

„Ég held að á erfiðum tímum þegar lítið er um peninga leiti fólk frekar eftir fötum sem endast lengur,“ segir Herdís Jóna og vísar til þess að hana hafi langað til að hanna flíkur sem væri skemmtilegt að klæðast og síðast en ekki síst „gætu lyft manni upp frá hversdagsgrámanum“ nefnir hún.

Sýningin á Kjarvalsstöðum stendur til 3. maí. Þar gefur að líta verk eftir nemendur úr myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild. Þess má geta að Louise Wilson, sem er yfir meistaranámi í fatahönnun við St. Martins-skólans í London er einn af prófdómurum skólans þetta árið. En hún þykir mikil áhrifamanneskja í heimi tískunnar um þessar mundir að sögn Álfrúnar G. Guðrúnardóttur, kynningarstjóra Listaháskólans.

*vala@frettabladid.is*



Herdís Jóna hefur hannað föt frá því hún var fimm ára. Hér er hún við vinnuborðið sitt í skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Mörg handtök þarf til að hanna og sauma kjól.


Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar




SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

*ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
**ÚTSÖLUSTAÐIR:** Apótek og snyrtivöruverslanir




**Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com**
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

**30-50% afsláttur**
af eldri gerðum yfirhafna
belladonna
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is




Sérverslun með
Gabor
xena
GLÆSIBÆ S: 553 7060




**Frábært úrval af**
**AÐHALDSUNDIRFÖTUM**
Selena
**Síðumúla 3** • Reykjavík • Sími 553 7355
**Opið virka daga 11-18, laugard. 11-15**


;ALLT
MATUR

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Lífrænar hrukkumeðferðir og vellyktandi

Með vorinu fyllast kvennablöðin af alls kyns fegurðarmeðferðum sem eiga að gjörbreyta lífi hverrar og einnar fyrir sumarið. „Falleg á ströndinni“ eða „Grennast án erfiðleika“ eru dæmigerðar fyrirsagnir á greinum í blöðunum. En nú eiga líka allir að verða „lífrænt ræktaðir“ og það nýjasta í fegurðar- og heilsugeiranum er að bjóða upp á lífrænar snyrtivörur sem setja sífellt meira mark á framleiðsluna. Í dag er „Bio“ töfraorðið fyrir líkamann hvort sem er að innan eða að utan. Vandamálið er hins vegar að ef litið er á innihaldslýsingu lífrænu snyrtivaranna er lífræni hlutinn afskaplega lítill, oft ekki nema 10-15 prósent þrátt fyrir að „Bio“ sé skrifað stórum stöfum á umbúðirnar. Engar reglur gilda um hvernig eigi að meta vörurnar og ein fjögur mismunandi vottorð eru til sem gefa út stimpil um gæði og því mismunandi staðlar notaðir. Auðvitað er ómögulegt að ætla að innihaldið verði hundrað prósent lífrænt, til dæmis er ekki hægt að gefa út vottorð um að vatn sé lífrænt.

Ilmvatnsframleiðendur eru nú sömuleiðis farnir að aðlaga sig nýjum aðferðum og þótt það séu ekki fínustu nöfnin í ilmvatnsgeiranum sem nú framleiða „lífræn“ ilmvötn, fjölgar nú hratt þeim nöfnum sem blanda sér í samkeppnina og nota lífrænt ræktaðar plöntur og náttúrulegar afurðir í framleiðsluna. Til að taka dæmi um ilmtegundir má nefna Kibio, Shantara eða Patyka. Fyrir nokkru voru það einungis örfáar tegundir blómailms sem hægt var að nota og voru mögulegar blöndur mjög takmarkaðar og ilmvötnin einsleit. Annað vandamál sem einkenndi þau var að þau gufuðu fljótt upp af húðinni. Þetta hefur breyst og því er blöndunin nú fjölbreyttari og gæðin sambærileg við önnur ilmvötn. Ilmvötnin eru þó, líkt og snyrtivörurnar, langt frá því að vera hundrað prósent „bíó“ og jaðra við að vera vörusvik. Spurning hvort ekki sé hægt að tala um óheiðarlega viðskiptahætti hvað varðar þessar svokölluðu lífrænu snyrtivörur.

En til að vera ómengaður í dag dugir ekkert minna til að fullkomna vellíðanina en að bregða sér í allsherjar afeitrun eftir veturinn í heilsulindum sem auðvitað nota náttúruleg efni. Hvort sem það er hið nýja Spa Nuxe í hverfi útvarpshússins hér, sem leggur áherslu á nudd, heilsulind L´Occitane sem sífellt færir sig nær umhverfisvernd og ómenguðum vörum, eða þá heilsukeðjan Saara sem býður meðal annars upp á tíbeskt nudd, þá er lykilorðið það sama, slaka á, hreinsa líkamann og ná sambandi við sjálfan sig.

Eftir allt þetta er ekki hægt annað en að vera í formi til að taka á móti sól og sumaryl.

*bergb75@free.fr*



Ríkisgleraugun svokölluðu voru framleidd fyrir almenning í Þýskalandi eftir stríð.

# Þýsk kreppugleraugu fyrir Íslendinga

**Í Gleraugnabúðinni er hægt að gera bæði einföld og ódýr gleraugnakaup.**

Í Gleraugnabúðinni að Laugavegi 36 fást gleraugu sem ganga undir nafninu ríkisgleraugun en þau voru framleidd fyrir almenning í Þýskalandi eftir stríð.

„Fyrirtækið Nigura Metzler framleiddi þessi gleraugu fyrir þýska ríkið sem síðan úthlutaði þeim til þeirra sem stóðu höllum fæti, á nokkurra ára fresti. Þau þykja „retró“ og töff í dag og var ákveðið að hefja framleiðslu á ný,“ segir Jóhannes Ingimundarson, annar eigandi verslunarinnar, sem var að fá gleraugun í hús. Hann segir umgjarðirnar einstaklega sterkar, stærðina henta hverjum sem er og verðið lágt eins og forðum.

Lágt verð er einmitt aðalsmerki Gleraugnabúðarinnar. „Við seljum umgjarðir á 9.900, 14.900 og 19.900 auk þess sem við bjóðum lægsta mögulega verð á glerjum,“ segir Jóhannes. „Þetta er okkar leið til að bregðast við ástandinu enda eru gleraugu nauðsynjavara en ekki munaðarvara. Við leggjum þó áherslu á að bjóða upp á vandaða vöru og erum með sjónmælingar og alla þjónustu á staðnum.“

*- ve*



Ríkisgleraugun eru fremst en fyrir aftan má sjá umgjarðir í þremur verðflokkum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eirberg



Ný sending af sundfatnaði komin

www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit
Nýr hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Bregðumst fljótt við
Okkar aðalsmerki eru skjót viðbrögð og lögð er áhersla á að flýta ráðningarferlinu eins og unnt er.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Reynsla og þekking
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.






» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

**SAMSÝNING** Listar án landamæra verður opnuð í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag klukkan 17. Meðal verka er taflborð og taflmenn úr gleri, fjölbreytt málverk, handgerðar brúður, teiknimyndasögur og margt fleira. Við opnunina kemur fram grænlenskur trommudansari, Anna Thastum frá Kulusuk.
















Þorbjörg í horninu þar sem föt frá Spúútnik hanga innan um eigin hönnun verslunareigendanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN



Gult og glæsilegt.



Fjölbreyttir skrautmunir fyrir heimilin prýða hillur.

# Frúin býður í bæinn

**Prúðbúin gína og gömul ferðataska úti á stétt gefa hugmynd um hlutverk gula hússins í Hafnarstræti 90 á Akureyri. Þar býður Frúin í Hamborg húsmuni frá ýmsum tímum, hatta og frumlegan fatnað.**

Hæstráðendur í Frúnni í Hamborg eru Guðrún Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir. Þorbjörg er við afgreiðslu daginn sem blaðamaður er á ferðinni. Milli þess sem hún sinnir viðskiptavinum grípur hún í sauma eða hefur skærin á loft og hannar tækifæriskort. Hver stund er nýtt. „Við leikum okkur mikið enda er vörumerkið fyrir okkar hönnun Frúin í ham!“ útskýrir hún.

Antikmunir af mörkuðum erlendis og innanstokksmunir af heimilum norðan heiða gefa búðinni hlýlegt andrúmsloft og auðvelt er að gleyma þar tímanum. Húsið sjálft er antik og hvert herbergi þess hefur sitt yfirbragð. „Stundum finnst okkur of þungt yfir hlutunum og þá málum við gólfið í einhverjum lit sem hæfir,“ segir Þorbjörg þegar uppsetningu í búðinni er hælt.

Að sveitamannasið er Þorbjörg innt eftir upprunanum. Í ljós kemur að hún er prestsdóttir undan Eyjafjöllum en hafði viðkomu í Reykjavík áður en hún flutti norður fyrir sjö árum. „Ég missti vinnuna og vantaði eitthvað að gera svo ég fékk vinkonu mína sem er héðan til að fara í þetta ævintýri með mér. Við vorum fyrst við Ráðhústorgið, síðan í Brekkugötunni en nú erum við að reyna að eignast þetta hús,“ segir hún brosandi.

*gun@frettabladid.is*



Hér býr hún.



Þessi gamla klukka gæti sagt frá mörgu.



Púðar sem Þorbjörg hefur saumað úr gömlum gardínum og pilsum.


## Sandvíkur-Skrudda Páls Lýðssonar -gamansögur úr Árnesþingi

Páll heitinn Lýðsson, bóndi og sagnfræðingur í Litlu-Sandvík, safnaði árum saman gamansögum af mönnum og málefnum sem tengjast á einn eða annan hátt Árnessýslu. Sigurður Kristinn Hermundarson, ritstjóri í Reykjavík og kunningi Páls, hafði fyrir ári síðan fært það í tal við hann, að gaman væri að sjá þetta efni á bók og var ákveðið að svo yrði. En enginn ræður sínum næturstað, eins þar stendur. Páll lést í umferðarslysi nokkrum dögum síðar, 8. apríl 2008. Engu að síður var áfram haldið og tók sonur hans, Lýður Pálsson, sagnfræðingur og forstöðumaður Byggðasafns Árnesinga, að sér að búa handritið til prentunar og naut við það aðstoðar áðurnefnds Sigurðar. Í Sandvíkur-Skruddu kennir margra grasa. Þar er fjallað um sýslumennina, bændurna, prestana, alþingismennina, handverksmennina og auðvitað hópferðabílstjórann Ólaf Ketilsson. Og ekki sleppur buxnasalinn.

Bókaútgáfan Hólar mun gefa bókina út í júní næstkomandi, en í henni verður að finna Tabula memorialis. Þar geta áskrifendur að ritinu vottað Páli heitnum Lýðssyni virðingu sína (nöfn áskrifenda munu birtast þar, nema annars sé óskað), en **verð bókarinnar verður kr. 4.000- og er sendingagjald innifalið. Hægt er að gerast áskrifandi í s. 587-2619 og í netfanginu holar@simnet.is**






# heilsa og útivist

FIMMTUDAGUR 30. APRÍL 2009




NORDICPHOTOS/GETTY



# Á fjölda keppna að baki

Arkitektinn Gunnlaugur Jónasson byrjaði að hjóla af miklu kappi í byrjun tíunda áratugarins. Hann fór fljótlega að taka þátt í hjólreiðakeppnum og á hann á annað hundrað keppnir að baki.

„Ég byrjaði að hjóla í Osló þar sem ég var búsettur um skeið og kom það nú til af því að ég áttaði mig á því að mér varð hlýrra af því að hjóla en að keyra í vinnuna. Ég átti gamlan Citróen bragga og var alltaf að krókna úr kulda við stýrið í vetrarfrostinu. Með því að hjóla kom ég blóðinu á hreyfingu og nældi mér í hjólabakteríu í leiðinni.“ Gunnlaugur tók þátt í nokkrum hjólreiðakeppnum í Noregi en byrjaði að keppa fyrir alvöru þegar hann flutti heim.

„Á dagskrá Hjólreiðasambandsins eru að jafnaði um 15 keppnir á ári og tek ég yfirleitt þátt í að minnsta kosti tíu. Það er svo mismikil alvara í þessu eftir því hvernig stendur á,“ segir Gunnlaugur en hann hefur fimm sinnum hampað Íslandsmeistaratitlinum. „Í seinni tíð hef ég svo slysast til að vinna eina og eina keppni.“ Gunnlaugur segir að dágóður hópur Íslendinga stundi hjólreiðar af kappi og geta áhugasamir meðal annars sett sig í samband við hjólreiðafélögin Hjólamenn og Hjólreiðafélag Reykjavíkur en þar er að finna upplýsingar um æfingar og mót. *-ve*



Gunnlaugur á nokkur hjól í fórum sínum. Á veturna hjólar hann á fjallahjólum sem eru búin nagladekkjum en þegar færðin skánar skiptir hann yfir í götuhjól. FRÉTTABLAÐIÐ/

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
SUMAR YOGA
Sértilboð í maí og júní
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið






Konurnar fara allar glaðar heim þrátt fyrir að vera jafnvel lemstraðar og í rifnum buxum.



Þátttakendur ganga í hálfgerðan barndóm og bernskubrekin rifjast upp.



Heiðrún Ólafsdóttir sýnir hér snilldartakta.



Brenniboltafélag Reykjavíkur æfir á mánudögum á Miklatúni en Brenniboltafélag Hafnarfjarðar á fimmtudögum á skólalóð Öldutúnsskóla.

# Konur flykkjast út í brennó í stórum stíl

**Brennibolti á nú vinsældum að fagna meðal kvenna í Hafnarfirði og Reykjavík og hafa tvö brenniboltafélög litið dagsins ljós á síðustu vikum.**

Brenniboltafélag Reykjavíkur var stofnað að hafnfirskri fyrirmynd á dögunum en í Hafnarfirði hefur brenniboltafélag verið starfrækt í tæpan mánuð. Stofnendur félaganna eru konur sem stunduðu brenniboltaæfingar í Kaupmannahöfn um miðbik þessa áratugar.

„Við hófum brenniboltaæfingar sem svar við fótboltaæfingum karlmannanna á Öresundskollegíinu þar sem við bjuggum nokkrar íslenskar fjölskyldur,“ segir Heiðrún Ólafsdóttir, einn af forsprökkum Brenniboltafélags Reykjavíkur. „Við fundum okkur grasbala og notuðum úlpurnar okkar til að afmarka völlinn ef ekki vildi betur til. Það var svo nokkrum dögum í Hafnarfirði sem datt það snjallræði í hug að endurvekja þessa skemmtilegu iðju.“

Brenniboltafélögin eru opin konum á öllum aldri. Þau eru bæði með síðu á Facebook og fer fjöldi félagskvenna vaxandi með hverjum degi. „Þetta eru mjög lýðræðisleg félög og er meðlimum frjálst að æfa með hvoru liði sem er, en vitaskuld er keppt með sinni heimadeild,“ segir Heiðrún. „Við í Brenniboltafélagi Reykjavíkur æfum einu sinni í viku og það sama gildir um Brenniboltafélag Hafnarfjarðar svo þær sem vilja geta náð tveimur æfingum á viku.“

Brenniboltafélag Reykjavíkur er með æfingar á Miklatúni á mánudögum klukkan átta. „Við byrjum á því að fara í snú snú og að verpa eggjum til að þetta hópinn en svo hefst leikurinn. Flestum gengur vel að rifja upp leikreglurnar og er furðulega lítið ósamræmi í reglum í ljósi þess að konurnar koma úr öllum áttum.“

Heiðrún segir konurnar ganga í hálfgerðan barndóm. „Við hrökkvum í sannkallaðan stelpugír og skemmtum okkur konunglega. Við förum allar glaðar heim þrátt fyrir að vera jafnvel lemstraðar og í rifnum buxum.“

Heiðrún segir stefnt að brenniboltamóti í haust og verða því stífar æfingar í allt sumar. „Við skynjum mikinn áhuga alls staðar að og höfum fengið fyrirspurnir frá hinum ýmsu bæjar- og sveitarfélögum sem vilja stofna eigin félög. Það er því alveg spurning um að stofna landssamband og fara jafnvel inn í ÍSÍ og aldrei að vita nema við stöndum uppi með risastórt Íslandsmót í haust.“ *- ve*

# Keppnistímabilið að hefjast

„Við ætlum að hittast um fimmtíu manns og sjósetja bátana okkar,“ segir Ólafur Már Ólafsson, hjá Brokey – Siglingafélagi Reykjavíkur sem sinnir kjölbáta- og kænusiglingum. Félagsmenn ætla að koma saman við Gufunes á laugardag klukkan 10 til að sjósetja báta og undirbúa fyrir keppnistímabilið sem hefst á þriðjudag og stendur fram í september. „Við stöndum fyrir keppni alla þriðjudaga í sumar, siglum út frá Ingólfsgarði klukkan 18. Svo skiptast siglingafélögin á höfuðborgarsvæðinu á að halda sameiginlegar keppnir,“ segir hann og bætir við að allar skútur eigi möguleika á sigri þar sem keppt er eftir alþjóðlegu forgjafarkerfi.

Brokey heldur líka úti barnastarfi í Nauthólsvík í júní og júlí þar sem kennt er á kænur. Að sögn Ólafs er verið að efla þennan þátt í starfseminni. „Við munum auka námskeiðsframboð, kennum frá klukkan 13 til 16.30 virka daga og erum svo með æfingar til að gefa sem flestum krökkum tækifæri til að sigla og keppa. Þar sem færri ferðast utan í sumar er um að gera að bjóða þeim eitthvað skemmtilegt. Svo er þetta tilvalið til að fjölga félagsmönnum til framtíðar.“ Kynning á barnastarfinu verður í Kringlunni á laugardag milli 10 og 15. Sjá www.brokey.is. *- rve*



Ólafur hjá Brokey reiknar með góðri þátttöku í sumar, en félagið er með aðstöðu fyrir kjölbáta við Ingólfsgarð í Reykjavíkurhöfn og uppsátur á Gufunesi, og félagsaðstöðu og aðstöðu til kænusiglinga í Nauthólsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Fjölskyldan hjólar saman í sumar
dömu / herra / barnahjól
59.900
Giant Experssion DX
Álstell, demparagaffall, sætisdempari, 21 gír, bretti, bögglaberi og ljós.
43.900
Giant Rock
Dömu fjallahjól. Álstell, demparagaffall, 21 gír.
55.900
Giant Boulder
Herra fjallahjól. Álstell, demparagaffall sem hægt er að stilla og læsa, 24 gírar.
45.900
Giant Sedona
Dömu comforthjól. Álstell, demparagaffall og dempari í sæti, stillanlegur stýrishalli, 21 gír.
34.900
6-8 ára
Norco Spice
Stelpuhjól. Álstell, 12 gírar, standari.
22.900
4-6 ára
Norco Rainbow
Stelpuhjól.
Einnig til fyrir 3-4 ára: 19.900.
21.900
Norco ZX-50
Strákahjól.
4-6 ára
37.900
8-10 ára
Norco Detonator
Strákahjól. Álstell, 18 gírar, standari.
Vönduð þríhjól
Verð frá 9.900
MARKIÐ
www.markid.is • Sími 553 5320 • Ármúla 40



Vinir, vinkonur eða pör geta komið saman enda hægt að nudda tvo í einu á upphækkuðu fleti í Alsælu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Gengið er beint út í haf um bakdyrnar á Alsælu.



Útsýni er til allra átta úr sjópottinum á þaki Alsælu spa.

# Taílenskt nudd við sjóinn

**Bogi Jónsson og kona hans, Nok, hafa um árabil boðið upp á heimaveitingar á huggulegu heimili sínu á Álftanesi undir nafninu Gullna hliðið. Nýlega létu þau gamlan draum rætast og opnuðu Spa-húsið Alsælu.**



Bogi smíðaði húsið undir Alsælu fyrir þremur árum og er glaður að geta loks boðið upp á nudd í þessum sérhönnuðu húsakynnum.



Skemmtilegt andrúmsloft er í Alsælu- spa. Þar blandast saman íslensk húsagerð og litríkir tælenskir innanstokksmunir.

Róandi taílenskir tónar óma um húsnæði Alsælu spa á Álftanesi. Þar ráða ríkjum þau Bogi Jónsson og kona hans, Narumon Sawangjaitham, eða Nok, eins og hún er ávallt kölluð. „Ég byggði þetta hús fyrir þremur árum sérstaklega undir þessa starfsemi,“ segir Bogi en húsið, sem er í gömlum íslenskum stíl, er innréttað á hefðbundinn taílenskan hátt. „Svo er staðsetning okkar auðvitað einstök enda stendur húsið á tanga sem skagar út í sjó og því líkt og maður sé kominn lengst upp í sveit enda verður maður ekki var við ysinn frá borginni,“ segir Bogi en í Alsælu er meðal annars boðið upp á sérstakt taílenskt nudd.

Bogi er beðinn um að lýsa dæmigerðri heimsókn í heilsulindina. „Gestir sem fara í taílenskt nudd fá engiferte og tækifæri til að slaka aðeins á fyrir nuddið. Eftir stutta slökun og sturtu er farið í sérstök föt, karlmenn fá hnébuxur og konur hnébuxur og topp,“ segir Bogi en í taílenska nuddinu, sem sérlærður nuddari frá Taílandi sér um, er talsvert um jógateygjur. „Í nuddinu er farið yfir orkulínur og þær örvaðar,“ útskýrir Bogi og bætir við að gestir megi búast við töluvert öflugu nuddi þar sem hver vöðvi sé tekinn fyrir. Hins vegar geti þeir sem vilji aðeins slökun pantað ilmolíunudd.

Eftir nuddið getur fólk farið í jurtagufubað sem er ævaforn hefð að sögn Boga. „Þegar kona mín átti fyrsta son sinn, sem er þrítugur í dag, var hún strax eftir fæðinguna drifin inn í svona gufubað í sólarhring til að sótthreinsa og afeitra húðina,“ útskýrir hann.

Þeir sem vilja geta farið upp á þak í heitan pott fylltan af sjó og virt fyrir sér útsýnið. „Svo getur fólk líka farið í stóra pottinn bakdyramegin,“ segir Bogi glaðlega og á við Atlantshafið sem breiðir faðm sinn um Álftanesið. Nánari upplýsingar um Alsælu spa má nálgast á heimasíðu þeirra Boga og Nok á www.1960.is. *- sg*



Taílenskir tónar óma um húsið sem er innréttað á taílenska vísu.



Hefðbundin tælensk list prýðir veggi heilsulindarinnar.



Bogi byggði húsið fyrir þremur árum sérstaklega með heilsulindina í huga. Það var þó ekki fyrr en nýlega að Alsæla tók til starfa.

# Gagnlegar upplýsingar um lífsstíl og heilsu

Lýðheilsustöð heldur úti heimasíðunni www.lydheilsustod.is þar sem finna má ýmsar gagnlegar upplýsingar sem tengjast lífsstíl og heilsu með einum eða öðrum hætti.

Meðal þeirra þátta sem þar er fjallað um má nefna tannvernd, geðrækt, áfengis- og vímuvarnir, hreyfingu, næringu og holdafar, slysavarnir, tóbaksvarnir og skólafræðslu. Undir þessum liðum er síðan að finna alls kyns fróðleik, fréttir, hollráð, rannsóknir og greinar, sem er reglulega uppfært á síðunni.

Síðan er hluti af starfi og yfirlýstu markmiði Lýðheilsustöðvar um að samræma lýðheilsustarf í landinu, efla kennslu og rannsóknir á sviði lýðheilsu og vinna að lýðheilsuverkefnum á eigin vegum og í samvinnu við aðra sem og að byggja upp þekkingarsetur allra landsmanna, fagfólks jafnt sem almennings, á þessu sviði.

Þá er Lýðheilsustöð stjórnvöldum til ráðgjafar um stefnumótun á sviði lýðheilsu, tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi og er í tengslum við aðra sem starfa á sviði lýðheilsu.



**Hreyfing er á meðal þess sem fjallað er um á heimasíðu Lýðheilsustöðvar.**



**Sumum reynist erfitt að losna við aukakílóin. Þá gæti verið sniðugt að fara á námskeið í Manni lifandi og læra réttu tæknina.** MYND/GETTYIMAGES

# Veitir ráð við aukakílóum

Hvað er málið með aukakílóin? Þeirri spurningu veitir heilsufræðingurinn Matti Ósvald svar við í Manni lifandi á fimmtudaginn kemur.

Margir þekkja það vandamál að langa til að grennast en vita ekki almennilega hvernig best sé að snúa sér í þeim efnum. „Hvað er málið með aukakílóin?“ spyr Matti Ósvald heilsufræðingur og veitir svar við því líka í fyrirlestri sínum í Manni lifandi í Borgartúni 24 á fimmtudaginn kemur.

Námskeiðið stendur frá 17.30 til 19.30 og er sérstaklega ætlað þeim sem eru ósáttir við óþarfa kíló. Tekin verða saman nokkur einföld og hagnýt ráð. Fundargestir munu meðal annars heyra um „gildruna“ sem flestir sem glíma við aukakíló lenda í.

Veitt verða svör við því hvaða fæðutegund er mikilvægust til að komast í kjörþyngd og halda henni. Af hverju líkaminn ríghaldi í fituna og hvernig megi fá hann til að sleppa henni. Og síðast en ekki síst hvernig megi kenna líkamanum að bræða af sér óþarfa fitu á meðan maður hvílist. *- hhs*




**Útilegukortið hentar þeim sem vilja ferðast um landið á hagkvæman máta.** MYND/ÚR EINKASAFNI

# Ferðast ódýrt

Útilegukortið er kort sem veitir eiganda þess auk maka og allt að fjórum börnum nær ótakmarkaðan aðgang að 31 tjaldsvæði víðsvegar um landið.

Útilegukortið kom fyrst út árið 2007 en markmið með stofnun þess var að gefa íslenskum og erlendum ferðamönnum kost á því að ferðast um Ísland á ódýran og hagkvæman hátt með gistingu á sérvöldum tjaldsvæðum. Útilegukortið er í gildi eins lengi og tjaldsvæðin eru opin. Kortið gildir fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og hefðbundin tjöld.

Á vefsíðunni www.utilegukort.is má einnig nálgast víðfeðmar upplýsingar um hin ýmsu tjaldsvæði um allt land. Sölustaðir Útilegukortsins eru hjá N1, Víkurverki, Seglagerðinni Ægi eða í gegnum vefinn. *- sg*



# HVAR ER ÞÍN AUGLÝSING ?

Eftirfarandi sérblöð fylgja Fréttablaðinu á næstunni

FÖSTUDAGUR 1. maí



**Föstudagur:**

Vikulegt sérrit á léttu nótunum. Viðtöl við þjóðþekkta einstaklinga, allt það nýjasta í tísku, heilsu og hönnun svo dæmi sé tekið.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir í síma 512-5462 eða sigridurdagny@365.is

LAUGARDAGUR 2. maí



**Heimili & hönnun:**

Vikulegt sérrit um heimili & hönnun, hugmyndir fyrir öll rými heimilisins sem og áhugaverðar fréttir úr heimi hönnunar jafnt innanlands sem utan.

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Þ. Steingrímsson í síma 5125439 eða hlynurs@365.is

LAUGARDAGUR 2. maí



**Fjölskyldan:**

Allt sem tengist fjölskyldunni og fjölskylduskemmtun verður meðal efnistaka í blaðinu og því frábær kostur fyrir auglýsendur með þann markhóp að vera sýnilegir í þessu blaði.

Nánari upplýsingar veitir Benedikt Freyr Jónsson í síma 512 5411 eða Benediktj@365.is

LAUGARDAGUR 2. maí



**Atvinnublaðið:**

Mest lesna atvinnublað landsins – alla laugardaga.

Nánari upplýsingar veitir Viðar Ingi Pétursson í síma 512-5426 eða vip@365.is

MÁNUDAGUR 4. maí



**Fasteignir:**

Fasteignablað Fréttablaðsins - alla mánudaga.

Auglýsendur athugið að panta þarf auglýsingar fyrir klukkan 12 fimmtudaginn 30. apríl

Nánari upplýsingar veitir Viðar Ingi Pétursson í síma 512-5426 eða vip@365.is

LAUGARDAGUR 9. maí



**Matur:**

Sérblaðið Matur með Helgarblaði Fréttablaðsins er stútfullt af uppskriftum þannig að fólk geymir blaðið. Ef þú tengist matarbransanum er þetta klárlega besti auglýsingamiðilinn.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Þór Sigurðsson í síma: 512 5471 eða bjarnithor@365.is



Allt sem þú þarft...




**Uppganga á Hrútfjallstinda er enginn barnaleikur.** MYND ÚR EINKASAFNI VILHELMS GUNNARSSONAR LJÓSMYNDARA.

# Á hnjúkinn ellefu ára

**Gunnar Guðlaugsson verkfræðingur hefur þrammað vikulega á Esjuna frá því um miðjan mars til undirbúnings tveimur stífum fjallgöngum í maí. Önnur þeirra er á Hvannadalshnjúk en þangað stalst hann ellefu ára gamall.**

„Ég fór alveg í mínus þegar ég fór að hugsa um þetta viðtal sem ég lofaði þér í gær. Hvað ef ég kemst svo ekki upp á nein fjöll?“ segir Gunnar í byrjun spjalls og virðist ætla að fara að draga í land en kemst ekki upp með það. „Jú, planið er að klífa Hrútfjallstinda 9. maí og svo Hvannadalshnjúk hinn 21.,“ viðurkennir hann.

Gunnar er Öræfingur og báðar göngurnar eru í hans gömlu heimasveit. Hrútfjallstindar eru upp af Hafrafelli sem hann smalaði á yngri árum. Sá hæsti er 1.875 metrar á hæð. Skyldu þeir ekki vera erfiðir viðfangs? „Jú, jú. Þeir eru það. Að minnsta kosti fyrir mig,“ segir hann. „Ég held að menn reikni með um fimmtán tíma göngu fram og til baka. Svili minn er að fara með hóp og manaði mig í að koma með. Gísli Pálsson heitir hann og er heilmikill göngugarpur, miklu meiri en ég. En þetta er mikil áskorun fyrir mig.“

Á uppstigningardag á svo að fara Sandfellsleið. „Ég fór með systur minni og mági í fyrra upp í 1.800 metra hæð en skyggni var ekkert, við gengum bara eftir GPS-punktum svo við ákváðum að snúa við og reyna aftur í betra veðri. Nú er komið að því. Við ætlum austur á miðvikudagskvöldi og höfum þá úr þremur dögum að velja.“

Tvisvar hefur Gunnar gengið á Hvannadalshnjúk áður. Fyrst ellefu ára og þá án leyfis frá sínu heimafólki. „Það var hópur að fara úr sveitinni og lagði af stað um miðja nótt. Ég rölti yfir á næsta bæ og slóst í för með strákum þaðan sem voru nokkru eldri en ég. Þeim fannst ekkert athugavert við mitt ferðalag. Ég var með bita með mér, stöng og brodda og gekk þetta bara í mínum gúmmístígvélum. Hugsa að ég hafi aldrei labbað léttar þarna upp. Svo fór ég aftur þegar ég var svona sextán til átján ára og hef reynt síðar en ekki haft veðurheppnina með mér.“

Þótt Gunnar eigi göngustafi notar hann oftar stöng í fjallgöngum. „Ég á svo fína stöng sem gamall nágranni minn, Magnús Lárusson, smíðaði handa mér. En þegar ég fer á Hrútsfjallstinda hef ég líklega frekar stafina með mér því þar þarf að beita ísöxinni til stuðnings og þá get ég fest stafina utan á bakpokann en ekki stöngina.“

Til að æfa sig fyrir göngurnar kveðst Gunnar labba upp á Esjuna öðru hvoru. „Ætli ég sé ekki búinn að fara sex sinnum að undanförnu? Það er auðveldara og auðveldara eftir því sem ég fer oftar.“ *- gun*



**„Ég var með bita með mér, stöng og brodda og labbaði þetta bara í mínum gúmmístígvélum,“ segir Gunnar þegar hann rifjar upp sína fyrstu ferð á Hvannadalshnjúk.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stærsta hópkeyrsla sumarsins

„Þetta verður mjög stíft prógramm, þar sem keyrslan er orðin svo stór. Við þurfum að láta loka götum til að þetta fari vel fram,“ segir Njáll Gunnlaugsson, keyrslustjóri hinnar árlegu 1. maí hópkeyrslu Sniglanna, Bifhjólasamtaka lýðveldisins, sem fer fram á morgun. Tilgangurinn er að minna bílstjóra á að mótorhjól séu komin út á göturnar.

Rúm 1.200 mótorhjól tóku þátt í keyrslunni á síðasta ári og telst hún því stærsta keyrsla sem fram hefur farið hérlendis. Njáll gerir ekki ráð fyrir að þátttakendum fækki í ár. „Erfitt er að spá fyrir um fjölda vegna veðurs, en miðað við góða mætingu á sumardaginn fyrsta, þegar veðrið var leiðinlegt, skýt ég á bilinu 1.000 til 1.500 þátttakendur. Enda er þetta aðalkeyrsla sumarsins og því vinsælt.“

Keyrslan hefst nú á Korputorgi og er mæting klukkan 13. Þaðan leggur hersingin af stað í tvöfaldri röð klukkan 14 og heldur eftir Vesturlandsvegi, niður Ártúnsbrekku, að Sæbraut og gatnamótum Dalbrautar. „Þar er lokun fyrir aðra umferð svo hægt verður að nota báðar akreinar niður að vinstri beygjunni á Kringlumýrarbraut. Þar tökum við vinstri beygjuna og svo aftur inn á Sundlaugarveg í fjórfaldri röð. Hann er lokaður við Laugarnesveg til að hægt sé að halda fjórfaldri röð á báðum akreinum inn á Sundlaugarveginn, inn á planið á Kirkjusandi, þar sem keyrslan endar,“ segir Njáll.

Á planinu tekur svo viðamikil dagskrá við klukkan 15. „Þar verða umboð með kynningar á mótorhjólum, keppni í hjólafimi fyrir höfuðborgarsvæðið og fleira.“ Hann bendir ökumönnum á að hægt sé að leggja bílum aftan við Íslandsbanka á Kirkjusandi, þar sem ráðgert sé að hjólin fylli planið. *- rve*



**Sniglarnir standa fyrir hópkeyrslu og viðamikilli dagskrá 1. maí.**


Ekki hefur dregið úr sölu á íþrótta- og útivistarfatnaði. NORDICPHOTOS/GETTY

# Aukinn áhugi á útivist

Starfsmenn útivistar- og íþróttaverslana eru sammála um að áhugi fólks á líkamsrækt og útivist aukist sífellt. Ekki hefur dregið úr sölu á íþrótta- og útivistarfatnaði þrátt fyrir allt tal um að buddur landsmanna séu almennt orðnar léttari.

„Undanfarin ár hefur áhugi fólks á tindaferðum farið vaxandi,“ segir Guðbjörn Margeirsson, starfsmaður útivistarverslunarinnar Everest í Skeifunni, og vísar til þess að landsmenn séu farnir að klífa Hvannadalshnjúk af kappi.

Að hans sögn hefur stöðug söluaukning orðið á útivistarfatnaði undanfarin ár og ekkert lát orðið á sölunni þrátt fyrir efnahagslegar þrengingar landsmanna. Ein skýringin á aukinni þörf fólks fyrir útivistarfatnað liggi hugsanlega í því að margir hafi meiri frítíma en áður.

Berglind Magneudóttir hjá Intersport á Höfða er sömu skoðunar. Spurð um fatnað sem konur setja í forgang er hún fljót til svars. „Konur eru alltaf tilbúnar til að eyða í góðar æfingabuxur, en halda þá frekar í við sig þegar kemur að bolum og öðrum fylgihlutum. Þær vilja líta vel út í æfingabuxunum. Ef rassinn á þeim virkar aðeins minni í dýrari buxunum eru þær keyptar hiklaust, frekar en þær sem eru mun ódýrari.“

Berglind er jafnframt á því að viðskiptavinir gefi sér yfirleitt meiri tíma en áður til að ígrunda kaupin. „Enda er útsöluhornið vinsælt, þar sem hægt er að finna bæði nýjar og eldri vörur á góðum afslætti.“

Sigurlaug Stefánsdóttir hjá Sportveri á Glerártorgi á Akureyri tekur líka undir það að sala á útivistar- og íþróttafatnaði hafi ekkert minnkað. „Líklega er lífsstíll fólks að breytast. Enda hefur viðhorfið til hreyfingar og útivistar tekið miklum breytingum á undanförnum árum,“ nefnir hún. *-vg*

# Þægileg og einföld ráð

„Þetta er námskeið fyrir þá sem eru ráðvilltir og vilja þægileg og einföld ráð til að bæta mataræðið og stuðla að bættri heilsu og líðan,“ segir Inga Kristjánsdóttir næringarþerapisti, sem stendur fyrir námskeiðinu Veistu ekki hvar þú átt að byrja í Heilsuhúsinu í Lágmúla á þriðjudaginn næstkomandi.

„Ég kynni á einfaldan máta fyrir þátttakendum hvað er til á markaðnum og hef við hendina vörur sem eru bæði þægilegar og einfaldar í notkun. Fer mikið út í næringarefni, ræði hvers konar fitu og olíur sé best að nota, hvað henti í matargerð og þar fram eftir götum. Svo fjalla ég aðeins um blóðsykurstjórnun og hvernig sé hægt að raða öllu þessu flókna fæði saman til að fá sem jafnasta og besta orku yfir daginn. Þetta er haft aðgengilegt svo allir skilji, hvar svo sem þeir eru staddir í þessum fræðum.“

Að sögn Ingu hafa margir sem koma á námskeiðin jafnvel aldrei stigið fæti inn í verslun með heilsuvörur og hafa litla innsýn í fræðin; telja sig jafnvel þurfa að kúvenda lífi sínu, án þess að gera sér grein fyrir hversu miklu er hægt að áorka með litlum breytingum. „Ég fer yfir það á þessum tveimur tímum sem hvert námskeið tekur og svo gefst tími til að spyrja spurninga og grannskoða kennslugögnin.“


Inga kennir fólki á einfaldan máta hvernig það geti bætt heilsuna með betra mataræði, á sérstöku námskeiði í Heilsuhúsinu næstkomandi þriðjudag.

Inga segir aðsókn hafa aukist verulega, en námskeiðið á þriðjudag er það sautjánda sem hún heldur síðan í nóvember á síðasta ári. „Það hefur aldrei verið eins mikið að gera hjá mér. Einhvers konar vitundarvakning hefur átt sér stað, kannski vegna þess að margir hafa nú meiri tíma til að kynna sér þessi mál,“ segir Inga og bætir við að með þessu áframhaldi sjái hún fram á að halda aukanámskeið í Heilsuhúsinu.

Allar nánari upplýsingar á www.heilsuhusid.is. *-rve*









Það er gaman í tjaldútilegu í góðu veðri.

# Allir út að tjalda í sumar

Útilegur á Íslandi verða ugglaust með vinsælasta móti í sumar hjá landsmönnum, meðal annars vegna gengismála.

Þeir sem hyggja á slíkar ferðir með tjald, fellihýsi eða hjólhýsi geta nú sótt sér upplýsingar um tjaldstæði landsins inn á nýjan vef, www.tjalda.is. Þar er hægt að skoða staðsetningu tjaldstæða og finna allt um opnunartíma, aðstöðu og verð.

Meðal nýjustu og heitustu frétta sem fram koma á tjalda.is er að nýtt tjaldsvæði verður opnað í Grindavík í maí. Það er 13.500 fermetrar og er við Austurveg, skammt frá sundlauginni og bryggjunni. Þaðan er stutt alla þjónustu.

Í Grindavík og nágrenni eru margar góðar gönguleiðir, innan um sögulega jarðfræði og náttúruminjar.

Þjónustuhús við tjaldstæðið í Grindavík verður opnað síðar. *- gun*



Fjallað verður um tengslin milli orkukerfisins, sálrænna og líkamlegra þátta.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Uppbygging orkukerfisins

Uppbygging orkukerfis mannsins og hvernig hægt er að nýta það á meðvitaðan hátt er til umfjöllunar í fyrirlestri Kristjáns Viðars Haraldssonar í Manni lifandi, Borgartúni 24, næstkomandi þriðjudag.

Í fyrirlestrinum, sem ber yfirskriftina Hvað er heilun, ætlar Kristján auk þess að varpa fram ýmsum spurningum sem kunna að tengjast heilun og leitast við að svara þeim.

Þess skal getið að Kristján Viðar hefur margra ára reynslu sem ráðgjafi og íþróttaþjálfari. Hann er með gráðu í heilun frá Barbara Brennan School of Healing og hefur auk þess gráðu í sálarfræði frá Háskóla Íslands.

Fyrirlesturinn hefst klukkan 17.30 og stendur yfir til klukkan 19. Þátttökugjald er 1.500 krónur. Hægt er að skrá sig á madurlifandi@madurlifandi.is. *- vg*

# Olíur sem hafa góð áhrif á líkama og sál

Í versluninni Betra líf í Kringlunni fæst fjöldinn allur af hreinum ilmkjarnaolíum.

Hafa ber í huga að þær þarf að blanda við grunnolíur eins og til dæmis ólífuolíu, apríkósuolíu eða hnetuolíu áður en þær eru notaðar á húðina. Þó má alveg nota þær óblandaðar beint í baðið.

Mælt er með hafa bómullarhnoðra við hendina ef við ætlum okkur að lykta af þeim og upplifa þau áhrif sem þær hafa á líkama og sál.

Eins og margir vita hefur lofnarblómaolía róandi áhrif og piparmyntuolía styrkjandi áhrif. Rósmarín- og furuviðarlínurnar þykja einstaklega góðar í saunu. Við höfuðverk þykir basilolía góð, og eins fyrir þá sem finna fyrir mikilli streitu.

Sítrónulínan hefur aftur á móti hreinsandi áhrif á meðan olía unnin úr sítrónutré er talin vera orkugefandi. Nú er bara að finna út hvaða ilmkjarnaolía á best við þig. *- vg*



Eftir erfiðan dag er tilvalið að grípa til ilmolía.

NORDICPHOTOS/GETTY





Höfum opnað **nýtt apótek**

í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga





Reykjavíkur Apótek er nýtt apótek sem leitast við að bjóða hagstæð verð og framúrskarandi þjónustu.

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA




## Ýmislegt

Gerum tilboð í nýja/gamla vörulagera að hluta eða heilulagi - áhugasamir hafi samband lagerkaup@gmail.com

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is



Lifðu lífinu lifandi! Góð heilsa og fjárhagslegt sjálfstæði. Pantaðu frían prufupakka. Heiðar Birnir, sjálfstæður dreifingarðaili Herbalife. heidarbirnir@internet.is S. 618-0317.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. LR- kúrinn er ótrúlega einfaldur og öflugur. Engin örvandi efniþ Dóra 869-2024 www.dietkur.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

HERBALIFE VEFVERSLUN - Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Frábært nudd, fantastic massage. S. 692 2352.

**Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!**
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida kemur þ. 29. þ.m. S. 823 8280.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Snyrting

Hárlengingar • Fléttur • Varanleg förðun •
Sími 551 2042 / 694 1275
www.hairandbodyart.net
Lynette-Jones

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**INTER-LINGUAL LEARNING TECHNIQUE Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 PM or 10-11:30 AM !**
Level I: 4 weeks Md to Fr; 18-19:30 or 13-14:30 start:11/5. Level II: 7w: Md,Wd,Fr, 20-21:30 or 10-11:30 st: 11/5 Level III: 10w:Tue,Thu, 20-21:30: st:11/5. Level IV: 4w:Md to Fr 13-14:40: st: 1/6. Ármúli 5, s.5881169 - www.icetrans.is/ice

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Gerum upp gömul húsgögn, smíðum ný, innréttingar og fleira. Uppl. í s. 849 8785.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Reykjavík, sv. 101. Einnig langtímaleiga. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws www.starplus.info,

## Hestamennska

Hestakonur athugið! Munið að mæta á konukvöldið í Reiðhöll Gusts í kvöld 30 apríl kl. 20. Matur, glens og gaman. Sjáumst stjórnin.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**Gistiheimili / Langtímaleiga /**

**Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Íbúðir og atvinnuhúsnæði til leigu í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni. www.lmh.is sími 517-0150

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

105 Rvk - Laugardalur. 60 fm. íbúð í bílskúr. 85 þús. Langtímaleiga - sumarleiga. Sigríður s. 699 3428.

Rúmgott 16fm herbergi á frábærum stað í vesturbænum. Sér inngangur, þægilegt eldhús og klósett sem og þvottaaðstaða. Frítt internet og sundkort fylgja með. Herberginu getur fylgt nýlegt rúm og fleiri húsgögn. Stór garður. laust strax. Verð 37þ. reynir@pegasus.is

Falleg 4herb íb. til leigu í Hörðukór, Kópavogi. Upl. 664 7001.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu herb. eldhúsi, baðherbergi þvottavél, þurrkari. í herb. rúm, fataskápur, ísskápur, ADSLl og TV tengi. S. 693 4848.

Til leigu einb. í Vogum Vatnsleysustr. í sumar. 4 svefnh. Leigist með húsg. og búnaði. Sanngj. leiga fyrir trausta og reglus. leigjendur. Laus frá 12. maí. Uppl. í s. 841 7981

Snyrtileg einstaklingsíbúð, stutt frá verslunarmiðstöð, með tengi fyrir þvottavél. Uppl. í s. 864 7222.

Snyrtileg og nýstandsett rúmlega 40 m2 aukaíbúð í kjallara í vesturbæ Kópavogs, Laus strax. uppl. í s. 892-6537 eða 821-2680

Mjög gott herbergi með húsgögnum á góðum stað í Hafnarfirði til leigu. Eldunar- og þvottaaðstaða og nettenging. Uppl.. í síma 899 7004.

Góð 2ja herb. íbúð til leigu í Furugrund Kóp. Stórar svalir og öll húsg. geta fylgt. S. 699 4368.

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 58 þ. Eldri en 25 ára, barnlaus. F. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

Tvö herb. 1 & 2 manna í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. S. 892 5309.

Skammtímaleiga Íbúð til leigu í Breiðh.11.5 til 20.6. 60 þús. á mán. Allt innifalið. S. 553 0305 - 864 0306.

DO YOU NEED A ROOM FOR RENT w/ furniture near KRINGLAN and BREIÐHOLT 8973611

2ja herb. íbúð í Hraunbæ til leigu. V.80þ. með rafmagni og hita. Laus strax. Uppl. í s. 848 6967

## Sumarbústaðir



Tilboð óskast í tæplega 20 m2 vandað timburhús. Sjá nánar á www.skot-sfs.is

## Atvinnuhúsnæði

**Bolholt 4 til leigu !**
**170fm. verslunarhúsnæði á götuhæð í góðu ástandi. Laust strax.**
**Einnig 50-140fm skrifstofuhúsnæði í sama húsi (2 hæð).**
**Uppl í s. 893 8166.**

TIL LEIGU 70m2 nýl. iðnaðarbil í Garðabæ stór hurð næg stæði v. 85þ. p. mán. 892 7858

**Bolholt 4 til leigu !**
170fm. verslunarhúsnæði á götuhæð í góðu ástandi. Laust strax. Einnig 50-140fm skrifstofuhúsnæði í sama húsi (2 hæð). Uppl í s. 893 8166.

## Geymsluhúsnæði




**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Vélstjóra vantar á m/b Glófaxa VE-300 upplýsingar í síma 844 6022.

Verktakafyrirtæki óskar eftir reyndum smiðum og húsasmíðameisturum. Vinsamlegast sendið ferilskrá á póstfangið adakris@adakris.is

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## Fundir




Aðalfundur Ferðaklúbbsins 4x4 verður haldinn laugardaginn 9. maí kl. 13:00 að Mörkinni 6. Dagskráin mun birtast í Setrinu sem og á vef félagsins www.f4x4.is innan tilskilinna tímamarka.
Stjórn F4x4

## Til sölu









512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Samfylkingin og Evrópusambandið

**UMRÆÐAN**
Rúnar Vilhjálmsson skrifar um Evrópuumál

Ýmsir talsmenn Samfylkingarinnar fóru mikinn í Evrópuumræðunni í nýliðinni kosningabaráttu. Sögðu þeir Íslendinga bókstaflega verða að ganga í Evrópusambandið sem allra fyrst. Annars yrði hér allsherjar efnahagshrun, stórfelldur fyrirtækja- og fólksflótti og viðvarandi svartnætti. Íslendingar ættu ekkert val. Þessir talsmenn Samfylkingarinnar byggja afstöðu sína á bölskoðun á íslensku efnahagslífi og brennandi trú á Evrópusambandinu sem fátt virðist geta haggað. Jafnframt hafa þessir sömu talsmenn sagt að tafarlaus undirbúningur að aðild að Evrópusambandinu sé skilyrði í stjórnarsamstarfi við aðra flokka. Sumir þessarra talsmanna bæta því samt við að þeir séu ekkert endilega að leggja til að Ísland gangi í ESB – þeir séu bara að berjast fyrir því að Íslendingar sæki um og semji um aðild að ESB til að gá og sjá hvað við fáum í svona samingi. Þjóðin geti svo tekið afstöðu til samningsins.

### Að gá og sjá

En er þetta trúverðugur málflutningur? Ef áhugi þessara talsmanna á inngöngu er svo brennandi sem þeir láta, samanber málflutninginn um að Íslendingar „verði að ganga þarna inn“, hverju eru þeir þá tilbúnir að fórna fyrir samninginn? Getur þá verið að afstaða þeirra til aðildarviðræðna sé bara að „gá og sjá“? Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi að ESB fer tæplega í aðildarviðræður við þjóðir sem ætla bara að semja til prufu. Aðildarumsókn mætir þeirri eðlilegu kröfu af hálfu ESB að um ásetning og vilja til inngöngu sé að ræða hjá viðkomandi stjórnvöldum. Þegar aðildarsamningur er frágenginn gerir ESB jafnframt þá eðlilegu kröfu að viðkomandi stjórnvöld standi að baki slíks samnings og vinni með ráðum og dáð að samþykkt hans í viðkomandi ríki.

### Sjávarútvegsstefnan

Aðildarumsóknir einstakra ríkja á undanförnum árum hafa fylgt þeirri forskrift. Við þetta má svo bæta að ríki sem hyggjast ganga í ESB verða að gera sér grein fyrir því í upphafi að þau fara inn í sambandið til að vera og fara ekki þaðan út aftur þótt þau kunni að telja síðar að það þjónaði betur hagsmunum þeirra. Þessir hörðu talsmenn Samfylkingarinnar í Evrópumálum hafa lýst því yfir að þeir myndu ekki styðja samning og inngöngu í ESB sem fæli í sér að Íslendingar afsöluðu sér forræði yfir náttúruauðlindum sínum. En er þetta raunhæfur málflutningur? Ef eitthvað liggur yfirleitt fyrir um innihald hugsanlegs aðildarsamnings Íslands og ESB, er það einmitt hin ófrávíkjanlega krafa ESB (samkvæmt öllum helstu talsmönnum sambandsins) að Ísland félli undir auðlindastefnu sambandsins og að forræði og yfirstjórn auðlindanýtingar, svo sem aflaheimildir og veiðistjórn, færðist til sambandsins (Ísland fengi í mesta lagi einhvern aðlögunartíma).

Hér er rétt að hafa í huga að fiskveiðistjórnun Evrópusambandsins hefur verið í miklum ólestri á undanförnum árum sökum margs konar undanbragða og ofveiði. Nýjar hugmyndir sem fram hafa komið innan sambandsins fela í sér að landskvótareglan um „hlutfallslegan stöðugleika“ verði endurskoðuð eða lögð niður. Þetta er þó einmitt sú regla sem harðir Evrópusinnar hafa talið að myndi vera Íslendingum traust vörn við úthlutun aflaheimilda ef þeir gengju inn í sambandið.


RÚNAR VILHJÁLMSSON

### Evran og efnahagslífið

Loks hafa hinir hörðu talsmenn sagt að Íslendingar þurfi að ganga sem fyrst í Evrópusambandið til að taka upp evru svo rétta megi efnahagslífið við. En er það trúverðugur málflutningur? Innganga í ESB tryggir engan veginn upptöku evru. Hér er um tvö mál að ræða. Ýmis ríki ESB uppfylla ekki skilyrði sambandsins fyrir upptöku evru og hafa aldrei gert. Íslendingar hafa heldur ekki uppfyllt öll þessi skilyrði samtímis og ekki útlit fyrir að svo verði á næstu árum. Til viðbótar kemur svo að ef af upptöku evru yrði einhvern tíma í framtíðinni tryggði það ekki Íslendinga gegn efnahagslegum áföllum og erfiðleikum. Nægir þar að nefna reynslu Spánverja og Íra.

Loks er að nefna að Evrópusamstarfið felur í sér pólitískt ekki síður en efnahagslegt samstarf og samrunaþróun. Embættismenn í Brussel og stjórnmála- og áhrifamenn aðildarríkja Evrópusambandsins sem skemur vilja ganga á hinni pólitísku braut vilja auka vægi sambandsins sem yfirþjóðlegrar valdstofnunar og draga sem því svarar úr valdi þjóðríkjanna sem mynda bandalagið, en þeir sem lengst vilja ganga innan sambandsins stefna að evrópsku stórríki með afnámi fullveldis aðildarríkjanna sem yrðu fylki og héruð í evrópska stórríkinu. Hér má minna á viðeigandi orð Uffe Elleman Jensen á dögunum að lönd sem ætla sér inngöngu í Evrópusambandið verði að hafa áhuga á hinu pólitíska samstarfi og samruna. Menn gangi ekki inn í Evrópusambandið einungis á efnahagslegum forsendum.

Galli á málflutningi hinna hörðu stuðningsmanna Evrópuaðildar er hve umræðan er þröng í kringum tiltekin efnahagsleg atriði, hve kostir ESB-aðildar eru illa rökstuddir og hve lítið er gert úr ókostunum sé yfirleitt á þá minnst. Úr verður áróður í stað þeirrar upplýsandi umræðu sem mikil þörf er á um þessar mundir.

*Höfundur er prófessor í félagsfræði.*



**BJARNI BENEDIKTSSON, FYRRUM FORSÆTISRÁÐHERRA, FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1908.**

*„Við erum svo fáir og við erum svo smáir.“*

***Bjarni var kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins á landsfundi árið 1961. Árið 1963 varð hann forsætisráðherra og gegndi þeirri stöðu þar til hann féll frá ásamt konu sinni og dóttursyni í eldsvoða á Þingvöllum 10. júlí árið 1970.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. APRÍL 1991

## *Viðeyjarstjórnin tekur við völdum*



Á þessum degi fyrir átján árum tók ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, undir forsæti Davíðs Oddssonar, við völdum. Sú stjórn hefur verið kölluð Viðeyjarstjórn þar sem hún var mynduð í Viðey á einungis fjórum dögum. Formaður Alþýðuflokksins, Jón Baldvin Hannibalsson, varð þá utanríkisráðherra.

Stjórnin kvaðst berjast við mikinn fortíðarvanda sem fælist í hallarekstri á ríkissjóði, tómum sjóðum vegna misheppnaðra fjárfestinga í fiskeldi og loðdýrarækt og hættu á verðbólgu. Með aðhaldi í fjármálum og peningamálum tókst að halda verðbólgu í skefjum en það auðveldaði starf stjórnarinnar að aðilar vinnumarkaðarins höfðu gert þjóðarsátt árið 1990 um hóflegar launahækkanir. Einnig voru ýmsir opinberir sjóðir lagðir niður og strangar reglur settar um Byggðasjóð.

Eitt fyrsta verk stjórnarinnar var að viðurkenna á ný sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens, eftir hrun Sovétríkjanna og varð Ísland fyrst ríkja til að gera slíkt.

Halla í rekstri íslenska ríkisins var á nokkrum árum snúið í afgang, sem síðan var notaður til að lækka skuldir. Atvinnulífið opnaðist verulega þegar Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu árið 1994 og var kvótakerfið fest í sessi með margvíslegri löggjöf.

**MERKISATBURÐIR**

1789 George Washington sver embættiseið og verður þar með fyrsti forseti Bandaríkjanna.
1838 Níkaragúa segir sig úr Ríkjasambandi Mið-Ameríku og lýsir yfir sjálfstæði.
1939 Franklin D. Roosevelt kemur fyrstur bandaríska forseta fram í sjónvarpi.
1966 Hótel Loftleiðir er opnað í Reykjavík aðeins sextán mánuðum eftir að framkvæmdir hefjast.
1980 Beatrix Hollandsdrottning tekur við embætti.
1995 Clinton Bandaríkjaforseti heimsækir Norður-Írland fyrstur Bandaríkjaforseta.
1999 Kambódía gengur í Samband Suðaustur-Asíuríkja.

AFMÆLI



**WILLIE NELSON** tónlistarmaður er 76 ára.



**KIRSTEN DUNST** kvikmyndaleikkona er 27 ára.



†

*Ástkær faðir, afi og langafi,*

**Sigurður Lárusson Knudsen**
Tunguvegi 44, Reykjavík,

er lést á Landspítalanum sunnudaginn 26. apríl síðastliðinn verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju 5. maí kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| Guðbjartur Sigurðsson | Snjólaug Jóna Sveinsdóttir |
| Kristín Eva J. Sigurðardóttir | Karl O. Jansson |
| Matthías Daði Sigurðsson | Anna Guðmundsdóttir |
| Sigurður Pétur Sigurðsson | Ingibjörg Bjarnarsdóttir |
| Gunnar Smári Sigurðsson | Súsanna Þórisdóttir |
| Lárus Fjeldsted Sigurðsson | Doris Marleen Omdal |
| Elínborg Sigurðardóttir | |
| Hulda Dögg Sigurðardóttir | Erlendur Valdimarsson |
| Ellen Elsa Sigurðardóttir | Steingrímur Gunnarsson |

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Valgerðar Einarsdóttur Vestmann,**
Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,
áður Bekansstöðum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilisins Höfða og Sjúkrahúss Akraness fyrir góða umönnun.

| | |
|---|---|
| Anna Margrét V. Þóroddsdóttir | Finnur S. Guðmundsson |
| Valur Þór. V. Þóroddsson | Guðlaug Magnúsdóttir |
| Jóhann V. Þóroddsson | Guðríður Hannesdóttir |
| Bjarni O. V. Þóroddsson | Kristín J. Dýrmundsdóttir |
| Katrín V. Þóroddsdóttir | |
| Ólafur V. Þóroddsson | María Björk Reynisdóttir |
| og ömmubörn. | |



†

*Alúðarþakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug, við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, bróður, mágs og afa,*

**Erlendar Sigurðssonar**
Stöðulsholti 4, Borgarnesi.

Guð blessi ykkur öll.

Gunnfríður Sigurharðardóttir

| | |
|---|---|
| Sólveig R. Erlendsdóttir | Ólafur Júlíusson |
| Þórir Erlendsson | Berglind Ólafsdóttir |
| Steingerður Örnólfsdóttir | |
| Jóna Sigurðardóttir | Kjartan Magnússon |
| Guðrún Sigurðardóttir | Sigurbjörn Jóhann Garðarsson |

og afabörn.



**SKYNSEMI OG VIRÐING VIÐ NÁTTÚRUNA** Guðrún Tryggvadóttir stofnaði vefinn Náttúran.is fyrir tveimur árum og hefur hann blómstrað jafnt og þétt síðan þá. Vefurinn er rekinn með styrkjum og auglýsingatekjum en þar má finna hvaðeina er viðkemur umhverfisvernd. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**NÁTTÚRAN.IS:** FÆR STYRK FRÁ MENNTAMÁLARÁÐUNEYTINU FYRIR NÁTTÚRUSPIL

# VONUMST TIL AÐ SPILIN NÝTIST

Fyrir skömmu fékk Náttúran.is styrk frá menntamálaráðuneytinu til að standa straum af kostnaði við að dreifa Náttúruspilum í grunnskóla landsins. „Náttúruspilin eru 52 talsins og á þeim má finna góð ráð fyrir þig og umhverfið,“ útskýrir Guðrún Tryggvadóttir, stofnandi vefjarins, og heldur áfram: „Náttúruspilin voru fyrst hugsuð sem kynningarefni fyrir innihald vefjarins. Okkur langaði að setja fram eitthvað skemmtilegt sem væri ekki bók eða bæklingur en gæfi þó til kynna hversu fjölbreytt efnið á vefnum er í raun.“

Umhverfismál eru eitt helsta hitamálið þessa dagana og áhrif mengunar og loftlagsbreytinga knýja fólk til að hugsa hlutina upp á nýtt. „Spilin voru unnin í samvinnu hjá okkur í þróunarteymi. Í upphafi voru gefin út 48 spil vegna opnunar vefjarins fyrir tveimur árum, en við urðum tveggja ára 25. apríl síðastliðinn. Síðan þá hafa spilin verið uppfærð og endurprentuð og eru nú orðin að 52 spila setti,“ útskýrir Guðrún og nefnir að fljótlega hafi borið á því að kennarar hafi sóst eftir að fá spilin í kennslu. „Til að byrja með voru spilin ekki hugsuð þannig, heldur frekar til að kynna innihald vefjarins. Textarnir eru ekkert sérstaklega stílaðir inn á börn frekar en fullorðna en tilgangurinn með stuttum og laggóðum textum er sá að allir skilji hlutina og að efnið sé skemmtilegt,“ segir hún ákveðin. „Spilin eru eins og minniskort að forminu til en hver og einn getur látið sér detta eitthvað skemmtilegt í hug með þau. Vefurinn getur síðan nýst sem viðbót til enn frekari umhverfisfræðslu eða þemavinnu í skólastarfi.“



Þar sem spilin eru nú 52 talsins duga þau fyrir hverja viku ársins. Á hinni hliðinni er síðan árstíð en spilin skiptast í vetur, sumar, vor og haust. „Fyrir hverja árstíð eru 13 ráð sem nota má markvisst í kennslu, en skort hefur á efni tengt umhverfismálum í skólana,“ segir Guðrún og bætir við: „Áhugavert er að æ fleiri kennarar hafa samband og biðja um að fá spilin send og því sóttum við um styrk til menntamálaráðuneytisins til að senda spilin í alla skóla,“ segir Guðrún, sem hannaði útlit spilanna í samvinnu við Signýju Kolbeinsdóttur. „Allir sem hafa unnið við vefinn eiga hins vegar þátt í þessum spilum. Textarnir eru unnir í hópavinnu hjá okkur en hugmyndin kom upphaflega frá Völu Smáradóttur, sem starfaði hjá okkur í hálft ár.“

Á Náttúran.is má finna hvaðeina er tengist umhverfismálum. Eitt af meginmarkmiðunum er að benda á vörur og þjónustu þar sem sjálfbærni, sanngjörn viðskipti og virðing fyrir náttúrunni og fólki eru höfð að leiðarljósi. „Þar er yfirsýn yfir hver er að gera hvað í umhverfismálum og má þar til dæmis nefna Græna kortið þar sem yfir þúsund íslenskir aðilar eru skráðir og flokkaðir eftir alþjóðlegu kerfi, en Ísland er fyrsta landið sem kortlagt er í heild sinni. Þar má finna allt er við kemur grænu hagkerfi sem gerir neytendum kleift að vera meðvitaðir um umhverfisvernd. Þar má einnig finna Endurvinnslukortið, grænar síður, veðurspá og verslun, ýmsar fréttir og fleira,“ segir Guðrún áhugasöm. hrefna@frettabladid.is

# Öskjuhlíðarskóli í Þjóðminjasafni

Sýningin Landnám Íslands verður opnuð á Torginu á fyrstu hæð Þjóðminjasafnsins í dag, fimmtudaginn 30. apríl, klukkan 17.

Á sýningunni verður sýndur afrakstur starfs nemenda í 8. bekk Öskjuhlíðarskóla sem unnið hafa verkefni tengd landnáminu í vetur.

Það er hefð í 8. bekk Öskjuhlíðarskóla að læra um landnám Íslands. Nemendur fræðast um fyrstu landnámsmennina og líf í nýju landi. Unnin eru margvísleg verkefni og vinnubækur.

Liður í náminu er að fara í vettvangsferðir. Nemendur heimsækja Sögusafnið í Perlunni, Landnámssýninguna í Aðalstræti og síðast en ekki síst er farið í Þjóðminjasafnið.

Á þessari sýningu getur að líta nokkur myndverk nemenda 8. bekkja tveggja síðastliðinna vetra og eiga allir nemendurnir þar einhvern hlut að máli.



**Í ÞJÓÐMINJASAFNI** Krakkarnir í áttunda bekk halda sýningu í Þjóðminjasafninu.



skemmtilegri
Idol
FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOÐ!
50%
AFSLÁTTUR
SPORT
SPORT 2
FJÖLVARP
SJÓÐHEITUR MAÍ
ÚRSLIT Í IDOL STJÖRNULEIT – HVER FER HEIM MEÐ 2 MILLJÓNIR KRÓNA?
GREY'S ANATOMY SNÝR AFTUR
WIPEOUT
ÚRSLITIN Í AMERICAN IDOL Í BEINNI
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
AUDDI OG SVEPPI
THE MENTALIST
FRINGE
24
PRISON BREAK
SJÁLFSTÆTT FÓLK
HELL'S KITCHEN
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




# Hringadróttins-heilkennið



NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

Árið 2004 uppskar Peter Jackson laun erfiðis síns þegar bandaríska kvikmyndaakademían ákvað að heiðra leikstjórann með ellefu Óskarsverðlaunum fyrir síðasta hlekkinn í Hringadróttins-þríleiknum. Jackson tókst það sem flestir töldu ógerlegt; að gæða Gollum og Gandálf lífi.

Aðdáendur myndanna þriggja eru sammála um að fyrsta myndin sé brautryðjendaverk. Flestir spáðu því að Jackson ætti greiða leið upp á stóra sviðið en Akademían er ólíkindatól og Ron Howard fékk verðlaunin fyrir klútakjaftæðið Fallegan huga. Árið eftir var það formsatriði fyrir Jackson að fara heim með gullhlunkinn en asnarnir í Kodak-höllinni gengu framhjá honum og danshryllingurinn í Chigaco naut stundarinnar.

Ameríkanarnir virtust nefnilega ekkert sérstaklega hrifnir af því að láta feitan karl með skegg frá Nýja-Sjálandi fá æðstu verðlaun kvikmyndaborgarinnar þrjú ár í röð þótt Hringadróttins-myndirnar hefðu gnæft yfir aðra kvikmyndaframleiðslu. Farsælasta leiðin fyrir alla var að láta Jackson hafa verðlaunin einu sinni sem virðingarvott við þrekvirkið.



Þessi sama tilfinning kviknaði þegar ég las að Ryan Giggs hefði verið valinn besti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar. Giggs hefur leikið fimmtán tímabil sem voru öll miklu betri en árið í ár. Giggs væri vel að þessu kominn ef hann hefði skipt sköpum en leikmaður, sem hefur verið í byrjunarliðinu tólf sinnum, getur vart talist sá besti í sínu fagi. Ekki nema að þetta séu heiðursverðlaun. Og þá reikna ég fastlega með því að Tugay, tyrkneska goðsögnin hjá Blackburn, hljóti þau að ári.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Myrk spennusaga** úr undirheimum Stokkhólms þar sem allt snýst um eiturlyf, peninga og hefnd. Aðalpersónurnar eru þrír glæpamenn: Jorge er **dópsali sem sleppur úr fangelsi** á ævintýralegan hátt og ætlar að forða sér úr landi en þarf fyrst að negla þá sem komu honum í steininn. JW er **strákurinn sem selur yfirstéttarliðinu kókaín** á flottustu klúbbunum til að fjármagna tvöfalt líf sitt. Og Mrado er **serbneskur mafíuhandrukkari** sem misþyrmir og drepur án samviskubits en lætur sig dreyma um hamingjusama tilveru með ungri dóttur sinni. Allir leita þeir að skyndigróða og **örlög þeirra tvinnast saman gegnum kókaínið**; þar má hafa skjót uppgrip, þar er fundið fé.




**KOMIN Í KILJU**

„MJÖG SANNFÆRANDI.“
Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan

„OFSALEGA FÍN GLÆPASAGA.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„Besta glæpasagan um undirheima Stokkhólms.“
Kristianstadsbladet

„Þessa bók er ógerlegt að leggja frá sér.“
Expressen




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



## Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 3/5 kl. 14:00 U | Sun 24/5 kl. 14:00 U | Lau 6/6 kl. 17:00 U |
| Sun 3/5 kl. 17:00 U | Þri 26/5 kl. 18:00 U | Sun 7/6 kl. 14:00 U |
| Þri 5/5 kl. 18:00 U | Mið 27/5 kl. 18:00 U | Sun 7/6 kl. 17:00 U |
| Sun 10/5 kl. 14:00 U | Fös 29/5 kl. 18:00 U | Lau 13/6 kl. 14:00 Ö |
| Sun 10/5 kl. 17:00 U | Lau 30/5 kl. 14:00 U | Lau 13/6 kl. 17:00 Ö |
| Lau 16/5 kl. 14:00 U | Lau 30/5 kl. 17:00 U | Sun 14/6 kl. 14:00 U |
| Lau 16/5 kl. 17:00 U | Fim 4/6 kl. 18:00 U | Sun 14/6 kl. 17:00 U |
| Sun 17/5 kl. 14:00 U | Fös 5/6 kl. 18:00 U | Sun 30/8 kl. 14:00 |
| Sun 17/5 kl. 17:00 U | Lau 6/6 kl. 14:00 U | Sun 30/8 kl. 17:00 |

Sýningar haustsins komnar í sölu

## Hart í bak (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Lau 2/5 kl. 20:00 U | Lau 9/5 kl. 20:00 U |
| Fös 8/5 kl. 20:00 U | Fös 15/5 kl. 20:00 U |

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

## Sædýrasafnið (Kassinn)

Sun 3/5 kl. 21:00 Ö

Síðasta sýning.

## Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Lau 2/5 kl. 13:00 Ö | Lau 9/5 kl. 13:00 Ö |
| Lau 2/5 kl. 14:30 Ö | Lau 9/5 kl. 14:30 Ö |

Bestu vinkonur barnanna í líflegri sýningu fyrir þau allra yngstu

## Eterinn (Smíðaverkstæðið)

Fim 30/4 kl. 21:00 Ö

Miðaverð aðeins 2.000 kr. Síðasta sýning.

## Creature - gestasýning (Kassinn)

| | |
|---|---|
| Fim 14/5 kl. 20:00 U | Lau 16/5 kl. 20:00 |
| Fös 15/5 kl. 20:00 Ö | Sun 17/5 kl. 20:00 |

## Í Óðamansgarði (Stóra sviðið)

ópera í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík

| | |
|---|---|
| Fös 22/5 kl. 20:00 | Lau 23/5 kl. 20:00 |


# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 30. apríl 2009**

## Leiklist

**19.00** Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands við Sölvhólsgötu 13, flytja verkið Going Ballistic eftir **Rostislav Tumanov.**

## Opnanir

**17.00** Í **Ráðhúsi Reykjavíkur** verður opnuð sýning 30 listamanna í tengslum við List án landamæra. Valur Höskuldsson les úr verkum sínum og Anna Thastum sýnir gjörning. Sýningin stendur til 10.maí og er opin alla daga kl. 12-18.

## Fyrirlestrar

**16.00** Hollenski bókmenntafræðingurinn **Joep Leerssen** flytur erindi um ímynd Miðjarðarhafsvæðisins, í stofu N123 í Öskju við Sturlugötu. Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Allir velkomnir.

## Síðustu Forvöð



Sýningu Ragnhildar Ágústsdóttur **„Memento Mori“** í Gallerii Fold við Rauðarárstíg, lýkur sunnudaginn 3. maí. Opið virka daga kl. 10-18, lau. kl. 10-16 og sun. kl. 13-16.

## Bækur



Dagskrá í tilefni af 150 ára fæðingarafmæli rithöfundarins Knut Hamsun.

**17.00** Hátíðin hefst í dag þegar opnuð verður sýning tileinkuð **Hamsun** í aðalsafni Borgarbókasafnsins við Tryggvagötu. Kynningarmyndband um feril Hamsun verður sýnt og Sigurður Skúlason leikari les smásögu.

## Tónleikar

Hljómsveitin **Nögl** verður með tvenna tónleika á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Fyrri tónleikar verða kl. 17 og ekkert aldurstakmark. Einnig koma fram **Flawless Error** og **Króna**. Seinni tónleikarnir hefjast kl. 22, 20 ára aldurstakmark. Einnig koma fram **Króna, Bróðir Svartúlfs og Cynic Guru**.



**20.00 Kór Íslensku óperunnar** við Ingólfsstræti, flytur fjölbreytta tónlist sem tengist með einum eða öðrum hætti **draugum** og **þjóðtrú** eftir íslensk tónskáld.

**20.00 Hafdís Pálsdóttir** píanóleikari verður með útskriftarónleika í Salnum við Hamraborg í **Kópavogi**. Á efnisskránni verða m.a. verk eftir Rachmaninoff og Dussk.

**20.00** Ljósvaki spilar á **Fimmtudagsforleik** Hins Húsins við Pósthússtræti 3-5. Gengið inn Austurstrætismegin. **Allir allsgáðir 16 ára og eldri** velkomnir. Aðgangur ókeypis.

**20.30** Bubbi Morthens verður með tónleika í menningarmiðstöðinni **Fjarðarbyggð** á Eskifirði þar sem hann leikur ný lög í bland við eldra efni. Húsið opnar kl. 20.



**21.00 Ólöf Arnalds** og færeyska hljómsveitin ORKA ásamt **Eivøru Pálsdóttur** verða með tónleika í Norræna húsinu við Sturlugötu 5. ORKA leikur á óhefðbundin hljóðfæri s.s. steypuhrærivél, slípirokk og loftpressu. Húsið opnar kl. 20.

**21.00** Gítarhátíð á **Græna Hattinum** við Hafnarstræti 96 á Akureyri 30. apríl - 2. maí. Í kvöld koma fram Krisján Edelstein og tríó, Hallgrímur Ingvason og hljómsveit og Gunnar Þórðason ásamt tríói. Húsið opnar kl. 20.

**21.00** Power BT tríó ásamt leynigesti leika á tónleikum jazzklúbbsins Múlans á **Café Cultura** við Hverfisgötu 18.

## Dansleikir

Sjonni Brink, Gunni Óla og Pálmi Sigurhjartarson verða á **Players** við Bæjarlind í Kópavogi.

Plötusnúðurinn **Frigore** úr Plugg'd þeytir skífum á nýjum skemmtistað við Tryggvagötu 22, **London/Reykjavík**. Snyrtilegur klæðnaður, aldurstakmark 22 ára og aðgangur ókeypis.

## Pub Quiz



**21.00** Á **Dillon Sportbar** við Trönuhraun 10 í Hafnarfirði verður 80's þema. Kvöldið hefst með Pub Quiz sem **Doddi Litli** stjórnar.



## Ljósmyndasýningar



Opnuð hefur verið sýning á ljósmyndum **Keiko Kurita** í Skotinu á Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu 15. Opið virka daga kl. 12-19 og um helgar 13-17. Aðgangur ókeypis.

Í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi við Gerðuberg 3-5, hefur verið opnuð sýning á ljósmyndum Cynziu D'Ambrosi sem heitir **„Myrkur sannleikur: Kolanámumenn í Kína“**. Sýningin er opin virka daga kl. 11-17 og um helgar kl. 13-16.

## Myndlist

**Edda Þórey Kristfinnsdóttir** hefur opnað sýningu í Grafíksafni Íslands við Tryggvagötu 17 (hafnarmegin), þar sem hún sýnir m.a. málverk, textaverk og skúlptúra. Opið fim.-sun. kl. 14-18.






Sex listamenn sýna verk í **START ART** listamannahúsi við Laugaveg 12b; Lena Boel, Dagrún Matthíasdóttir, Sigurlín M. Grétarsdóttir, Joseph Henry Ritter, Ragnheiður Ragnarsdóttir og Margrét Jónsdóttir. Opið þri.-lau. kl. 13-17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**













# Mest selda bók síðasta árs komin í kilju

**„Þéttbyggt drama í þaulhugsuðum stíl meistarans.“**

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

**Myrká**
**Arnaldur Indriðason**
**1.980 kr.**

## TOPP 10 KILJULISTI EYMUNDSSON




**1.** Sjöstafakverið **499 kr.**




**2.** Dóttir hennar dóttir mín **1.980 kr.**




**3.** Þar sem sólin skín **1.990 kr.**




**4.** Rauðbrystingur **1.990 kr.**




**5.** Karlar sem hata konur **1.980 kr.**




**6.** Sjöundi sonurinn **1.980 kr.**




**7.** Bókaþjófurinn **1.980 kr.**




**8.** Fundið fé **1.980 kr.**




**9.** Dóttir myndsmiðsins **1.980 kr.**




**10.** Hús moskunnar **1.980 kr.**




**Mundu eftir þjóðargjöfinni!**

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



BOB DYLAN



PATRICK WOLF

> Í SPILARANUM

**Bob Dylan** - Together Through Life
St. Vincent - Actor
Patrick Watson - Wooden Arms
Meat Puppets - Sewn Together
**Patrick Wolf** - The Bachelor

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Högni með nýja plötu

Færeyski tónlistarmaðurinn Högni Lisberg hefur gefið út plötuna Haré! Haré!. Platan hefur fengið mikið lof í færeyskum og dönskum fjölmiðlum og þykir hann hafa fundið sinn tón með þessari þriðju plötu sinni.

Í tilefni af útgáfunni heldur Högni tvenna tónleika hérlendis um helgina. Fyrst spilar hann á Grand Rokk á föstudagskvöld ásamt hljómsveitinni Ég og á sunnudagskvöld spilar hann á Sódómu Reykjavík. Miðaverð á tónleikana er 1.000 krónur. Nánari upplýsingar um Högna má finna á Myspace.com/hognilisberg eða á Hogni.com.



**HÖGNI LISBERG** Færeyski tónlistarmaðurinn hefur gefið út plötuna Haré! Haré!.




> **Plata vikunnar**

Sudden Weather Change - Stop! Handgrenade in the Name of Crib Death 'nderstand?

★★★★

„Vonarstjórnur íslenskrar rokktónlistar valda ekki vonbrigðum." TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Plata sem breytti sögunni*

Þegar rappið kom fyrst upp á yfirborðið snemma á níunda áratug síðustu aldar voru margir fljótir að afskrifa það sem nýjabrumsbólu sem mundi springa fyrr en varði. Það sama hafði heyrst þegar pönkið kom fram nokkrum árum áður. Slíkar hrakspár virðulegra tónlistargagnrýnenda hljóma auðvitað hlægilega í ljósi þess sem síðar gerðist. Rappið hefur sitt pláss enn í dag og áhrif pönksins verða seint ofmetin.



**MEISTARAVERK** Paul's Boutique stendur vel fyrir sínu 20 árum seinna.

Nú er svo komið að það eru farnar að koma út afmælisútgáfur af sumum af bestu hip-hop plötum sögunnar. Fyrir nokkrum vikum kom út tuttugu ára afmælisútgáfa af annarri plötu Beastie Boys, Paul's Boutique. Sú plata hefur lengi verið hátt á listum yfir bestu hip-hop plöturnar, hafnaði t.d. í öðru sæti á lista yfir þær tíu bestu sem birtur var í breska tímaritinu Clash nýlega. Aðeins It Takes a Nation of Millions með Public Enemy sló henni við.

Eins og kunnugt er eru í Beastie Boys þrír hvítir millistéttastrákar frá New York sem byrjuðu í pönkhljómsveit 1981, en fengu rappdelluna og slógu í gegn með sinni fyrstu plötu, Licence to Ill, árið 1986. Á henni voru partíbomburnar No Sleep Till Brooklyn og Fight for Your Right (to Party). Þegar Paul's Boutique kom út þremur árum síðar kvað hins vegar við annan tón. Platan er kennslustund í fyrsta flokks hljóðsmölun og sannar ein og sér gildi þeirrar aðferðar við tónlistarsköpun. Öll smáatriði á plötunni eru fullkomin, allt frá hljóminum til myndanna á umslaginu. Sannkallað snilldarverk sem virkar best þegar maður spilar það í heild sinni.

Paul's Boutique var tímamótaverk. Eins og fleiri meistaraverk í poppsögunni setti hún viðmiðin hærra fyrir alla þá sem á eftir komu. Og eins og fleiri áhrifamiklar plötur seldist hún ekkert þegar hún kom út, en safnaði hörðum aðdáendum eftir því sem árin liðu. Löngu sígilt verk sem á heima við hliðina á Abbey Road, Kind of Blue, OK Computer og The Velvet Underground & Nico.

## PLÖTUR DEPECHE MODE

Speak & Spell (1981)

A Broken Frame (1982)

Construction Time Again (1983)

Some Great Reward (1984)

Black Celebration (1986)

Music for the Masses (1987)



Violator (1990)

Songs of Faith and Devotion (1993)

Ultra (1997)

Exciter (2001)

Playing the Angel (2005)

Sounds of the Universe (2009)





**DEPECHE MODE** Samstarfið hjá þeim Dave Gahan, Martin Gore og Andrew Fletcher hefur aldrei gengið betur en í dag, enda Martin Gore hættur að drekka og dópa.

# Ennþá ferskir eftir öll þessi ár

**Það er engan bilbug að finna á ensku þremenningunum í Depeche Mode, en á dögunum sendu þeir frá sér sína tólftu hljóðversplötu, Sounds of the Universe. Trausti Júlíusson tékkaði á þessu lífseiga rafpoppbandi.**

Það hafa líklega ekki margir búist við því þegar hljómsveitin Depeche Mode var stofnuð árið 1980 að hún ætti enn eftir að vera starfandi tæpum þrjátíu árum seinna. Tólfta hljóðversplata sveitarinnar, Sounds of the Universe, var að koma út og fram undan er risatónleikaferð sem hefst 6. maí í Lúxemborg og stendur í það minnsta til 6. febrúar 2010 þegar sveitin treður upp í Moskvu.

### Essex-strákar

Forsaga Depeche Mode hófst árið 1977 í Basildon í Essex þegar þeir Andrew Fletcher og Vince Clarke stofnuðu hljómsveitina No Romance in China. Þeir gengu í gegnum nokkrar mannabreytingar á næstu þremur árum og skiptu oft um nafn. Saman eða hvor í sínu lagi reyndu þeir meðal annars fyrir sér sem The French Look og Composition of Sound og árið 1979 bættist Martin Gore í hópinn. Eftir að Vince Clarke heyrði Dave Gahan syngja David Bowie-lagið Heroes var hann ráðinn og Depeche Mode varð til. Nafnið fengu þeir frá franska tískublaðinu Dépêche mode.

### Speak & Spell

Hljómsveitin gerði samning við Mute Records (sem gefur verk hennar út enn í dag) og í nóvember 1981 kom fyrsta plata sveitarinnar, Speak & Spell. Hún seldist vel, en fékk misjafna dóma. Sumum gagnrýnendum þótti þetta heldur þunnfljótandi og léttvægt. Eftir útkomu plötunnar hætti Vince Clarke, sem hafði verið aðallagasmiður sveitarinnar. Hann stofnaði Yazoo með Alison Moyet og seinna Erasure með Andy Bell. Depeche Mode hélt samt ótrauð áfram og snemma árs 1982 gekk Alan Wilder til liðs við sveitina. Hann var meðlimur allt til 1995, en síðan hefur Depeche Mode verið tríó.

### Metsöluplötur og stórtónleikar

Vinsældir Depeche Mode jukust jafnt og þétt á níunda áratugnum. Plötur eins og Some Great Reward frá 1984, Music for the Masses (1987) og Violator (1990) seldust vel og hljómsveitin varð sífellt stærra tónleikanúmer. Eftir mikla leikvanga-tónleikaferð árið 1998 tók sveitin sér þriggja ára hlé en sneri svo aftur árið 2001 með plötuna Exciter sem þótti sýna að sveitin væri enn í fullu fjöri. Árið 2005 kom Playing the Angel og nú er plata númer tólf komin út.

### Góður mórall

Sounds of the Universe er í þessum sígilda Depeche Mode-stíl, en hljómar samt furðu fersk. Sándið er mjög flott og þeir félagar eiga greinilega ekki í vandræðum með lagasmíðarnar. Sveitin hefur gengið í gegnum eitt og annað á ferlinum og það hefur oft reynt á samstarfið. Þeir segja samt að það hafi sjaldan gengið betur en í dag. Martin Gore er loksins hættur að drekka og dópa og Dave Gahan er orðinn afslappaðri og er að eigin sögn hættur að hafa það á heilanum hvað hann komi mörgum lögum eftir sig á næstu Depeche Mode-plötu.




# Creed snýr aftur

Einhver umdeildasta hljómsveit síðari tíma, Creed, hefur ákveðið að koma saman aftur eftir fimm ára hlé. Creed hefur alltaf átt sér sterkan aðdáendahóp, þar á meðal hér á landi, en óhætt er að fullyrða að jafn stór hópur teljist vart til aðdáenda. Sumir ganga meira að segja svo langt að lýsa yfir hreinu hatri á Creed.

Söngvarinn Scott Stapp hefur lýst því yfir að Creed muni að minnsta kosti koma fram á 42 tónleikum í Bandaríkjunum á næstunni. Að tónleikaferðinni lokinni kemur út ný plata frá Creed, sem selt hefur 26 milljón plötur á ferlinum. „Ég saknaði strákanna minna og langaði að gera aftur tónlist með þeim,“ sagði Stapp í viðtali við Rolling Stone.



**ANGURVÆR RÖDD HEYRIST AFTUR** Scott Stapp og Creed eru á leið á tónleikaferðalag. NORDICPHOTOS/GETTY

# Umdeildur Iggy Pop

Rokkarinn Iggy Pop hefur alltaf verið á milli tannanna á fólki og jafnan vakið deilur. Nú er hann enn og aftur kominn í fréttirnar en að þessu sinni af óvenjulegu tilefni. Iggy birtist fyrr á þessu ári, öllum að óvörum, sem andlit auglýsingaherferðar breska tryggingafyrirtækisins SwiftCover.com. Í auglýsingunum lýsti Iggy því yfir að hann væri með allt á tæru, hjá SwiftCover væri hann með tryggingar fyrir tryggingunum sínum.

Nú hefur síðanefnd auglýsenda í Bretlandi bannað auglýsingarnar eftir að það uppgötvaðist að skemmtikraftar mega ekki tryggja bílana sína hjá fyrirtækinu. Þar með er útilokað að Iggy sé tryggður þar. Auglýsingin var því talin misvísandi og tekin úr umferð.



**ALLTAF UMDEILDUR** Rokkarinn Iggy Pop vekur jafnan eftirtekt. Nú hafa auglýsingar með honum verið bannaðar í Bretlandi. NORDICPHOTOS/GETTY



**BRITPOP-ÁRANNA MINNST** Jarvis Cocker og félagar í Pulp eru meðal þeirra banda sem eiga lag á safndisknum Common People: The Britpop Story. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nostalgía fyrir Britpoppara

**Britpop-aðdáendur geta merkt við 8. júní á dagatölunum sínum og farið að hlakka til. Þá verður gefinn út þriggja diska safndiskur, *Common People. The Britpop Story*, með flestum af þekktustu hljómsveitum þessa eftirminnilega tímabils.**

**Á safndisknum verður að finna lög með Pulp, The Stone Roses, Super Furry Animals og Supergrass svo fáeinar séu nefndar. Hins vegar vekur athygli að hvorki Blur né Oasis eiga þar lög. Þau bönd þóttu einmitt aðalböndin á Brit-árunum á tíunda áratug síðustu aldar.**

**Veglegur bæklingur fylgir þessari útgáfu. Textann skrifar Bob Stanley úr Saint Etienne en hann skrifaði fyrir Melody Maker á þessum tíma.**

**Meðal annarra eftirminnilegra og minna þekktra banda sem eiga lög á disknum eru: Elastica, The Auteurs, James, Dodgy, Gene, Cast, Bluetones, The Boo Radleys, Menswear, Sleeper, Echobelly, Northern Uproar, Kula Shaker, Shed Seven og Catatonia.**



**WILCO** Sjöunda platan kemur í júní.

# Nýtt frá Wilco

**Sjöunda plata hljómsveitarinnar Wilco er væntanleg í búðir í lok júní. Platan kallast einfaldlega „Wilco (The Album)“ og á henni verða ellefu lög, þar á meðal „Wilco (The Song)“. Söngkonan Feist syngur í einu lagi plötunnar.**

**Wilco, sem á ættir sínar að rekja til Chicago, hyggur á tónleikaferðalag um Bandaríkin í sumar til að kynna plötuna. Fljótt varð uppselt á tvenna tónleika sveitarinnar í Los Angeles og hefur þeim þriðju nú verið bætt við.**



**> FOLAR Í FRAMHALDI**

Folarnir þrír sem léku kærasta þeirra Carrie, Charlotte og Miranda í Sex and the City-myndinni hafa samþykkt að leika í framhaldinu. Á meðal þeirra er Chris Noth sem lék Mr. Big. Tökur á Sex and the City 2 hefjast í sumar og er myndin væntanleg í bíó eftir rúmt ár.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Hundraðasta myndin í bígerð

Hasarhetjan Jackie Chan er með sína hundruðustu kvikmynd í bígerð. Myndin nefnist Chinese Zodiac og ætlar Chan að leikstýra henni ásamt Stanley Tong, sem leikstýrði honum á sínum tíma í Rumble in the Bronx.

Chan, sem er 55 ára, er þessa dagana að ljúka við Hollywood-myndina The Spy Next Door, þar sem Magnús Scheving leikur á móti honum, og einnig hina kínversku Big Soldier. Eftir að framleiðslu þeirra lýkur er röðin komin að Chinese Zodiac, sem verður tekin upp í Kína, Austurríki og í Frakklandi. Chan hefur einnig verið í viðræðum um að leika Hr. Miyagi í endurgerð The Karate Kid frá árinu 1984.

Það er því greinilegt að þessi brosmilda hetja er ekkert á því að fara að slaka á þrátt fyrir að vera við það að rjúfa hundrað mynda-múrinn.

Stutt er síðan kappinn hélt því fram að frelsi væri ekkert endilega gott fyrir Kína, sem er þekkt kommúnistaríki. Ummælin vöktu mikla athygli og var Chan sagður hafa móðgað kínversku þjóðina með orðum sínum. Sjálfur sagði hann að ummælin hefðu verið tekin úr samhengi því hann meinti frelsi í afþreyingariðnaðinum en ekki á meðal kínversku þjóðarinnar í heild sinni.



**JACKIE CHAN** Hasarhetjan snjalla er með sína hundruðustu kvikmynd í bígerð sem nefnist Chinese Zodiac.

## FRUMSÝNDAR MYNDIR

### X-Men Origins: Wolverine



Wolverine lifir einföldu og einangruðu lífi með unnustu sinni þegar Viktor bróðir hans drepur hana. Wolverine leitar hefnda fyrir morðið og örlögin haga því þannig að hann fer í gegnum hið stökkbreytta „vopnakerfi“ sem kallað er X og verður sá hrikalegi og öflugi Wolverine sem við þekkjum úr X-Men-myndunum þremur. Aðalhlutverk: Hugh Jackman, Ryan Reynolds og Liev Schreiber,

Einkunn Imdb.com: 7,1 af 10.
Rottentomatoes.com: 78%.



### New In Town

Rómantísk gamanmynd sem fjallar um hina einhleypu Lucy Hill sem er vel stæður framkvæmdastjóri í Miami. Einn daginn er hún send til Minnesota að vinna við eina af verksmiðjum fyrirtækisins. Þar lendir hún upp á kant við hluta af starfsfólkinu, m.a. freka aðstoðarkonu og þrjóskan trúnaðarmann. Aðalhlutverk: Reene Zellweger og Harry Connick Jr.

Einkunn Imdb.com: 5,2 af 10.
Rottentomatoes.com: 18%.

# Kynþokkafullur úlfamaður

**Ástralski hjartaknúsarinn Hugh Jackman leikur aðalhlutverkið í hasarmyndinni X-Men Origins: Wolverine sem er nýkomin í bíó.**

Hugh Jackman fæddist í Sydney 12. október 1968 og er yngstur í hópi fimm systkina. Þegar skólagangan hófst tók hann virkan þátt í skólaleikritum og fljótlega komu leiklistarhæfileikarnir í ljós. Jackman hóf leikferil sinn árið 1994 með hlutverkum í sjónvarpi og fimm árum síðar fékk hann að spreyta sig á hvíta tjaldinu í myndinni Paperback Hero. Fljótlega var ljóst að hann ætti eftir að ná langt í bransanum og aðeins ári síðar fékk hann sitt fyrsta tækifæri í Hollwood, sem Wolverine í fyrstu X-Men-myndinni. Jackman sló í gegn sem stökkbreyttur og skapstyggur slagsmálahundur með úlfaklærnar að vopni og hefur allar götur síðan getað valið úr hlutverkum í draumaborginni. Auk þess að leika í þremur X-Men-myndum til viðbótar hefur Jackman leikið í myndum á borð við Swordfish, Kate & Leopold, The Prestige og Australia, auk þess sem hann hefur leikið töluvert á sviði, meðal annars í söngleikjunum The Boy From Oz og Oklahoma!. Hann hefur þrívegis verið kynnir á Tony-leikhúsverðlaununum og stutt er síðan hann kynnti sjálf Óskarsverðlaunin í fyrsta sinn.

Jackman hefur alla tíð verið talinn sérlega kynþokkafullur og til marks um það var hann á síðasta ári kjörinn kynþokkafyllsti maður veraldar af bandaríska tímaritinu People. Hann lætur slíkt tal þó ekki stíga sér til höfuðs því hann hefur verið kvæntur í þrettán ár og eiga þau hjónin tvö ættleidd börn.

Eins og von er þykir Jackman orðið afar vænt um Wolverine, enda hafa þeir nú fylgst að í næstum áratug. Í nýju myndinni heldur hann áfram að þróa persónuna og kafa ofan í hugarfylgsni hennar. „Í þessari mynd fylgjumst við með ferðalagi Logan og innri baráttu hans á meðan hann gerir upp fortíð sína,“ sagði Jackman. „Wolverine hefur sérstaka eiginleika og sá helsti er sá að hann er hörkutól.“

### HELSTU KVIKMYNDIR

X-Men Origins: Wolverine (2009)
Australia (2008)
Deception (2008)
X-Men: The Last Stand (2006)
Scoop (2006)
The Prestige (2006)
Van Helsing (2004)
X2 (2003)
Swordfish (2001)
Kate & Leopold (2001)
X-Men (2000)



**HUGH JACKMAN** Ástralinn Hugh Jackman á frumsýningu X-Men Origins: Wolverine í Bandaríkjunum fyrir skömmu. NORDICPHOTOS/GETTY




# Wall Street 2 í bíó

Eftir margra vikna orðróm er orðið ljóst að Oliver Stone muni leikstýra framhaldi Wall Street frá árinu 1987. Shia LaBeouf er einnig í viðræðum um að leika í myndinni á móti Michael Douglas, sem fékk Óskarinn fyrir hlutverk Gordon Gekko í upphaflegu myndinni. Gekko þessi hélt því fram að græðgi væri af hinu góða og reyndi að koma hinum unga og upprennandi Bud Fox (Charlie Sheen) í skilning um það. Framhaldsmyndin, sem nefnist Wall Street 2, fjallar einnig um ungan verðbréfasala á Wall Street og eins og gefur að skilja mun efnhagskreppan og græðgin sem kom henni af stað fléttast rækilega inn í söguþráðinn. Handritshöfundur verður Allan Loeb sem á að baki myndir á borð við 21 og Things We Lost in the Fire.



**MICHAEL DOUGLAS** Douglas ætlar að endurtaka hlutverk sitt sem Gordon Gekko í Wall Street 2.

# Gervais í Flanimals

Þrívíddarteiknimyndin Flanimals, sem er byggð á barnabókum grínistans Ricky Gervais, er í undirbúningi. Gervais mun einnig tala fyrir aðalpersónuna. Handritshöfundur verður Matt Selman sem hefur skrifað fyrir The Simpsons-þættina.

Bækurnar, sem eru fjórar talsins, fjalla um forljótar litlar verur og ævintýri þeirra. Í myndinni fer persóna Gervais, sem er þéttvaxin og fjólublá, í ferðalag til að breyta heiminum til hins betra. „Það verður gaman að leika lítinn, feitan og sveittan vesaling til tilbreytingar,“ sagði Gervais í léttum dúr.



**RICKY GERVAIS** Gervais talar fyrir fjólubláa litla veru í teiknimyndinni Flanimals.

# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM



## 4GB ZEN

**VIDEO OG MP3 SPILARI**

Frábær margmiðlunarspilari frá Creative, ótrúlega lítill og nettur, örsmár á stærð við kreditkort, spilar bæði kvikmyndir, mp3 tónlist og með innbyggt FM útvarp.

- Ótrúlega fyrirferðalítill og nettur
- Spilar MP3, WMA og aðra tónlist
- Spilar WMV, DIVX ofl. kvikmyndir
- 2.5" litaskjár, einstök myndgæði
- Hægt að stækka með SD minnisk.
- Innbyggt útvarp og hljóðnemi
- Rafhlaða endist í allt að 25 tíma

CREATIVE

**19.900**



HDMI 1080i NÆSTA KYNSLÓÐ SJÓNVARPSFLAKKARA

## 500GB

**HDMI EDITION 1080i**

Nýi Argosy HDMI margmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, SCART, RCA, HDTV ofl. tengi

**29.900**

750GB AÐEINS 34.900

Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndbrengl



EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS

## BAKPOKI

**FYRIR 15-17" FARTÖLVUR**

Samsonite Wander er vandaður og níðsterkur fartölvubakpoki hlaðinn aukahólfum frá Samsonite sem er án efa virtasti töskuframleiðandi í heimi.

- Tekur 15" og 17" fartölvur.
- Sérstyrkt og fóðrað fartölvuhólf
- Hlaðin af aukahólfum og möguleikum
- Fóðrað bak, handfang og ólar
- Er einnig frábær skólataska
- Alþjóðleg ábyrgð hjá Samsonite

Samsonite

**9.990**



Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur þá lækkum við okkar verð á staðnum

VERÐ VÖRN

## A300

10S

**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Glæsileg fartölva frá Toshiba með öflugu skjákorti, Harman Kardon hljóðkerfi og vefmyndavél sem þekkir andlit.

- Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz
- 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA TruBrite 8ms skjár
- 256MB ATI HD3470 skjákort HDMI
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

TOSHIBA

**129.900**

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN



## ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning/viðhald netkerfa
- Vírus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

**2.990**

HVER HAFIN KLUKKUSTUND



## 20"LCD BENQ SKJÁR

- 20" LCD 16:9 Cinema skjár
- 40000:1 skerpa frábær gæði
- 5ms viðbragðstími í leikina
- 1600x900 WideScreen
- VGA tengi, svartur á lit
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

BenQ

**26.900**

HVERGI BETRA VERÐ!



VERÐ FRÁ 44.900

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FARTÖLVUM

ÖLL HELSTU MERKIN

ACER • ASUS • TOSHIBA • PACKARD BELL



# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**OPIÐ**

Verslun okkar er opin virka daga frá 10:00-18:30 og Laugardaga frá 11:00-16:00

> HEIÐRUÐ AF HOMMUM OG LESBÍUM

Britney Spears verður heiðruð af hommum og lesbíum á hátíðinni NewNowNext í júní. Á umræddri hátíð eru frægar manneskjur, sem samkynhneigðir líta á sem fyrirmyndir sínar, verðlaunaðar. Hátíðin verður haldin 13. júní og sjálfur RuPaul verður í hlutverki kynnis,



# fólk

folk@frettabladid.is

# Mel Gibson stal senunni á Wolferine

Ástralska kvikmyndastirnið Mel Gibson stal senunni á heimsfrumsýningu Wolferine í Los Angeles þar sem landi hans, Hugh Jackman, leikur aðalhlutverkið. Gibson mætti nefnilega með nýja ástkonu sér við hlið, rússnesku poppdívuna Oksönu Grigioievu. Fjölmiðlar beggja vegna Atlanthafsins hafa velt vöngum yfir ástarmálum leikarans eftir að eiginkona hans til 28 ára, Robyn Gibson, sótti um skilnað frá honum. Þau höfðu þá verið skilin að borð og sæng í þrjú ár, eða síðan Gibson var handtekinn fyrir ölvunarakstur í Malibu. Sú handtaka dró nokkurn dilk á eftir sér því Mel Gibson lét hafa eftir sér niðrandi orð um gyðinga í kjölfarið.

Frumsýningargestir ráku upp stór augu þegar Gibson og Oksana mættu því leikarinn hefur hingað til ekki verið mikið fyrir kastljós fjölmiðla og ekki eru til margar myndir af honum og fyrrum eiginkonunni. Ástkonan var hins vegar klædd í glæsilegan svartan kjól og þótt þau hafi reynt af miklum mætti að halda sig til hlés þá tóku ljósmyndarar strax eftir þeim. Einn sjónarvotta sagði við breska blaðið The Sun að Gibson hefði greinilega liðið mjög vel í nærveru Oksönu, hann hefði verið afslappaður og spáð lítið í það að myndir af þeim tveimur myndu rata á forsíður flestra slúðurblaða. Reiknað er með að skilnaður Mel og Robyn Gibson verði sá dýrasti í sögu Hollywood og ástarævintýri Gibson á vafalítið eftir að setja sitt mark á þann feril.



**SAMAN** Mel Gibson og Oksana mættu prúðbúin til frumsýningar á kvikmyndinni Wolferine en landi Mel, Hugh Jackman, leikur aðalhlutverkið. NORDICPHOTOS/GETTY






**FJÖLGUN Í FJÖLSKYLDUNNI** Broderick og Sarah Jessica Parker eiga von á tvíburum. Leikkonan gengur þó ekki með börnin heldur leigumóðir.

## Eiga von á tvíburum

Sarah Jessica Parker, stjarna Beðmála í borginni, á von á tvíburum með manni sínum, Matthew Broderick. Leikkonan, sem er 44 ára, gengur þó ekki sjálf með börnin tvö heldur leigumóðir. Parker og Broderick eiga saman sex ára gamlan strák og hafa mikið reynt að fjölga mannkyninu en með litlum árangri. Á ýmsu hefur gengið í sambandi þeirra tveggja en þau neituðu meðal annars að tjá sig um orðróm þess efnis að Broderick ætti í ástarsambandi við aðra konu.

Samkvæmt vef People Magazine eru hjónakornin staðráðin í að láta fortíðina ekki skemma fyrir sér heldur eru himinlifandi yfir þeim tíðindum að eiga von á tveimur yndislegum börnum.



**STEFÁN HILMARSSON** Stefán vakti mikla lukku á fyrri tónleikum sínum í Salnum 17. apríl síðastliðinn.

## Styttist í aukatónleika

**Stefán Hilmarsson heldur tónleika í Salnum í Kópavogi föstudaginn 15. maí og hefst miðasala föstudaginn 1. maí á Midi.is. Um aukatónleika er að ræða því eftir að seldist upp á fyrri tónleika hans 17. apríl á skömmum tíma var ákveðið að bæta við tónleikum.**

**Á efnisskránni verða lög sem spanna feril Stefáns undanfarna tvo áratugi, þar á meðal sólólög, Sálarlög, glænýtt efni og lög sem Stefán hefur samið en ekki flutt sjálfur. Honum til aðstoðar á tónleikunum verður fimm manna hljómsveit úrvalsspilara auk þess sem óvæntir gestir koma við sögu.**











## FLOTTUSTU BRJÓSTIN Í HOLLYWOOD

**Scarlett Johansson** hefur fallegustu brjóstin í Hollywood að mati Access Hollywood. Mótleikkona hennar sagði á dögunum að sig langaði mikið til að snerta þau. Skammt á hæla hennar er **Salma Hayek** sem hafnaði í öðru sæti. **Halle Berry** hafnaði í þriðja sæti og **Jessica Simpson** í því fjórða. **Jennifer Love Hewitt** þykir svo vera með fimmtu fallegustu brjóstin í Hollywood um þessar mundir.

# SCARLETT MEÐ BESTU BRJÓSTIN

**Menn finna sér ýmislegt til dundurs á tímum svínaflensu og efnahagshruns. Sjónvarpsþátturinn Access Hollywood efndi nýlega til könnunar um hvaða Hollywood-stjarna skartaði myndarlegasta barminum.**

Ekki var að sökum að spyrja því þúsundir karla og kvenna gáfu álit sitt á vef Access Hollywood og niðurstaðan var einróma: Scarlett Johansson þykir hafa myndarlegustu brjóstin að mati lesenda Access Hollywood. Barmur Scarlett þykir hafa mikið aðdráttarafl og nýverið sagði mótleikkona hennar, Natalie Portman, að hana langaði ákaflega mikið til að koma við þau. „Þau eru gríðarlega falleg," lét Portman hafa eftir sér.

Mexíkóska stjarnan Salma Hayek hefur lengi þótt vera brjóstmyndarlegust allra en varð að horfa á eftir titlinum í hendurnar á Scarlett. Hún varð að gera sér annað sætið að góðu. Í þriðja sætinu var síðan Halle Berry, sem hefur vísað því á bug að hún hafi þegið 150 þúsund dali fyrir að leyfa tökuliði að mynda sig á nærfötunum einum saman í Swordfish. Berry hefur reyndar áður komið fáklædd fram því hún var í fremur efnislitlum sundfötum í Bond-myndinni Die Another Day, sem þótti nú ekki merkilegur pappír á sínum tíma. Söngfuglinn Jessica Simpson hafnaði síðan í fjórða sætinu og Jennifer Love Hewitt var að mati lesenda Access Hollywood með fimmtu fallegustu brjóstin.

# Penn sækir um skilnað

Sean Penn hefur óskað eftir skilnaði frá eiginkonu sinni til þrettán ára, Robin Wright Penn. Þetta er í annað sinn á tveimur árum sem parið fer þessa leið en að þessu sinni virðist leikaranum vera full alvara. Hann ku hafa lagt inn beiðni til dómsyfirvalda og er því málið komið í þar til gerðan farveg.

Mikla athygli vakti á þessu ári þegar Penn tók við Óskarsstyttunni fyrir besta leik í aðalhlutverki að hann þakkaði eiginkonu sinni ekki fyrir sig eins og venja er til. Þetta var olía á eldinn hjá Gróu á Leiti og ekki skánaði ástandið þegar Penn var sagður hafa átt í stuttu ástarsambandi við leikkonuna Natalie Portman. Penn var síðan gripinn glóðvolgur í fyrra með tveimur léttklæddum yngismeyjum á hótelherbergi ansi vel í glasi en þá voru hann og Robin í stuttu sumarleyfi. Síðan þá hefur verið æði stirt milli þeirra hjóna og nú virðast þau loks hafa gefist upp á sambandinu. Sean og Robin eiga tvö börn; átján ára gamla dóttur og fimmtán ára gamlan son.



**SKILIN** Sean Penn og Robin Wright eru að öllum líkindum að skilja eftir þrettán ára hjónaband.



# Íslendingar í borg englanna

**Margt var um manninn í kynningarpartíi fyrir íslenska tónlist sem var haldið í Los Angeles á dögunum. Partíið þótti heppnast einkar vel og mynduðust góð tengsl sem vafalítið eiga eftir að nýtast vel í framtíðinni. Um kokkteilboð var að ræða sem var ætlað að koma íslenskri tónlist að í bandarískum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Gestgjafi var Lanette Phillips, sem var viðstödd ráðstefnuna You Are In Control í Reykjavík síðasta haust.**



**GÓÐUR GESTUR** Eric Dane úr þáttunum Grey´s Anatomy ræðir málin við Sigurjón Sighvatsson í kokkteilboðinu. MYND/SPENCER



Lay Low spilaði í partíinu ásamt hljómsveit og fékk góðar viðtökur.



Tónlistarmaðurinn Atli Örvarsson ásamt Önnu Hildi Hildibrandsdóttur hjá Útón og gestgjafanum Lanette Phillips.



Haukur Heiðar Hauksson, söngvari Diktu, tróð upp einn með kassagítarinn.



Sigurjón Sighvatsson kynnti íslenska tónlist fyrir bandarísku gestunum.



Jónsi í Sigur Rós ásamt Badda í Jeff Who? og kærustu hans Viktoríu Hermannsdóttur.





**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN WOLVERINE D | kl. 3.40 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE LÚXUS D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 3.40 - 5.50 -8 - 10.10 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 - 6 | L |
| FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN | kl. 3.50 | L |
| MALL COP | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| STATE OF PLAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 | L |
| MARLEY AND ME | kl. 10.20 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6.30 - 9 - 11.20 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 8 - 10 | L |
| BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS 17. APRÍL - 4. MAÍ | | |
| SUNSHINE CLEANING | kl. 6 ótextuð | 12 |
| MAN ON WIRE | kl. 6 enskur texti | L |
| TWO LOVERS | kl. 6 ísl. texti | 12 |
| ME AND BOBBY FISHER | kl. 8 ísl. texti | L |
| GOMORRA | kl. 10 ísl. texti | 16 |
| FLASH OF GENIUS | kl. 8 ísl. texti | L |
| HUNGER | kl. 10.20 ótextuð | 14 |

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| 17 AGAIN | kl. 5.50 - 8 | L |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







**LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN ORIGINS:WOLVERINE | kl.5.50,8og10.10-POWER | 14 |
| CRANK 2 HIGH VOLTAGE | kl. 8 og 10 | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.50 | 12 |




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| X MEN | kl. 3:40 - 5:40D - 8D - 10:20D | 16 |
| X MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| NEW IN TOWN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 6 - 8 - 10:20 | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 3:40 | VIP |
| 17 AGAIN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | 12 |
| KNOWING | kl. 10:20 | 12 |
| MONSTERS ALIENS m/ísl. tali | kl. 3:40(3D) | L |
| MONSTERS ALIENS m/ísl. tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| B CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| NEW IN TOWN | kl. 8:10 - 10:20 | L |
| THE UNBORN | kl. 8:20 - 10:20 | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 6D - 10:20D | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6(3D) | L |
| BAADER MEINHOF COMPLEX | kl. 5:40 Síð. sýn. | 16 |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 8 | 16 |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| PUSH | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | 12 |
| FAST & FURIOUS | kl. 10:20 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 8 - 10:20 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 8 | L |
| PUSH | kl. 10:10 | 12 |
| THE BOY IN THE STRIPED PAYJAMAS | kl. 8 | 12 |
| KNOWING | kl. 10:10 | 12 |

SAMbio.is




ESTĒE LAUDER
Gjöfin þín*

Ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 4.500 eða meira í Debenhams dagana 30. apríl – 6. maí.

Gjöfin inniheldur:
Soft Clean Cleanser – 30ml froðuhreinsi,
Advanced Night Repair – viðgerðardropa 7ml
Advanced Night Repair Eye recovery – augnkrem 5ml
High Gloss – litur Pearl
Pleasures – ilmvatn
Fallega bleika snyrtibuddu

*Verðgildi gjafarinnar er 7.900 kr.*
**meðan birgðir endast*



Þú setur hann bara af stað, burstinn sér sjálfur um verkið.
ESTĒE LAUDER kynnir
**Nýtt:** TurboLash
All Effects Motion Mascra

Sjálfknúinn titrandi burstinn þéttir augnhárin, lengir þau, aðskilur og sveigir fallega.
Og gerir þetta allt í einu. Annað eins hefur ekki áður sést.

Sótt hefur verið um einkaleyfi á þessari heimsnýjung í Bandaríkjunum og heim allan.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# RISA
## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU
# MARKAÐUR

## AÐEINS 4 DAGAR EFTIR
Enn meiri verðlækkun!

**YFIR 5000 PÖR AF SKÓM Á 1000 KR.**




## Opnunartími

| | |
|---|---|
| Fimmtudag | 12-18 |
| Föstudag (1. maí) | 12-18 |
| Laugardag | 12-18 |
| Sunnudag (lokadagur) | 12-18 |

**VERÐLÆKKANIR:**

ALLAR ECCO VÖRUR - **4000 kr.**
VAGABOND - **3000 kr.**
LOGO69 - **3000 kr.**
DUFFY - **3000 kr.**
SIX MIX STÍGVÉL - **3000 kr.**
HEELYS HJÓLASKÓR - **3000 kr.**
ALLIR AÐRIR SKÓR - **1000 kr.**

PUMA Kaupfélagið NIKE skór.is
STEINAR WAAGE ecco BLEND CRUSER
adidas VAGABOND SKECHERS RBK

# FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR FJÖLNI 9. SÆTINU SUMARIÐ 2009

## > LYKILMAÐURINN

**Gunnar Már Guðmundson** var orðaður við atvinnumennsku eftir frábært síðasta ár en hann verður áfram í herbúðum Fjölnis sem skiptir liðið gríðarlega miklu máli eftir að hafa þurft að horfa á eftir nokkrum sterkum leikmönnum. „Herra Fjölnir“ var markahæstur í liðinu í fyrra og skoraði þá tíu mörk af miðjunni. Gunnar Már er með mikla yfirferð og gríðarlega sterkur í loftinu auk þess að vera mikill markaskorari án þess að þurfa að spila í fremstu víglínu.



## Höfum misst mikið úr reynslubankanum

Fjölnir leikur nú sitt annað ár í efstu deild karla en síðustu tvö tímabil hafa verið mikið ævintýri fyrir Grafarvogsliðið, sem hefur komist í bikarúrslitaleikinn tvö ár í röð. Fjölnir endaði í sjötta sæti í deildinni í fyrra.

„Það eru töluverðar breytingar hjá okkur og við höfum misst sérstaklega mikið úr reynslubankanum,“ segir Ásmundur Arnarsson.

Pétur Georg Markan, Ólafur Páll Snorrason og Kristján Hauksson fóru allir í Val, Óli Stefán Flóventsson fór út til Noregs, Davíð Þór Rúnarsson fór í Þrótt og Fjölnismenn reikna ekki mikið með Ágústi Gylfasyni í sumar. „Þarna eru ansi mörg ár af reynslu farin,“ segir Ásmundur.

„Við komum með svolítið breytt lið til leiks en reynum engu að síður að byggja ofan á það sem hefur verið í gangi undanfarin ár. Vonandi náðum við að festa liðið í sessi í efstu deild.“

Fjölnir hefur fengið nokkra leikmenn til sín. Jónas Grani Garðarsson er kominn frá FH, Vigfús Arnar Jósepsson kom frá Leikni og tveir uppaldir Blikar, Ragnar Gunnarsson og Ágúst Ágústsson, ætla einnig að spila með Fjölni.

„Undanfarin ár hafa gengið framar vonum og við verðum bara að halda því áfram. Menn eru reynslunni ríkari eftir síðustu tvö ár en heilt yfir erum við með ungan og óreyndan hóp. Fyrir utan síðasta ár eru fáir leikmenn sem hafa verið að spila í efstu deild,“ segir Ásmundur.

„Það er mikið talað um þetta erfiða annað ár fyrir nýliða, þannig að við gerum okkur grein fyrir því að þetta verður strembið hjá okkur. Í grunninn höfum við alltaf viljað gera betur en árið á undan og við gerum það að sjálfsögðu aftur í ár þótt það verði erfitt,“ segir Ásmundur að lokum.



## > X-FAKTORINN

**Jónas Grani Garðarsson** er kominn í Fjölni eftir vonbrigðasumar hja FH þar sem hann fékk lítið að spila. Finni Jónas Grani markaskóna sína frá sumrinu 2007 þegar hann skoraði 13 mörk fyrir Fram þá verða Fjölnismenn í góðum málum.

## AÐRIR LYKILMENN



TÓMAS LEIFSSON



ÞÓRÐUR INGASON



MAGNÚS INGI EINARSSON

## GENGI Á VORMÓTUNUM




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2008 6. sæti í A-deild | 2007 3. sæti í B-deild | 2006 3. sæti í B-deild | 2005 4. sæti í B-deild | 2004 7. sæti í B-deild | 2003 2. sæti í C-deild |







Grétar Ólafur Hjartarson:

## Enn að jafna sig eftir aðgerð

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar verða án framherjans Grétars Ólafs Hjartarsonar í fyrstu umferðum Pepsi-deildarinnar. Grétar fór í aðgerð vegna krossbandaslita hinn 27. nóvember á síðasta ári og er ekki enn farinn að skokka.

„Ég held mikið til í lyftingasalnum og lyfti ásamt því að hjóla. Sem betur fer finnst mér gaman að hjóla,“ sagði Grétar léttur en hann fær að vita í næstu viku hvenær hann getur farið að skokka á nýjan leik.

„Ég er í ágætu líkamlegu formi. Ég er svo heppinn að fitna ekkert heldur léttist ég bara. Ætli ég þurfi ekki að bæta aðeins á mig,“ sagði Grétar, sem bíður spenntur eftir því að reima á sig skóna á nýjan leik.

„Mann er farið að kitla verulega í tærnar að byrja. Vonandi verð ég bara kominn sem fyrst út á völlinn en í dag er einfaldlega ómögulegt að segja hvenær ég verð tilbúinn. Ég þarf því að vera þolinmóður áfram,“ sagði Grétar Ólafur Hjartarson, sem verður mikill styrkur fyrir Grindavík þegar hann verður loksins orðinn heill heilsu. - hbg






**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Emil Hallfreðsson í leiknum gegn Juventus um helgina. Með honum á myndinni eru þeir Alessandro Del Piero og Pavel Nedved. NORDIC PHOTOS/AFP

# Sé ekki eftir Ítalíuförinni

**Emil Hallfreðsson hefur óvænt spilað nokkuð stórt hlutverk í síðustu leikjum Reggina í ítölsku A-deildinni eftir langa fjarveru vegna meiðsla. Hann segir í samtali við Fréttablaðið að hann sjái ekki eftir þeirri ákvörðun að fara til Ítalíu.**

**FÓTBOLTI** Emil Hallfreðsson hefur ekki spilað stórt hlutverk með Reggina í ítölsku úrvalsdeildinni í vetur. Í upphafi mánaðarins hafði hann ekki verið í byrjunarliðinu síðan í lok september á síðasta ári og ekki komið við sögu í einum deildarleik síðan í október.

Hann meiddist svo í febrúar og var frá í einn og hálfan mánuð. En eftir að hann jafnaði sig á meiðslunum vann hann sér strax sæti í byrjunarliðinu og hefur haldið því í þremur leikjum í röð. Hann skoraði sitt fyrsta deildarmark fyrir Reggina um síðustu helgi er hann þrumaði knettinum framhjá Gianluigi Buffon í 2-2 jafnteflisleik gegn Juventus.

„Já, þetta hefur óneitanlega verið svolítið sérstakt,“ segir Emil. „En þetta tímabil hefur samt ekki verið neitt frábært. Það þýðir ekkert að neita því. Ég ætla þó að reyna að ná sem flestum leikjum á lokasprettinum og gera mitt besta.“

Reggina er sem stendur í botnsæti ítölsku úrvalsdeildarinnar og sex stigum frá öruggu sæti þegar fimm leikir eru eftir af tímabilinu. En liðið hefur nú ekki tapað tveimur leikjum í röð og í þeim báðum hefur Emil spilað inni á miðri miðjunni en ekki vinstri kantinum, sem hefur verið hans staða í gegnum tíðina.

Sem fyrr segir fékk Emil fá tækifæri fyrr í vetur og var nálægt því að fara í janúar síðastliðnum. „Ég hélt allan tímann að ég myndi fara eitthvert annað enda komu nokkur tilboð í mig. En svo á síðasta degi félagaskiptagluggans ákvað forseti félagsins hvorki að kaupa leikmenn né selja. Það var óneitanlega svolítið sérstakt þar sem öll lið í kringum okkur í botnbaráttunni voru að styrkja sig. Ég var ekki búinn að fá að spila mikið og hélt að ég væri að fara annað. En svona er bara boltinn. Þetta er bara spurning um að hafa nægilega mikla þolinmæði.“

Fram undan er mikill fallslagur við Bologna á útivelli en fimm stig skilja liðin að. Emil segir að ef Reggina fái ekki þrjú stig um helgina sé það vonlítið að halda sæti sínu í deildinni.

„Þetta er erfitt en við bindum enn vonir við að halda okkur uppi. Þetta verður alger úrslitaleikur á laugardaginn og mikið lagt í undirbúning fyrir hann. Við erum til dæmis í dag (miðvikudag) strax komnir upp á hótel í Bologna eins og um landsliðsferð væri að ræða. Þetta er óneitanlega sérstakt.“

Emil segist þrátt fyrir allt sem á undan er gengið vera ánægður með að hafa farið til Ítalíu.

„Ég er búinn að læra heilan helling af veru minni hér, til að mynda nýtt tungumál. Hér er líka gott að búa og okkur líður vel hér. Tímabilið hefur vissulega ekki verið eins og það átti að vera en stundum ganga hlutirnir einfaldlega ekki upp. Ég get vel séð fyrir mér að vera áfram á Ítalíu og spila jafnvel í B-deildinni ef Reggina fellur í vor,“ segir Emil, sem á tvö ár eftir af samningi sínum.

„En ég bíð með allar ákvarðarnir varðandi framtíðina þar til tímabilinu lýkur.“

eirikur@frettabladid.is



**MARKINU FAGNAÐ** Emil Hallfreðsson fagnar sínu fyrsta marki með Reggina um helgina. NORDIC PHOTOS/AFP




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## ÚRSLIT

### Meistaradeild Evrópu

**Manchester United - Arsenal 1-0**
1-0 John O'Shea (17.).

### N1-deild karla

**Valur - Haukar 32-29 (24-24)**
**Mörk Vals (skot)**: Davíð Ólafsson 8 (9), Elvar Friðriksson 8 (19/1), Arnór Gunnarsson 7/3 (9/3), Hjalti Pálmason 5 (9), Ingvar Árnason 2 (3), Heimir Örn Árnason 2 (10).
**Varin skot**: Ólafur Haukur Gíslason 17 (45/5) 38%.
**Hraðaupphlaup**: 6 (Davíð 3, Elvar, Hjalti, Arnór).
**Fiskuð víti**: 4 (Arnór, Hjalti G., Ingvar, Elvar).
**Utan vallar:** 8 mín.
**Mörk Hauka (skot)**: Sigurbergur Sveinsson 10 (17/1), Gunnar Berg Viktorsson 7/4 (8/4), Andri Stefan 3 (9), Elías Már Halldórsson 3 (5), Arnar Jón Agnarsson 2 (4), Stefán Rafn Sigurmannsson 2 (2), Kári Kristánsson 2 (3).
**Varin skot**: Birkir Ívar Guðmundsson 23/1 (52/1) 44%.
**Hraðaupphlaup**: 6 (Stefán 2, Sigurbergur, Kári, Elías, Gunnar Berg).
**Fiskuð víti**: 6 (Andri 3, Elías, Sigurbergur, Kári).
**Utan vallar**: 14 mín (Arnar rautt fyrir þrjár brottvísanir.)
**Dómarar**: Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson, dæmdu erfiðan leik mjög vel. Eiga að dæma alla leiki í þessari rimmu.
Staðan í einvíginu er jöfn, 1-1.

### Sænska úrvalsdeildin

**GAIS - Hammarby 2-2**
Guðjón Baldvinsson og Eyjólfur Héðinsson komu inn á sem varamenn í liði GAIS. Guðmundur Reynir Gunnarsson og Hallgrímur Jónasson voru ekki í leikmannahópi liðsins.
**AIK - Helsingborg 0-3**
Ólafur Ingi Skúlason lék ekki með Helsingborg.
**Halmstad - Djurgården 3-0**
**Malmö - Gefle 0-0**

### Danska bikarkeppnin

**Álaborg - Bröndby 1-1**
Stefán Gíslason var í byrjunarliði Bröndby. Álaborg vann samanlagt, 4-4, á fleiri mörkum skoruðum á útivelli og mætir FC Kaupmannahöfn í úrslitum bikarkeppninnar.

### Spænska úrvalsdeildin

Ciudad Real - Naturhouse La Rioja 34-23
Ólafur Stefánsson skoraði eitt mark fyrir C.R.



**MEIDDUR** Rio Ferdinand eftir að hann meiddist í gær. NORDIC PHOTOS / AFP

Áfall fyrir Man. United:

## Rio fluttur á sjúkrahús

**FÓTBOLTI Rio Ferdinand var fluttur á sjúkrahús eftir að hann fór af velli í leik Manchester United og Arsenal í Meistaradeild Evrópu í gær. Alex Ferguson, stjóri United, sagði eftir leik að hann væri með brákað rifbein, og að útlitið væri ekki gott.**

**Ferdinand meiddist eftir að Edwin van der Sar, markvörður United, keyrði inn í hann þegar hann reyndi að verjast aukaspyrnu Arsenal í síðari hálfleik.**

**„Vonandi er ekkert brotið. Hann fór í röntgenmyndatöku og þurfum við að bíða og sjá hvað kemur úr því. Þetta lítur ekki vel út í augnablikinu.“**

**Mjög líklegt er að Ferdinand missi af síðari viðureigninni gegn Arsenal í undanúrslitum Meistaradeildarinnar og jafnvel að hann komi ekki meira við sögu það sem eftir lifir tímabilsins.**

**„Ef ekkert er brotið verður hann frá í 2-3 vikur,“ sagði Ferguson.** - esá

# Valsmönnum tókst að verja virkið sitt

**Valsmenn stóðust kröftugt áhlaup Hauka í öðrum leik liðanna í úrslitum Íslandsmótsins í handknattleik. Valsmenn hafa ekki tapað á heimavelli í vetur en þeir þurftu framlengingu til að hrista Haukana af sér.**



**SKOTIÐ AÐ MARKI** Arnór Þór Gunnarsson reynir hér skot að marki Hauka en Birkir Ívar Guðmundsson er til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HANDBOLTI** Haukar áttu ótrúlega endurkomu í Vodafonehöllinni í gær. Skoruðu fimm síðustu mörk venjulegs leiktíma og tryggðu sér framlengingu. Það dugði ekki til því taugar Valsmanna héldu í framlengingu og þeir unnu sigur, 32-29.

Það var talsverð undiralda fyrir leikinn í gær eftir að Kári Kristjánsson hafði rifbeinsbrotið Sigurð Eggertsson í síðasta leik. Kári fékk heldur betur að finna fyrir því á línunni í gær, tekið fast á honum á milli þess sem varnarmenn Vals hvísluðu eflaust einhverju miður góðu að honum hvað eftir annað.

Valsmenn tóku fljótt yfirhöndina í leiknum og þá aðallega vegna þess að þeir spiluðu talsvert betri sóknarleik en Haukar en sóknarleikur Hauka var í molum allan hálfleikinn. Sem betur fer fyrir Hauka fann Birkir Ívar sig vel í Haukamarkinu og hann hélt meisturunum inni í leiknum lengi vel.

Staðan 11-9 í leikhléi fyrir Valsmenn en þeir náðu mest fjögurra marka forskoti í hálfleiknum, 9-5. Síðari hálfleikur spilaðist svipað og sá fyrri og Valsmenn alltaf skrefi, eða tveim, á undan. Valsmenn náðu fimm marka forskoti, 24-19, þegar fáar mínútur voru eftir af leiknum. Héldu þá flestir að leiknum væri lokið en Haukamenn voru því ekki sammála.

Þeir stigu upp, skoruðu fimm mörk í röð og tryggðu sér framlengingu með magnaðri baráttu. Elvar Friðriksson hefði reyndar getað klárað leikinn en hann skaut í stöng úr dauðafæri.

Áhorfendur og spekingar töldu margir að Valsmenn myndu ekki jafna sig eftir þetta áfall en því fór víðs fjarri. Þeir leiddu alla framlenginguna og tryggðu sér sanngjarnan sigur, 32-29. Davíð Ólafsson fór mikinn í horninu og átti magnaðan leik. Ólafur Haukur varði vel og þeir Elvar og Arnór Gunnarsson skoruðu mikilvæg mörk.

Birkir Ívar yfirburðamaður í liði Hauka og hélt þeim lengi vel inn í leiknum með magnaðri markvörslu. Sigurbergur skástur í sókninni en gerði samt sín mistök. Aðrir leikmenn Hauka skiluðu einfaldlega ekki sínu í sóknarleiknum.

„Þetta var naumur sigur og það var algjör óþarfi að setja þennan leik í framlengingu. Það var erfitt að fara inn í klefa fyrir framlenginguna enda allt með Haukunum á þeim tíma,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, hvað sem hann sagði fyrir framlenginguna þá virkaði það.

„Það var virkilega mikilvægt að ná að sigra og ég tala nú ekki um þar sem við náðum ekki hraðaupphlaupunum okkar og annað. Við hefðum að ósekju mátt keyra meira á þá. Við eigum enn þá meira inni og um leið og við fáum það þá verður þetta þægilegra og betra fyrir okkur. Það kom aldrei til greina að fara að væla þó svo við séum í meiðslum og sætta okkur við eitthvað. Við verðum að sækja sigur á Ásvelli sem verður erfitt en við ætlum okkur það,“ sagði Óskar að lokum.

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, var augljóslega ekki sáttur við dómara leiksins og blaðamaður Fréttablaðsins náði í skottið á honum þegar hann hafði eytt nokkrum mínútum með dómurum leiksins í búningsklefa þeirra.

„Við vorum aðeins að ræða málin. Mér fannst vera svolítið ósamræmi og línan ekki eins,“ sagði Aron sem meinaði leikmönnum sínum að ræða um dómgæsluna eftir leikinn. „Það er miklu betra að einbeita sér bara að næsta verkefni. Þetta er búið. Þetta var annars mjög erfiður leikur en ég verð að hrósa mínu liði fyrir að hafa barist svona hetjulega allan leikinn. Það var samt svekkjandi að ná ekki að fylgja því eftir,“ sagði Aron.

henry@frettabladid.is

Manchester United vann 1-0 sigur á Arsenal í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildarinnar:

# Arsenal stöðvaði alla nema John O'Shea

**FÓTBOLTI** Arsenal má þakka fyrir að hafa ekki tapað með meira en eins marks mun fyrir Manchester United á Old Trafford í gær. Liðin áttust við í fyrri viðureign liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær en síðari viðureignin fer fram í Lundúnum í næstu viku.

Írski varnarmaðurinn John O'Shea skoraði eina mark leiksins á sautjándu mínútu. Þá hafði Manuel Almunia, markvörður Arsenal, varið vel frá þeim Carlos Tevez og Wayne Rooney og átti enn eftir að láta til sín taka í síðari hálfleik. En ekki tókst honum að stöðva O'Shea.

United fékk hornspyrnu eftir að Almunia varði vel frá Tevez í dauðafæri. Boltinn barst á Michael Carrick á fjarstöng sem kom boltanum aftur fyrir markið. Þar var O'Shea mættur einn og dauðafrír og þrumaði knettinum í netið.

Hvort markið dugir United nú til að komast í úrslitaleik Meistaradeildarinnar er annað mál en miðað við yfirburði United í fyrri hálfleik hefðu heimamenn sjálfsagt kosið að auka muninn enn frekar.

Almunia varði vel frá Ronaldo í tvígang á sömu mínútunni. Fyrst eftir skalla hans af stuttu færi og svo stuttu síðar eftir skot.

Ronaldo fékk einnig besta færi United í síðari hálfleik sem var heldur rólegri en sá fyrri. Hann lét vaða af löngu færi en boltinn hafnaði í slánni. Almunia stóð grafkyrr á línunni og hefði aldrei átt möguleika á að ná til knattarins.

Ryan Giggs kom inn á sem varamaður í leiknum og lék þar með sinn 800. leik fyrir hönd félagsins. Hann kom knettinum í netið þegar rúmar tíu mínútur voru til leiksloka en var dæmdur rangstæður.

John O'Shea var vitanlega ánægður með sigurinn eftir leik en játti því að þeir hefðu getað skorað fleiri mörk.

„Mögulega miðað við þau færi sem við fengum,“ sagði O'Shea. „Markvörðurinn þeirra varði glæsilega í nokkur skipti og miðað við frammistöðu okkar í fyrri hálfleik hefðum við getað skorað nokkur mörk til viðbótar.“

„En við erum með þetta mark, við héldum hreinu og erum vel hæfir til þess að skora mark á Emirates-leikvanginum. En þessi rimma er pottþétt ekki búin.“

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var ánægður með að sleppa með 1-0 tap.

„Þeir spiluðu vel og voru öflugir í upphafi leiksins,“ sagði Wenger. „Það góða er að við fengum ekki meira en eitt mark á okkur. Við eigum góða möguleika á því að snúa taflinu við á heimavelli.“ - esá



**800 LEIKIR**
Ryan Giggs lék sinn 800. leik með Manchester United í gær – og er alls ekki hættur enn.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**MARKAHETJAN** John O'Shea, Darren Fletcher og Rio Ferdinand fagna marki þess fyrstnefnda í gær. NORDIC PHOTOS / AFP




# 20% afsláttur

## af öllum mat sem þú sækir!*

**Kíktu á matseðilinn á www.rubytuesday.is, hringdu og pantaðu mat fyrir þig og þína.**

**Pöntunarsímar:**
**Skipholti 19 - 552 2211**
**Höfðabakka 9 - 517 3990**

* Gildir ekki með öðrum tilboðum

PIPAR • SÍA • 90688

**RubyTuesday**
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

**Höfðabakka 9 & Skipholti 19**



> **Salma Hayek**

„Sumir karlmenn trúa því að fallegar konur hljóti að vera heimskar, skapvondar og jafnvel líka bilaðar. Ég forðast þannig menn því þeir fara í skapið á mér.“ Hayek leikur í myndinni Ask the Dust sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIGU GÍSLADÓTTUR FINNST GÓÐ SKEMMTUN AÐ HORFA Á VONT SJÓNVARP**

## *Vont sjónvarpsefni eða vanmetið?*



„Að horfa á vont sjónvarpsefni er ekki góð skemmtun.“ Þannig hljómaði auglýsing á vegum Skjá bíós á dögunum sem átti líklega að vísa til þess að margir þættir sem sýndir væru á öðrum rásum (lesist Ríkissjónvarpinu) væru í leiðinlegra lagi. Sett voru upp dæmi um það sem talið var lýsandi fyrir lélega dagskrárgerð og hljómuðu einhvern veginn svona: „Næst á dagskrá er heimildarmynd um Íslandsför þýska ljósmyndarans Harald Schneider sem hann hélt í árið 1979.“ Auk þess: „Kenýsk fjölskyldumynd um afríska drenginn Kumotu sem hleypur daglega í tvo klukkutíma til að komast í skólann,“ Og: „Eftir fréttir verður sýnd írönsk kvikmynd um einfættan hermann sem leitar að tilgangi lífsins.“

Í lok auglýsingarinnar var snögglega klippt á mónótóna dagskrárupplesturinn og yfirmáta hress rödd tilkynnti fólki að ekki væri boðið upp á slíkt arfaleiðinlegt sjónvarpsefni í Skjá bíói, þar væri bara að finna fyrsta flokks bandarískar bíómyndir á borð við Mr. Nanny með Hulk Hogan. Fólkinu á auglýsingastofunni hefur líklega þótt þessi dæmi fyndin með eindæmum, hverjum ætti líka að detta í hug að einhverjum heilvita manni þætti kvikmynd frá Litháen eða Malaví skemmtileg?

Ekki veit ég hvort ég sé orðin svona gömul í hettunni eða bara ekki „inni“, en mér þótti fyrri hluti auglýsinganna alltaf mjög grípandi og hlustaði sérstaklega eftir því hvenær þessar áhugaverðu myndir væru á dagskrá. Þar af leiðir varð ég heldur foj þegar vegið var að mínum „glataða“ smekk í lok auglýsingarinnar.

Ég er allavega verulega að velta fyrir mér að komast að því hvar ég get fengið að nálgast þessa stórmerku heimildarmynd þýska ljósmyndarans, enda örugglega áhugavert að sjá Ísland árið 1979 með augum útlendings.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00 All of Us** SKJÁREINN



▶ **20.30 Big Day** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.50 The Mentalist** STÖÐ 2



▶ **21.35 NBA tilþrif** STÖÐ 2 SPORT



▶ **23.05 Nýgræðingar (Scrubs VI)** SJÓNVARPIÐ

### SJÓNVARPIÐ

**14.20 Úrslitakeppnin í handbolta karla** Sýndur verður leikur sem fram fór kvöldið áður.

**15.50 Kiljan** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hin gleymdu** (e)

**17.45 Sprikla** (5:6)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.25 Meistaradeildin í hestaíþróttum**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.05 Skólahreysti** (Úrslitakeppnin) Bein útsending úr Laugardalshöll þar sem fram fer úrslitakeppni stráka og stelpna í 9. og 10. bekk grunnskólanna í upphífingum, armbeygjum, dýfum og hraðaþraut. Kynnar eru Ásgeir Erlendsson og Greta Mjöll Samúelsdóttir.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

▶**23.05 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst. Aðalhlutverk leika Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.

**23.30 Anna Pihl** (Anna Pihl) (1:10) (e)

**00.15 Kastljós** (e)

### 2 BÍÓ

**08.00 Norbit**

**12.00 Ask the Dust**

**14.00 RV**

**16.00 Norbit**

**18.00 Iron Giant**

**20.00 Ask the Dust** Eldheit Rómantísk spennumynd með Colin Farrel, Salma Hayek og Donald Sutherland í aðalhlutverkum.

**22.00 Edison**

**00.00 Everything Is Illuminated**

**02.00 Trauma**

**04.00 Edison**

**06.00 Yours, Mine and Ours**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Litla risaeðlan og Bratz.

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Project Runway** (8:15)

**11.05 The Amazing Race** (9:13)

**11.50 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (179:260)

**13.25 Wings of Love** (52:120)

**14.10 Wings of Love** (53:120)

**14.55 Ally McBeal** (23:24)

**15.40 Háheimar**

**16.05 A.T.O.M.**

**16.28 Bratz**

**16.48 Litla risaeðlan**

**17.03 Bold and the Beautiful**

**17.28 Nágrannar**

**17.53 Friends** (12:23)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.10 Markaðurinn með Birni Inga**

**19.40 The Simpsons** (4:22)

**20.05 Hell's Kitchen** Íslandsvinurinn og sjónvarpskokkurinn ógurlegi Gordon Ramsey er nú mættur í fjórða sinn og nú svalari en nokkru fyrr.

▶**20.50 The Mentalist** (12:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki síst fyrir það að hafa aflar sér frægðar sem sjónvarpsmiðill.

**21.35 Twenty Four** (14:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.

**22.20 Licence to Kill**

**00.30 Damages** (8:13)

**01.10 Johnson County War** Fyrri hluti

**02.35 Johnson County War** Seinni hluti

**04.00 The Mentalist** (12:23)

**04.45 Friends** (12:23)

**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Man. Utd. - Arsenal** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**08.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**13.00 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Zurich Classic Of New Orleans.

**13.55 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**14.20 Man. Utd. - Arsenal** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**16.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**16.20 Dynamo Kyiv - Shakhtar Donetsk** Bein útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.

**18.30 Werder Bremen - HSV** Bein útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.

**20.35 F1. Við endamarkið** Keppni helgarinnar krufin til mergjar.

**21.05 Pacquiao - Hatton** Hitað upp og sýnt frá undirbúningi fyrir bardagann.

▶**21.35 NBA tilþrif** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**22.05 Werder Bremen - HSV** Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.

**23.45 Dynamo Kyiv - Shakhtar Donetsk** Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.40 Fulham - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.20 West Ham - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.00 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.30 Goals of the Season 2005** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**21.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.

**22.40 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**23.10 Everton - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.10 Nýtt útlit** (7:11) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Nýtt útlit** (7:11) (e)

**12.50 Óstöðvandi tónlist**

**18.10 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.55 The Game** (22:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**19.20 Game Tíví** (13:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

▶**20.00 All of Us** (3:22) Bandarísk gamansería um fráskilin hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd.

**20.30 The Office** (16:19) Stanley lætur Michael heyra það á fundi og hann svarar með því að kenna Stanley lexíu. Dwight ákveður að kaupa bílinn hans Andy og Pam lendir í óvæntum vandræðum eftir að hafa eytt nótt heima hjá Jim.

**21.00 Boston Legal** (9:13) Bandarísk þáttaröð um sérvitra lögfræðinga í Boston.

**21.50 Law & Order. Criminal Intent** (6:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Eiginkona spillts dómara er myrt og grunur fellur á einkaspæjara sem fer ekki alltaf að lögum og hjón sem eiga í harðvítugri skilnaðardeilu.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 America's Next Top Model** (e)

**00.20 Painkiller Jane** (11:22) (e)

**01.10 Óstöðvandi tónlist**

### iNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Gestir þáttarins eru Björn Bjarnason og Óli Björn Kárason. Þeir kryfja málefni Sjálfstæðisflokksins.

**21.00 Óli á Hrauni** Ólafur Hannesson ræðir um stjórnmálin við viðmælendur sína.

**21.30 Íslands safarí** Akeem R. Oppong skoðar stöðu innflytjanda.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


**Láttu ekki sjónvarpsdagskrána svekkja þig!**

**KOMDU Í FERÐALAG Í FRÁBÆRRI KILJU!**

VÖNDUÐ BÓK KVEIKIR MAGNAÐAR MYNDIR

BÆKURNAR ERU PRENTAÐAR Á ÍSLANDI




FORLAGIÐ
www.forlagid.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Hell's Kitchen



Íslandsvinurinn og sjónvarpskokkurinn ógurlegi, Gordon Ramsey, er nú mættur í fjórða sinn og nú svalari en nokkru sinni fyrr. Hann er snillingur í að etja saman efnilegum áhugamönnum um matreiðslu í einstaklega harðri keppni um starf á alvöru veitingahúsi. Ramsey notar auðvitað hvert tækifæri til að niðurlægja og húðskamma keppendur fyrir viðvaningshátt og grátbrosleg mistök í eldamennskunni.

## VIÐ MÆLUM MEÐ
### Boston Legal

**SkjárEinn kl. 21.00**

Bandarísk þáttaröð um sérvitra lögfræðinga í Boston. Í þættinum í kvöld verja Denny Crane og Carl Sack fangavörð sem skaut dauðadæmdan fanga þegar aftakan mistókst og Alan Shore og Shirley Schmidt hjálpa konu sem segist hafa verið rekin fyrir að kjósa John McCain í forsetakosningunum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Smásaga: Elísabet
**15.30** Gullmolar úr hljóðritasafninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Þýðing Heimskringlu fyrir Norðmenn
**23.10** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (178:260)
**16.30 Hollyoaks** (179:260)
**17.00 Seinfeld** (10:22)
**17.30 Big Day** (2:13)
**18.00 Skins** (1:10)
**19.00 Hollyoaks** (178:260)
**19.30 Hollyoaks** (179:260)
**20.00 Seinfeld** (10:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.
▶ **20.30 Big Day** (2:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**21.00 Skins** (1:10) Önnur þáttaröð þessara geysivinsælu en átakanlegu bresku þátta um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
**22.00 Gossip Girl** (13:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**22.45 The Closer** (3:15) Fjórða sería þessara hörkuspennandi lögregluþátta um Brendu Leigh Johnson sem leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Á milli þess að leysa flókin sakamál og sinna viðkvæmu einkalífi sínu, þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.
**23.30 In Treatment** (1:43)
**00.00 Idol stjörnuleit** (10:14)
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder II **14.30** The Weakest Link **15.15** Jonathan Creek **16.05** Jonathan Creek **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder II **19.10** Dalziel and Pascoe **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** Blackadder II **21.20** My Hero **21.50** Dalziel and Pascoe

## DR 1

**11.05** Aftenshowet 2. del **11.30** Mission. Baby **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.40** S, P eller K **13.50** Boogie Update **14.20** S, P eller K **14.30** Mille **15.00** Lloyd i Rummet **15.20** Small Faces **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Min italienske drøm **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Halløj på Wall Street **21.45** Backstage **22.15** Naruto Uncut

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Sirkusliv **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Ut i nærturen **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Sørens ønskestøvler **16.05** Fritt fram **16.35** Suppeopera **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Pakket og klart **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Menneskejegeren **20.20** Folk i farta **20.50** Du skal høre mye ... mer **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Louis Theroux - nervøs i Philadelphia **22.45** Spooks
**23.35** Ekstremvær jukeboks

## SVT 1

**11.05** Andra Avenyn **11.50** Den trojanska kossan **12.15** Fråga doktorn **13.00** Vem tror du att du är? **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Mäklarna **15.25** Mat och grönt på Friland **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Kronprinsessan Mary i Afrika **16.45** Vilse **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Go'kväll valborg **19.00** Draknästet **20.00** Debatt **20.45** Kulturnyheterna **21.00** Uppdrag Granskning **22.00** Packat & klart **22.30** Tonårsliv




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mer oftast ristaða beyglu með hnetusmjöri og appelsínudjús, en ef ég er á hraðferð kaupi ég mér smoothie. Annars finnst mér best að fá ristað brauð með banönum og kakómalt sem mamma gerir alltaf fyrir mig þegar ég er heima.“*

Tinna Bergsdóttir fyrirsæta.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** 2. sæti, **6.** frá, **8.** merki, **9.** dýrahljóð, **11.** skst., **12.** raun, **14.** skýli, **16.** tveir eins, **17.** fiskilína, **18.** umfram, **20.** rykkorn, **21.** sæla.

**LÓÐRÉTT** 1. skordýr, **3.** eftir hádegi, **4.** fugl, **5.** sjáðu, **7.** dráttur, **10.** ar, **13.** holufiskur, **15.** sjá eftir, **16.** þvottur, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** af, **8.** hak, **9.** urr, **11.** no, **12.** reynd, **14.** skáli, **16.** tt, **17.** lóð, **18.** auk, **20.** ar, **21.** unun.

**LÓÐRÉTT: 1.** maur, **3.** eh, **4.** sandlóa, **5.** sko, **7.** frestun, **10.** ryk, **13.** nál, **15.** iðra, **16.** tau, **19.** ku.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ágúst og Lýður Guðmundssynir.
2. Carol van Voorst.
3. Sköllóttir þingmenn eru sjö, allir karlmenn.


9. hver vinnur!

sms - leikur

PRESSAN

www.pressan.is



Hvað er að frétta?

SKEMMTILEGUR LEIKUR FYRIR SNJALLA FRÉTTAHAUKA!

Þú sendir SMS skeytið *JA PRESSAN* á númerið *1900*. Við sendum þér spurningu og þú svarar með því að senda SMS *JA A, B* eða *C* til baka á *1900*. - Þú gætir unnið!



Aðalvinningur
75.000kr gjafabréf frá Iceland Express*
...og svo er fullt af veglegum aukavinningum
s.s bíómiðar, gos, DVD myndir, tölvuleikir og margt fleira
*Aðalvinningar dregnir út úr öllum innsendum skeytum

Iceland Express

Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.
99 kr/skeytið. Þú færð 5.mín til að svara spurningu. Leik líkur 13.maí kl 23:59 2009


# Kínverskur krimmahöfundur til landsins

„Já, þetta eru stórtíðindi. Diane Wei Lang, gullfalleg og bráðgáfuð kínversk kona sem hefur slegið í gegn og hlotið lof frá ekki ómerkari miðlum en Tribune, BBC World Service og Daily Telegraph, kemur til landsins í lok maí,“ segir Atli Bollason, kynningarstjóri Forlagsins. Og það passar. Forlagið hefur einmitt gefið út tvær bækur eftir Liang. „Og nú heiðrar hún íslenska lesendur með nærveru sinni,“ segir Atli – augljóslega mjög spenntur að hitta þennan kínverska glæpasagnahöfund.



**ATLI BOLLASON** Getur vart beðið eftir því að hitta Diane Wei Lang sem hann segir gullfallega og bráðgáfaða kínverska konu.

Undirbúningur fyrir glæpasagnaþing í Reykjavík sem haldið verður dagana 29. til 31. maí stendur nú yfir en helstur umsjónarmanna er Ævar Örn Jósepsson. Forlögin koma þar að en Fréttablaðið hefur þegar greint frá því að á þingið mæti á vegum Uppheima Jo Nesbø, norskur krimmahöfundur sem trónir efst á metsölulistum í sínu heimalandi, Sara Blædel er einnig væntanleg og nú bætist Liang í hópinn.

Diane er höfundur Jaðiaugans og Pappírsfiðrildis, tveggja skáldsagna sem gerast í Peking nútímans með einkaspæjaranum Mei Wang og litla, rauða Mitsubishibílnum hennar í aðalhlutverki. Jaðiaugað kom út á íslensku í fyrra en Pappírsfiðrildi snemma á þessu ári. Að sögn Atla hafa báðar bækurnar gengið vel í íslenska lesendur og staðið lengi á metsölulistunum, en bækurnar marka upphafið að alþjóðlegri spennusagnasyrpu. **- jbg**



**DIANE WEI LANG** Þessi ágæti kínverski spennusagnahöfundur, sem íslenskir lesendur þekkja mæta vel, er væntanlegur til landsins. NORDICPHOTOS/GETTY

**DAVID LYNCH:** KEMUR TIL LANDSINS Á MORGUN MEÐ NÝJA ORKU

# Innhverf íhugun Lynch til bjargar Íslandi í kreppu

„Ég hlakka mikið til, er búinn að vera á leiðinni í yfir tuttugu ár,“ segir kvikmyndaleikstjórinn David Lynch. Hann er væntanlegur til landsins á föstudaginn og hyggst flytja fyrirlestur um innhverfa íhugun, eða transcendental meditation eins og hún kallast á ensku.

Lynch hefur að eigin sögn stundað innhverfa íhugun frá árinu 1973. Á síðari árum hefur hann einbeitt sér að því að kynna þessa hugleiðslutækni fyrir öllum heiminum, flogið heimshornanna á milli og flutt fagnaðarerindið. Heimildarmynd um ferðir hans er í vinnslu og hann útilokar ekki að Íslandsheimsóknin rati þar inn. „Mér skilst að Sigurjón [Sighvatsson] ætli að vera með tökulið og þetta gæti vel ratað inn,“ segir Lynch en þegar Fréttablaðið náði tali af honum var leikstjórinn staddur í París, í óða önn að búa sig undir Íslandsferðina.

Að sögn Lynch getur innhverf íhugun komið Íslendingum að góðum notum í þeirri efnahagskreppu sem nú ríkir, því tæknin eykur möguleika mannskepnunnar á að nýta alla þá orku sem býr innra með henni. „Innhverf íhugun gerir þér kleift að vekja hinn meðvitaða huga til meðvitundar um óendanlega möguleika sína og leysa úr læðingi allan þann kraft sem býr innra með okkur. Í raun má segja að innhverf íhugun hjálpi mannskepnunni að fullnýta alla sína möguleika,“ útskýrir Lynch og bætir því við að samkvæmt kenningunni þurfi aðeins eitt prósent þjóðarinnar að stunda þessa hugleiðslutækni þrisvar á dag til að hún hafi áhrif út á við. „Þar sem þið Íslendingar eruð fámenn þjóð þyrftu því tiltölulega fáir einstaklingar að meðtaka þetta og sinna,“ segir Lynch, sannfærður um að tæknin komi Íslendingum að góðum notum.





**ÆTLAR AÐ HJÁLPA ÍSLENDINGUM** David Lynch er viss um að innhverf íhugun geti komið Íslendingum að góðum notum nú um stundir. Hann heldur fyrirlestur í Háskólabíói á laugardaginn klukkan 14. Þar er ókeypis aðgangur. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikstjórinn er síður en svo eini þekkti einstaklingurinn sem hefur hallað sér að innhverfri íhugun. Hreyfingin er runnin undan rótum gúrúsins Maharishi Mahesh Yogi sem kom með hana til Bretlands árið 1958. Hún vakti heimsathygli þegar Bítlarnir gengu henni á hönd og bæði Paul McCartney og Ringo Starr hafa stutt dyggilega við bakið á Lynch Foundation, sjóð sem er hugsaður til þess að veita henni brautargengi sem víðast. Lynch sagðist ekki hafa hugmynd um hvernig dagskrá sinni væri háttað hér á landi, hún væri þó þéttskipuð og hann var efins um hvort honum tækist að sjá eitthvað fyrir utan borgarmörkin. „En ég reikna fastlega með því að koma hingað aftur,“ segir Lynch.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sveppi og Auddi fá til sín góðan gest í næsta þátt sem er engin önnur en Búlgaríu-bomban **Ásdís Rán**. Hún hefur verið eftirlæti slúðurdálkanna og komast fáar ef nokkrar með tærnar þar sem hún hefur hælana. Verður fróðlegt að fylgjast með rannsóknarsjónvarpsmönnunum knáu rekja úr henni garnirnar.



Meðan Sveppi og Auddi reyna fyrir sér í rannsóknarblaðamennskunni skín stjarna félaga þeirra, **Péturs Jóhanns**, æ skærar. Þannig hefur hann nú sýnt einleik sinn rúmlega fjörutíu sinnum og á þriðjudag náði hann svo þeim áfanga að selja miða númer tíuþúsund. Sem verður að teljast frábær árangur. Sýningin er í Borgarleikhúsinu en 216 sæti eru í salnum.



Oft hefur samkeppnin orðið til að köldu hefur andað milli Stöðvar 2 og RÚV. En nú bregður svo við að afskaplega kærleiksríkur andi er á milli sjónvarpsstöðvanna og það svo mjög að á föstudagsmorgun opna Stöðvar 2-menn dyr sínar fyrir **Jóhönnu Guðrúnu** Eurovision-stjörnu sem ætlar að fá að æfa á Idol-sviðinu.



Bók **Ólafs Arnarsonar**, Sofandi að feigðarósi, þar sem Davíð Oddsson fær það óþvegið, hefur heldur betur slegið í gegn. Bókin er nú uppseld hjá útgefanda og er í endurprentun. Mjög óvenjulegt er að bók rjúki út svo bratt utan jólavertíðar – einkum bók sem fjallar um efnahagsmál og pólitík. **- jbg**



# Fótboltakappi gerist rappari

Fótboltakappinn Daníel Hjaltason stígur fram á sjónarsviðið sem rappari í fyrsta sinn á föstudagskvöld þegar haldnir verða tónleikar á Sódómu Reykjavík undir yfirskriftinni „Verkalýðs-Hiphop“.

Daníel, sem er samningsbundinn Val, kallar sig Jigz þegar kemur að rappinu og er hvergi banginn. „Ég byrjaði að semja rapptexta árið 1992 þegar ég var fjórtán ára. Þá voru Kris Kross mjög heitir,“ segir hann og kímir. Síðan þá hefur rappið verið hans aðaláhugamál ásamt boltanum og hefur hann einmitt sameinað þetta tvennt með því að semja lög um liðsfélaga sína. „Þegar maður fær leið á fótbolta er hægt að fá útrás í þessu og öfugt,“ segir Daníel og telur áhugamálin tvö passa einkar vel saman.

Nýlega tók hann upp sína fyrstu plötu, Lo-Fi Lover, og setti hana á heimasíðu sína án endurgjalds. „Ég hef alltaf verið að taka upp en er tiltölulega nýlega kominn með aðstöðu heim til mín. Ég hef yfirleitt verið að nota græjurnar hjá pabba,“ segir hann og á þar við Hjalta Gunnlaugsson, sem heldur einmitt tónleika í Fíladelfíu 20. maí næstkomandi.

Eins og faðir hans er Daníel ekki óvanur því að syngja opinberlega því fyrir nokkru síðan söng hann með Gospelkór Reykjavíkur á Kristnihátíð við góðar undirtektir. Spurður hvort hann ætli að einbeita sér að rappinu í framtíðinni segir hann: „Ég er í rauninni að taka upp til að hafa gaman af þessu. Mig langar að spila hér og þar og sjá hvað gerist.“



**ÚR BOLTANUM Í RAPPIÐ** Fótboltakappinn stígur fram á sjónarsviðið sem rappari á Sódómu Reykjavík á föstudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Auk Jigz koma fram á tónleikunum á Sódómu flytjendur á borð við Forgotten Lores og BlazRoca og því ljóst að hann verður í öruggum höndum þetta jómfrúarkvöld sitt í rappinu. **- fb**

# OUTLET CENTER FAXAFEN 8

## Signatures Of Nature

ENDORCED FOR YOU

Er nýtt fyrirtæki sem hefur umboð fyrir nýjum snyrtivörum á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að innihaldsefni séu fyrsta flokks. Öll vörumerkin eru 100% náttúruleg og svo önnur lífræn. Við stöndum fyrir því að verð á gæðavöru skili sér til ykkar.

Allt fyrir andlit, líkama og hár
Fyrir konur, menn og börn
Fagleg þjónusta og ráðgjöf

Verð frá 390-2490 kr

***Dæmi***

| | |
|---|---|
| *Handáburður* | 390 kr |
| *Fótakrem* | 690 kr |
| *Facial wash* | 590 kr |
| *Shampoo* | 990 kr |
| *Andlitskrem* | 1290 kr |













Föstudag **1.MAÍ** $12^{00}$ - $17^{00}$
Laugardag $10^{00}$ - $18^{00}$
Sunnudag $12^{00}$ - $17^{00}$

Signatures Of Nature
ENDORCED FOR YOU

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lífið heil

Opið **07** til **01**
Lyfja Lágmúla

www.lyfja.is




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## Lady Gaga

Alveg var mér sama um áhrif ofbeldistölvuleikja og rassadillandi sönggylðra á ungmenni áður en ég eignaðist sjálfur börn. Ég hefði líklega talið það bölvað kerlingavæl ef umræða um þetta hefði orðið á vegi mínum.

**NÚ ER** öldin önnur. Ég er stöðugt á varðbergi fyrir mannskemmandi sulli úr skemmtanaiðnaðinum svo barnæskan verði tær og hrein, ekki ósvipað minni eigin. Eða hvað? Kannski er ég skemmdur fyrir lífstíð af Boney M umslaginu Love for Sale og auðvitað fannst mér gaman að plaffa á stráka í byssó. Púðurreykur úr knallettubyssu er lykt æsku minnar. Auðvitað var alltaf verið að drepa einhverja í fréttunum þá líka, og endalaus spenna á milli stórvelda. Geðveikir menn gátu ýtt á rauða takka hvenær sem var og bæ bæ alheimur.

**Í DAG** höfum við kannski ekki spennu á milli stórvelda til að hræða úr manni líftóruna, en við höfum Geim Tíví. Sonurinn stelst í þáttinn hvenær sem færi gefst og færin eru nokkur því Skjár einn endurtekur þættina í góðmennsku sinni á morgnana, svona innan um barnaefnið á öðrum stöðvum. Kannski er ég óþarflega stressaður yfir þessu. Mér býður bara í grun að springandi hausar, blóðslettur og innyfladreifing sé ekki endilega uppbyggjandi andlegt fóður fyrir fimm ára. Fréttatímar eru auðvitað bannaðir börnum, eða allavega vandlega ritskoðaðir. Maður er nógu stressaður yfir þessu öllu sjálfur þótt maður sé ekki að bögga börnin með þessu líka.

**ÞÓ AÐ** dóttir mín sé ekki orðin tveggja hefur hún eignast uppáhaldssöngkonu, Lady Gaga. Helst er það lagið frábæra Poker Face sem dóttir mín fílar og syngur oft upp úr þurru, „pa pa pa pa pa pa eis“. Mikið vildi ég að Lady Gaga þyrfti ekki að líta út eins og hún ynni hjá Geira í Goldfinger. Væri frekar eins og búttuð bóndastúlka með skuplu eða ein af stelpunum í UVG. Af hverju heldur fólk að það sé ekki hægt að búa til popp án þess að glenna sig endalaust á nærbuxunum?

**Í FJÖLSKYLDUBÍLTÚR** nýlega vorum við á rauðu ljósi á horni Frakkastígs og Hverfisgötu þar sem erótísk nærfatabúð er til húsa. Þegar dóttirin sá erótísku nærbuxnaauglýsingarnar með glennulegu glyðrunum í gluggunum fór hún að syngja Pa pa eis sem óð væri og benti ólm á gluggann. Nýju fötin keisarans hvað?



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er fimmtudagurinn 30. apríl, 120. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.03 | 13.25 | 21.49 |
| Akureyri | 4.36 | 13.10 | 21.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


WWW.BIFROST.IS




HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Betra líf!

Búðu þig undir framtíðina í Háskólanum á Bifröst með hagnýtu og metnaðarfullu námi sem er í nánum tengslum við atvinnulífið. Námsframboð á Bifröst hefur aukist jafnt og þétt, boðið er upp á grunn- og meistaranám á háskólastigi í þremur deildum, nám í frumgreinadeild auk símenntunar á sviði viðskipta og rekstrar.

Háskólasamfélagið á Bifröst er engu líkt! Kynntu þér málið á bifrost.is eða komdu í heimsókn.

FRUMGREINADEILD:
- Staðnám
- Fjarnám

SÍMENNTUN:
- Máttur kvenna
- Diplómanám í verslunarstjórnun
- Rekstur smærri fyrirtækja
- Ýmis námskeið

LAGADEILD:
- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti
- LL.M í evrópskum viðskipta- og félagarétti

FÉLAGSVÍSINDADEILD:
- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði
- BA í alþjóðafræði
- MA í menningarstjórnun
- MA í evrópufræðum

VIÐSKIPTADEILD:
- BS í viðskiptafræði, stað- og fjarnám
- BS in Business Administration
- MS in International Finance and Banking
- MS in International Business
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu
- Opið markaðsnám

ANNAÐ:
- Prisma, diplómanám í samvinnu við LHÍ
- Opið meistaranám í öllum deildum

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY